# FRÉTTABLAÐIÐ

265. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 12. NÓVEMBER 2015




**Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra tók í gær fyrstu skóflustunguna að byggingu sjúkrahótels nýs Landspítala og undirritaði verksamning við byggingafyrirtækið sem annast mun framkvæmdina. Á meðal þeirra sem voru viðstaddir voru fyrrverandi heilbrigðisráðherrar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Samfylkingin mælist undir 10%

**Sjálfstæðisflokkurinn og Píratar eru einu flokkarnir sem mælast með meira en 10 prósenta fylgi í nýrri könnun Fréttablaðsins. Björt framtíð næði ekki inn manni. Formaður Bjartrar framtíðar segir langt til kosninga.**

**STJÓRNMÁL** „Það er nú ennþá dálítið í kosningar en við myndum náttúrulega vilja mælast betur,“ segir Óttar Proppé, formaður Bjartrar framtíðar, um nýja skoðanakönnun Fréttablaðsins. Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunarinnar er Björt framtíð með 2,9 prósenta fylgi og næði ekki inn manni. Niðurstöðurnar eru svipaðar og þegar Fréttablaðið birti síðast könnun í júní.

Samkvæmt niðurstöðum könnunar Fréttablaðsins er Samfylkingin með 8,2 prósenta fylgi en Vinstri grænir og Framsóknarflokkurinn 9,9 prósent. Munur Framsóknarflokksins, VG og Samfylkingarinnar er innan skekkjumarka. Píratar eru enn stærstir með tæplega 36 prósenta fylgi og Sjálfstæðisflokkurinn hefur 29,3 prósenta fylgi.

Könnunin var gerð þannig að hringt var í 1.215 manns þar til náðist í 800 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 10. og 11. nóvember. Svarhlutfallið var 65,8 prósent. Alls tóku 61,1 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. – jhh

**Fylgi flokka**




## Stór fyrirtæki nota ekki krónu

**EFNAHAGSMÁL** Níu af 25 stærstu fyrirtækjum landsins nota íslenska krónu sem uppgjörsmynt. Hin nota evru og dollara, að því er fram kemur í samantekt Vísbendingar.

„Lengi hefur verið vitað að flest íslensk sjávarútvegsfyrirtæki nota evruna í sínum ársreikningum og álfyrirtækin nota Bandaríkjadal. Það sama gildir um nokkur orkufyrirtæki,“ segir í umfjöllun Vísbendingar. „Þessi fyrirtæki velja stöðugleika og lága vexti, en almenningur á ekki þetta val.“

Þá kemur fram að þau fyrirtæki sem gera upp í erlendri mynt sæki almennt ekki í norska krónu eða Kanadadal sem nefnd hafi verið sem valkostir í upptöku erlendrar myntar hér. Flest af þessum 276 fyrirtækjum kjósi að nota evru, eða 125, en þar á eftir komi 113 fyrirtæki sem noti Bandaríkjadal.

– óká / sjá síðu 12

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason spyr hver hirði rentuna. 27

**SPORT** Anna Soffía Víkingsdóttir glímdi við Rondu Rousey. 38-40

**MENNING** Kristín Rúnarsdóttir opnar sýningu í Núllinu í Bankastræti 0. 48

**LÍFIÐ** Hvað er þetta „contouring“? 56-62




**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
- FÓLK
- KRINGLAN

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður



**Suðlæg átt,** yfirleitt fremur hægur vindur. Snjó- eða slydduél sunnan- og vestanlands, Yfirleitt þurrt og bjart um landið norðaustanvert, en léttir til suðaustanlands þegar líður á daginn. Kólnandi veður í kvöld.
SJÁ SÍÐU 44



**Vilhjálmur er verjandi annars hinna grunuðu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kærir Vilhjálm fyrir leka

**LÖGREGLUMÁL** Jóhanna Sigurjónsdóttir, lögmaður tveggja kvenna sem kært hafa tvo karla fyrir kynferðisbrot, mun í dag kæra lögmanninn Vilhjálm H. Vilhjálmsson, sem er verjandi annars sakborninganna í málinu, fyrir að leka trúnaðarupplýsingum í því. Í samtali við mbl.is segir Jóhanna að fyrirhuguð kæra snúist um ummæli sem Vilhjálmur hefur látið falla í fjölmiðlum sem lögmaður annars ákærðu.

Jóhanna hefur sagst óttast að ítarleg umfjöllun í fjölmiðlum um mál kvennanna kunni að hafa spillt fyrir rannsókn málsins. Þá sagði hún engan vafa leika á því að Vilhjálmur hefði brotið gegn starfsskyldum sínum sem verjandi í þessu máli og brotið þar með gegn ákvæðum hegningarlaga, ákvæðum laga um meðferð sakamála, lögum um lögmenn og siðareglum lögmanna.

Vilhjálmur gerir þá kröfu að Jóhanna biðji hann þegar í stað afsökunar. Vilhjálmur hefur lagt fram kæru á hendur stúlkunum sem lögðu fram kærur í nauðgunarmálunum, um rangar sakargiftir. **– ngy**

# Tóku hænuskref í Vesturbænum



**Skila sér alltaf heim** **„Þær rölta oft um hverfið og fara á lóðirnar í kring en skila sér alltaf heim. Það má segja að radíusinn hjá þeim stækki alltaf með hverjum mánuði,“ segir Ólafur Breiðfjörð Finnbogason, eigandi fjögurra hænsna sem fengu sér göngutúr í Vesturbænum í Reykjavík í gær. Ólafur segir þau hjónin hafa átt hænurnar í 5 ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# 40 prósent fara á bílaleigur

**VIÐSKIPTI** Af 15.662 bifreiðum sem hafa verið nýskráðar það sem af er ári eru 6.308, eða 40 prósent, skráðar í notkunarflokkana „bílaleiga“ og „bílaleiga/húsbifreið" samkvæmt tölum frá Samgöngustofu. 8.238 bifreiðar eru skráðar í almenna notkun.

Til samanburðar voru 10.611 bílar nýskráðir allt árið 2014 samkvæmt tölum frá Bílgreinasambandinu og því hefur orðið 50 prósenta aukning milli ára. Dregið hefur úr hlutfalli nýskráninga bíla sem fara á bílaleigur, en árið 2014 voru þeir nærri því helmingur nýskráðra nýrra fólksbifreiða. Því virðist sem almenni bílamarkaðurinn sé að sækja töluvert í sig veðrið. Ef litið er til ársins 2013 má sjá að nýskráningar hafa tvöfaldast en þá voru 7.267 bílar fluttir inn. Þar af voru 3.254 bílaleigubílar, eða um 46 prósent allra innfluttra bíla. **– sg**

# Skráðir fyrir ávísunum án eigin vitundar

**Læknar hafa látið Embætti landlæknis vita af lyfjaávísunum ávanabindandi lyfja sem þeir vissu ekki af. Aukið gagnsæi minnkar hættu á misnotkun.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Borið hefur á því að læknar séu skráðir fyrir vélskömmtun lyfja án þess að þeir viti af því en einnig að einstaklingar fái ávísað sömu lyfjum í stökum ávísunum á sama tíma og þeir fá skammtað. Um er að ræða lyf úr öllum flokkum en Embætti landlæknis hefur mest verið að gera athugasemdir varðandi ávanabindandi lyf. Stutt er síðan vélskömmtun lyfja fór að berast í nýja lyfjagagnagrunninn. „Nú geta læknar sjálfir séð skammtanir og nafn þess læknis sem stendur fyrir þeim. Læknar hafa haft samband við Embætti landlæknis til að breyta skömmtunum eða fella skömmtunarseðla niður því enn er það þannig að læknar sjá ekki í hvaða apóteki ávísanir eru leystar út,“ segir Ólafur B. Einarsson hjá Embætti landlæknis.

„Þetta eru fyrst og fremst ávanabindandi lyf sem um ræðir en margir einstaklingar sækja stíft í slík lyf. Við bindum miklar vonir við það að aðgangur lækna að lyfjagagnagrunni komi til með að minnka misnotkun á þessum lyfjum. Þá er búið að sameina sjúkraskrárkerfi milli starfsstöðva lækna þannig að upplýsingaaðgengi lækna er orðið mun betra. Við höfum trú á því að þetta muni hafa jákvæð áhrif en það gerist hægt.“

Ein afleiðing af auknum upplýsingum hjá læknum er að lyfjagjöf til einstaklinga er hafnað. Þetta birtist meðal annars í því að einstaklingar í fíknivanda reyna að komast yfir þessi lyf með því að villa á sér heimildir og biðja um lyfjaávísun frá lækni eða reyna að leysa út lyf úr apótekum á nafni annarra. Dæmi eru um að slíkar falsanir hafi viðgengist mánuðum saman þegar einstaklingarnir sjálfir eða starfsfólk apóteka hefur komið upp um þær fyrir tilviljun. Það er möguleiki að slíkar falsanir viðgangist og ekki hafi komist upp um þær. „Hluti vandans er sá að það getur verið erfitt að sannreyna hvort það sé réttur aðili sem hringir og biður um lyfjaávísun t.d. á heilsugæslu,“ segir Ólafur. Stöðugt fleiri læknar nota lyfjagagnagrunn landlæknis, í september 2014 var fjöldinn 412 en í september 2015 867 læknar. Aðgengi þeirra að lyfjagagnagrunninum hefur aukið öryggi ávísana að sögn Ólafs.

Hann segir þó bestu leiðina til að koma í veg fyrir misnotkun að skrifa ekki út ávanabindandi lyf án þess að hitta sjúklinginn. „Best er að læknar hitti einstaklingana í eigin persónu og ræði við þá um lyfjanotkunina.“

kristjanabjorg@frettabladid.is




**Ólafur segir gagnsæi í lyfjagrunninum minnka hættu á misnotkun en best sé að læknar ávísi ekki ávanabindandi lyfjum án þess að hitta sjúklinginn.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Við bindum miklar vonir við það að aðgangur lækna að lyfjagagnagrunni komi til með að minnka misnotkun á þessum lyfjum.**
>
> Ólafur B. Einarsson
> hjá Embætti landlæknis



HÚSASMIÐJAN

blómaval

FROST

# SAMTENGJANLEGAR
## LED SERÍUR, MARGIR LITIR

Samtengjanlegar LED seríur sem þola íslenskt veður og henta fyrir heimili, fyrirtæki og bæjarfélög.

FROST seríurnar fást eingöngu í Húsasmiðjunni.

Samtengjanlegar í allt að 2000 ljós!
4 litir: hlý hvít, köld hvít, rauð og marglit.

FROST 100 LED

33% afsláttur

**3.990kr**
~~5.990kr~~
SAMTENGJANLEGAR LED ÚTISERÍUR
100 LED

# SERÍUR

Allt að 40% afsláttur

## Ótrúlegt úrval af LED seríum á lægra verði

**990kr**
~~1.990kr~~
**LED úti og innisería**
Úti og inni, 40 LED.
hlý hvít

FROST
**5.990 kr**
FRÁBÆRT VERÐ
**Seríunet úti og inni**
Úti og inni, 160 LED, 2 x 1 m, einnig til hvít
með hvítri snúru, 3 litir: hvít, rauð og marglit

FROST
**Papaya LED útisería, 20 ljósa 5 m**
Samtengjanleg
4 litir: hlý hvít, köld hvít, rauð, marglit
**7.990 kr**
FRÁBÆRT VERÐ
SAMTENGJANLEGAR

FROST
**1.990 kr**
FRÁBÆRT VERÐ
**LED úti og innisería**
40 LED, 3 litir: hvít, rauð, marglit
Græn snúra hentar vel fyrir jólatré

FROST
**599kr**
~~799kr~~
25% afsláttur
**LED innisería**
20 LED, 3 litir: hvít, rauð, marglit
Til með snúru eða rafhlöðu

FROST
**6.990kr**
~~8.990kr~~
33% afsláttur
**Samtengjanleg LED útiseríunet**
Samtengjanleg, 120 LED, 2 x 2 m
4 litir: hlý hvít, köld hvít, rauð, marglit
14500300-3
SAMTENGJANLEGAR

FROST
**1.590 kr**
FULLT VERÐ: 1.990
20% afsláttur
**Frostrós**
Inniljós
hvít, rauð, marglit
2703001, 2703039-40

FROST
**2.990 kr**
VERÐ FRÁ
**Útiljós stjarna LED**
Samtengjanleg,3 stærðir, 30, 55 og 80 cm, 2 litir: hvít og rauð
SAMTENGJANLEGAR

FROST
**7.990 kr**
FRÁBÆRT VERÐ
**Samtengjanleg útigrýlukerti**
Samtengjanleg, 120 LED, 4,5 m x 0,5 m
2 litir: hlý hvít, köld hvít
SAMTENGJANLEGAR

SIRIUS
30% afsláttur
**5.990kr**
~~8.490kr~~
**Oskar, LED**
10 ljósa sería samtengjanleg allt að 10 seríur sem gera 100 LED ljós.

**999 kr**
FULLT VERÐ: 1.490
33% afsláttur
**Rafhlöðusería LED hjörtu**
10 ljósa, silfurlit
14500505

**Rafhlöðusería LED**
10 ljósa, rauð eða hvít
14500500-501
**1.990 kr**
FULLT VERÐ: 2.990
33% afsláttur

40% afsláttur
**1.199kr**
~~1.990kr~~
**Aðventuljós**
7 arma, 4 litir.
14500400-403

**Tilboð gilda til 15. nóvember á meðan birgðir endast.** Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

# Tapið af afhentri raforku gæti lýst upp 75 þúsund heimili

**ORKUMÁL** Landsnet hefur samið við HS Orku, Landsvirkjun og Orku náttúrunnar um kaup á 347 gígavattstundum (GWst) af rafmagni til að mæta flutningstapi í raforkukerfinu árið 2016. Það er um 90% þeirrar orku sem Landsnet áætlar að þurfi til að mæta flutningstöpum ársins. Heildarkostnaður Landsnets vegna samninganna er tæplega 1,6 milljarðar króna.

Tilboð bárust frá þremur bjóðendum í opnu útboði; HS Orku, Landsvirkjun og Orku náttúrunnar.

Hækkunin er 18% milli ára en meðalverðið á kílóvattstund (kWst) í útboðinu nú var 4,48 krónur, samanborið við 3,8 krónur á kWst í útboðinu haustið 2014. Hlutfall tapa af afhentri raforku frá flutningskerfinu var 2,1% árið 2015, eða 361 GWst, og samsvarar það raforkunotkun um 75.000 heimila sem ekki eru rafhituð. Áætlað er að hlutfall tapa á næsta ári verði um 2,2%.

Í tilkynningu frá Landsneti segir að töp í flutningskerfinu hafi farið vaxandi á undanförnum árum. Helsta ástæðan fyrir þeirri þróun sé að flutningur eftir byggðalínunni hefur verið í eða yfir flutningsmörkum. „Styrking flutningskerfisins mun leiða til ábyrgari meðferðar orkunnar, betri orkunýtingar og þar með bæta orkumarkað. Styrkingin ætti einnig að minnka kolefnisspor Landsnets því flutningstöp valda töluverðri óbeinni losun gróðurhúsalofttegunda hjá fyrirtækinu.“ – **shá**

**4,48**

**krónur var meðalverð á kílóvattstund í útboðinu.**



**Uppbygging flutningskerfis raforku myndi bæta nýtingu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fer á viðeigandi stofnun

**LÖGREGLUMÁL** Maður sem grunaður er um að hafa orðið öðrum að bana í búsetukjarna geðfatlaðra við Miklubraut þann 22. október verður vistaður á viðeigandi stofnun til 3. desember að kröfu lögreglu. Maðurinn var úrskurðaður í tveggja vikna gæsluvarðhald en það rann út í liðinni viku.

Að sögn Friðriks Smára Björgvinssonar yfirlögregluþjóns lagði lögregla strax fram kröfu um að fram færi geðrannsókn og sakhæfismat á manninum. Niðurstaðan var þess eðlis að lögregla fór fram á að hann yrði vistaður á viðeigandi stofnun. Dómari féllst á það. Friðrik segir að rannsókn málsins sé í fullum gangi og henni miði vel.

Báðir bjuggu mennirnir í búsetukjarnanum. - **skh**



**Perla sökk í Reykjavíkurhöfn þann 2. nóvember síðastliðinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Aðgerðaáætlun vegna Perlu

**BJÖRGUN** Gert er ráð fyrir því að aðgerðaáætlun til að ná upp sanddæluskipinu Perlu verði lögð fram í dag. Þar mun meðal annars verða ákveðið hvenær hafist verði handa um dælingu á ný og frekari aðgerðir við skipið. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Gísla Gíslasyni, hafnarstjóra Faxaflóahafna, um stöðuna á björgunaraðgerðum.

Perla sökk í Reykjavíkurhöfn þann 2. nóvember síðastliðinn og hefur legið á hafsbotni síðan. Tilraunir til að koma Perlu á flot hafa engan árangur borið. Skipið hefur verið vaktað og fylgst hefur verið með því að engin mengun berist frá skipinu. – **ngy**

# Gæsluvarðhaldsúrskurðir misalgengir eftir málaflokkum

**Þröng skilyrði eru um heimild til að setja fólk í gæsluvarðhald. Ísland notar einangrunarvist langtum meira en hin Norðurlöndin. Alvarleiki verknaðarins þarf ekki að réttlæta gæsluvarðhald segir dósent í lögum.**

**LÖGREGLUMÁL** „Verknaður, jafnvel þó að hann sé alvarlegur og geti varðað þungri refsingu, þarf ekki að þýða að það réttlæti gæsluvarðhald,“ segir Svala Ísfeld Ólafsdóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Í lögum um meðferð sakamála segir að til að hneppa einstakling í gæsluvarðhald þurfi rökstuddan grun um saknæmt athæfi en einnig að eitthvað bendi til þess að sakborningur muni torvelda rannsókn málsins.

Krafa um gæsluvarðhald er mjög ólík eftir málaflokkum, þannig fer lögreglan gjarnan fram á gæsluvarðhald vegna innflutnings fíkniefna en það er nærri óþekkt að farið sé fram á gæsluvarðhald vegna umferðarlagabrots. Í manndrápsmálum er nærri alltaf farið fram á gæsluvarðhald þar til dómur fellur.

„Það er hegðun sem gengur svo langt að það er ekki talið réttlætanlegt annað en að beita gæsluvarðhaldi til þess að skoða hvernig geðheilbrigði viðkomandi er háttað. Í raun og veru er algjör sérstaða með manndrápsmálin,“ segir Svala.

Hún segir að einkenni kynferðisbrota sé að kæra berist löngu eftir að verknaður hefur verið framinn, þó það sé ekki algilt. Þá þjóni engum tilgangi að beita gæsluvarðhaldi því ekki þurfi til dæmis að tryggja vettvang glæpsins.

„Gæsluvarðhald þarf að skoða algjörlega sjálfstætt í hverju tilviki fyrir sig. Ef ekki er talin stafa hætta af manni, hann hefur til dæmis játað og málið er þannig séð að mestu leyti upplýst þá er ekki talin ástæða til að beita gæsluvarðhaldi. Þannig að gæsluvarðhald, handtaka og refsidómur lýtur allt ólíkum skilyrðum og ólíkum forsendum.“

**Meirihluti gæsluvarðhaldsfanga situr í einangrun**




**64,3%**

**gæsluvarðhaldsfanga á Íslandi árið 2013 voru höfð í einangrun. Á sama tíma var 1% gæsluvarðhaldsfanga í Danmörku í einangrun.**

**Gæsluvarðhald þarf að skoða algjörlega sjálfstætt í hverju tilviki fyrir sig.**

Svala Ísfeld Ólafsdóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík



Þegar smygl á fíkniefnum er annars vegar er aftur á móti mikil hætta á að sönnunargögn fari forgörðum. „Það þarf að koma í veg fyrir að sá sem grunaður er um að hafa framið brot af því tagi geti sett sig í samband við þá sem standa að því með honum. Það er sjaldnast einn maður frá upphafi til enda í því broti á meðan það er oftast einn maður frá upphafi til enda í kynferðisbroti.“

**snaeros@frettabladid.is**






## Rannsókn á leka ekki lokið

**SAMFÉLAG** Útlendingastofnun hefur ekki gefið Landspítalanum upplýsingar um hvaða starfsmaður lak trúnaðarupplýsingum um víetnömsk hjón til stofnunarinnar. Eins og áður hefur verið greint frá herma heimildir Fréttablaðsins að um félagsráðgjafa á spítalanum sé að ræða.

Hjónin nýttu sér þjónustu á Landspítalanum á meðgöngu og við fæðingu dóttur sinnar. Þau þurftu að tala við félagsráðgjafa til að útskýra stöðu sína hér á landi en konan var ekki með landvistarleyfi þó eiginmaður hennar hefði varanlegt landvistarleyfi hér á landi.

Útlendingastofnun fór fram á að lögregla rannsakaði hvort um málamyndahjúskap væri að ræða. Beiðni sinni til rökstuðnings sagðist hún hafa upplýsingar frá Landspítalanum um að konan væri barnaleg og ung en maður hennar óframfærinn.

Lögmaður hjónanna hefur kært leka Landspítalans til Persónuverndar og hefur kvörtun frá Persónuvernd nú þegar borist Landspítalanum. Spítalinn hefur ítrekað óskað eftir upplýsingum frá Útlendingastofnun um hvaða starfsmaður spítalans á að hafa hringt í stofnunina með þessar upplýsingar en án árangurs. – **snæ**



**Hao Van Do og Thi Thuy Nguyen nýttu sér þjónustu Landspítalans við fæðingu dóttur sinnar, Söndru.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

markhönnun ehf

# netto

# DANSKIR DAGAR




**50% AFSLÁTTUR**

BAYONNESKINKA
VERÐ ÁÐUR ~~1.996 KR/KG~~
**998 KR/KG**




**39% AFSLÁTTUR**

HAMBORGARHRYGGUR
VERÐ ÁÐUR ~~1.798 KR/KG~~
**1.097 KR/KG**



**25% AFSLÁTTUR**

FERSKT LAMBA PRIME
VERÐ ÁÐUR ~~3.998 KR/KG~~
**2.999 KR/KG**



GRÍSALUNDIR
VERÐ ÁÐUR ~~1.998 KR/KG~~
**1.399 KR/KG**

**30% AFSLÁTTUR**



**40% AFSLÁTTUR**

FERSKUR GRÍSABÓGUR
VERÐ ÁÐUR ~~829 KR/KG~~
**497 KR/KG**




ANANAS DEL MONTE
VERÐ ÁÐUR ~~389 KR/KG~~
**195 KR/KG**

**50% AFSLÁTTUR**




ANTON BERG STANGIR
**149 KR/STK**




MERRILD KAFFI
500 G
VERÐ ÁÐUR ~~729 KR/PK~~
**699 KR/PK**




**10% AFSLÁTTUR**

**KIMS SNAKK**




JOLLY COLA
33 CL
**99 KR/STK**

**Tilboðin gilda 5. – 15. nóvember 2015**

**netto.is** | Mjódd · Salavegur · Búðakór· Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

# ESA segir skattinn ólöglegan

**STJÓRNSÝSLA** Íslenskar skattareglur sem segja til um að leggja eigi tafarlausan skatt á óinnleystan hagnað íslenskra félaga og hluthafa við tilfærslu þeirra frá Íslandi til annars EES-ríkis eru ekki í samræmi við EES-samninginn. Þetta kemur fram í nýju rökstuddu áliti Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Rökstutt álit er annað skrefið í meðferð samningsbrotamáls. Hafi íslensk stjórnvöld ekki brugðist við innan tveggja mánaða getur ESA vísað málinu til EFTA-dómstólsins.

Álit ESA er að krafa um tafarlausa greiðslu skattfjárhæðar, jafnvel þó hagnaðurinn hafi aldrei verið innleystur og án þess að fyrirtækjum sé boðið að fresta greiðslunni, sé í andstöðu við EES-samninginn.

„ESA er einnig þeirrar skoðunar að íslenskar skattareglur brjóti í bága við stofnsetningarréttinn þar sem þær mæla fyrir um að félag, sem fengið hefur frest á greiðslu skattskuldar við millilandasamruna, skuli leggja fram bankatryggingu fyrir skattfjárhæðinni ef hin frestaða fjárhæð er umfram 50 milljónir.“

Í tilkynningu sem ESA birti í gær segir að það sé mat eftirlitsstofnunarinnar að stjórnvöldum sé einungis heimilt að grípa til slíkra ráðstafana svo framarlega sem raunveruleg og sannanleg hætta sé á því að skattkrafan innheimtist ekki. – óká

# Á þurru landi



Vatnsmagnið í ánni Rín hefur ekki verið minna í 40 ár, eða allt frá árinu 1976, og margir bátanna eru hreinlega á þurru landi. Hollenskir skipaútgerðarmenn þurfa að fylgjast vel með gangi mála. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



# Undrast orðaval þingmanns um Símann

**ALÞINGI** Þörf er á þjóðarsókn gegn spillingu, sagði Ásmundur Friðriksson þingmaður í ræðu í gær. Hvatti hann þjóðina til að hætta viðskiptum við Símann. Tilefnið var sala hlutabréfa í Símanum í þegar vildarvinir Arion banka fengu að kaupa hluti áður en almennt útboð fór fram. Upplýsingafulltrúi Símans undrast orðaval þingmannsins.

Ásmundi misbýður það fyrirkomulag sem viðhaft var við sölu bréfa bankans í fyrirtækinu. Kallaði hann það illa fengið fé og hvatti einstaklinga til að skila ránsfengnum, eins og hann orðaði það. „Skítastuðullinn er kominn upp í öll rjáfur eins og hann var hér fyrir hrun,“ sagði þingmaðurinn. „Ég hvet þingið til að hætta viðskiptum við þetta fyrirtæki. Það ætla ég að gera og ég hvet þjóðina til þess að segja upp viðskiptum við þetta fyrirtæki.“

Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, bendir á að starfsfólk Símans hafi það að markmiði að veita framúrskarandi þjónustu á fjarskiptamarkaði. Þar fari stolt starfsfólk sem standi sig vel. Hafa beri í huga að Síminn sé í meirihlutaeigu lífeyrissjóða landsins. Hvernig Arion banki seldi meginþorra hlutar síns í fyrirtækinu hafi verið hans ákvörðun.

„Það er umhugsunarvert að þingmaður beiti því valdi sem hann hefur til þess að hvetja fólk til að hverfa frá viðskiptum við þetta fyrirtæki í von um að skaða framtíð þess. Það er dapurlegt að hugsa til þess að hafi orð hans áhrif skerðist ekki aðeins hagur lífeyrissjóða í eigu landsmanna heldur einnig þeirra 800 starfsmanna sem vinna hjá samstæðunni og fjölskyldna þeirra.“

Sala til viðskiptavina var liður í því að minnka hlut bankans fyrir útboðið, ekki með því að veita viðskiptavinum afslátt af verðinu heldur með því að gefa þeim kost á að kaupa nokkru stærri hlut en ella. – sa

> **Skítastuðullinn er kominn upp í öll rjáfur eins og hann var hér fyrir hrun,**
>
> Ásmundur Friðriksson, alþingismaður

> **Það er umhugsunarvert að þingmaður beiti því valdi sem hann hefur til þess að hvetja fólk til að hverfa frá viðskiptum.**
>
> Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans



# Telur kærunefnd sitja báðum megin borðs

**Hælisleitendur fá ekki að vera á landinu á meðan mál þeirra er rekið fyrir dómi. Sama nefnd staðfesti synjun um hæli og hafnaði beiðni um frestun réttaráhrifa.**

**STJÓRNSÝSLA** Lögmaður hælisleitanda gagnrýnir að Kærunefnd útlendingamála skuli sjálf skera úr um áfrýjun mála sem hún hefur haft áður til umfjöllunar.

Umbjóðandi Katrínar Theódórsdóttur, Kheira, og níu ára sonur hennar, komu frá Alsír með viðkomu í Frakklandi. Þau sóttu um hæli á Íslandi en voru send til Frakklands á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar. Mæðginin gengu um götur Parísar í viku og fengu ekki húsnæði eða aðstoð.

„Lögreglan tók á móti okkur og sagði að til þess að fá aðstoð þyrftum við að finna okkur húsnæði. Ég fékk hvergi inni. Við sváfum á götunni og gengum um. Barnið grét af þreytu og ótta,“ segir Kheira.

Kheira ákvað þá að sækja um hæli á Íslandi aftur. En samkvæmt úrskurði Kærunefndar útlendingamála átti að senda þau til Frakklands á ný. Kheira ákvað þá að fara með málið fyrir dómstóla, sótti um flýtimeðferð og lagði inn beiðni um frestun réttaráhrifa. Það þýðir að fá að vera á landinu á meðan mál hennar er rekið fyrir dómi.

„Beiðnin fór fyrir Kærunefndina, sömu nefnd og hafði staðfest synjun Útlendingastofnunar,“ segir Katrín. „Í fyrsta lagi er óeðlilegt að nefndin skuli taka sama málið tvisvar fyrir. Í öðru lagi finnst mér fráleitt að aðila sé ekki gefinn kostur á að gæta sinna hagsmuna fyrir dómi.“

Katrín bendir á að í hælismálum sé trúverðugleiki umsækjenda meðal helstu sönnunargagna í málsmeðferð. „Gerir nefndin ráð fyrir að fólk sé svo fjáð að það geti ferðast milli landa til að mæta fyrir rétti? Þessi málsmeðferð byggir á framburði hennar um aðstæður í Frakklandi, en það er vitað að móttaka hælisleitenda þar er fyrir neðan allar hellur og hér er um barn að ræða.“

Katrín bætir við að einnig sé gagnrýnivert að mál Kheiru sé ekki einu sinni tekið til umfjöllunar þar sem hún hafi reynt að fara til upprunalandsins en hrakist þaðan aftur. „Heimild er fyrir slíku í Dyflinnarreglugerðinni og aðrar þjóðir hafa gert undanþágur, en aldrei Ísland.“

erlabjorg@frettabladid.is



Kheira og Riad, níu ára sonur hennar, segja aðstæður hælisleitenda í Frakklandi vera skelfilegar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Kheira og níu ára sonur hennar komu til Íslands frá Alsír með viðkomu í Frakklandi. Þau voru send aftur til baka á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar.**

## Dyflinnarreglugerðin

Schengen-samkomulagið gekk í gildi 25. mars 2001. Þá var Dyflinnarreglugerðin tekin upp. Hún kveður á um hvaða ríki beri að taka við afgreiðslu hælisumsóknar. Rauði krossinn lýsir reglugerðinni þannig að þótt umsækjandi sæki um hæli á Íslandi geti komið í ljós að annað ríki beri ábyrgð á umsókninni og hann verði sendur til þess ríkis, sem ber þá að fjalla um umsóknina. Reglugerðin skyldi þó ekki ríki til að senda hælisleitendur, sem eiga eða hafa átt umsókn í öðru aðildarríki reglugerðarinnar, til baka heldur er ríkjum heimilt að taka slíka hælisumsókn til efnislegrar meðferðar í samræmi við mannúðarákvæði hennar.

# TAX FREE DAGAR



AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF **SNYRTIVÖRUM, LEIKFÖNGUM, BÚSÁHÖLDUM, JÓLASKRAUTI, GJAFAVÖRU OG GARNI**
DAGANA 12.-16. NÓVEMBER

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á

**bilaland.is**

ALLT AÐ 90%
FJÁRMÖGNUN




RANGE ROVER SPORT HSE
Nýskr. 2007, ekinn 89 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 282923.

Glæsilegur bíll
**6.590 þús.**



BMW 525 xDrive 4x4
Nýskr. 2008, ekinn 101 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
**VERÐ kr. 4.390 þús.**
Rnr. 131761.



NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 2003, ekinn 84 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**VERÐ kr. 6.250 þús.**
Rnr. 191910.



RENAULT MEGANE SP TOURER
Nýskr. 2013, ekinn 27 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**VERÐ kr. 3.090 þús.**
Rnr. 143068.



RENAULT CLIO EXPRESSION
Nýskr. 2015, ekinn 34 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
**VERÐ kr. 2.890 þús.**
Rnr. 120832.



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 2014, ekinn 87 þús. km.
dísil, beinskiptur.
**VERÐ kr. 3.570 þús.**
Rnr. 120806.



KIA SORENTO
Nýskr. 2012, ekinn 62 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
**VERÐ kr. 5.290 þús.**
Rnr. 310119.

bílaland

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is




# Fyrirtækin velja stöðuga og lága vexti

**Af 25 stærstu fyrirtækjum landsins gera níu upp í íslenskum krónum. Hin gera upp í evrum eða dal. Hlutfall krónufyrirtækja í veltu fyrirtækjanna allra er 23 prósent. Fyrirtækin geta valið milli evru eða krónu en ekki almenningur.**

**EFNAHAGSMÁL** Einungis níu af tuttugu og fimm stærstu fyrirtækjum landsins notast við krónu sem uppgjörsmynt. Ellefu styðjast við Bandaríkjadal og fimm gera upp í evrum, samkvæmt samantekt í nýjasta hefti efnahagsritsins Vísbendingar. Í ritinu er notast við nýja samantekt Frjálsrar verslunar á 300 stærstu fyrirtækjum landsins.

Þá má sjá að hlutfall krónu í veltu stærstu fyrirtækja landsins nemur 22,7 prósentum þótt þau séu 36 prósent fjöldans.

„Lengi hefur verið vitað að flest íslensk sjávarútvegsfyrirtæki nota evruna í sínum ársreikningum og álfyrirtækin nota Bandaríkjadal. Það sama gildir um nokkur orkufyrirtæki," segir í umfjöllun Vísbendingar. Talað er um að fyrirtæki „kjósi með fótunum" og velji í bókhaldi sínu þá mynt sem þau telji að henti best og leiði til mesta stöðugleika í uppgjöri.

„Þessi fyrirtæki velja stöðugleika og lága vexti, en almenningur á ekki þetta val," segir í Vísbendingu og vísað til þess lærdóms sem draga hafi mátt af hruninu að fái fólk greitt í krónum sé hættulegt að skulda í erlendri mynt. „Sérstaklega þegar stjórnmálamenn telja aðalkost krónunnar þann að hægt sé að fella gengi hennar. Þess vegna mun almenningur ekki fá notið stöðugleika og hagræðis sterkrar myntar meðan krónan er gjaldmiðill Íslands."

Bent er á að margir aðhyllist að Íslendingar taki upp aðra mynt en íslensku krónuna og þar hafi forsætisráðherra nefnt bæði Kanadadal og norska krónu. „Ætla mætti að mörg fyrirtæki vildu nota þessar myntir, sem að sögn „henta Íslendingum vel", en það er öðru nær. Af 276 fyrirtækjum sem mega gera upp í erlendri mynt eru bara sjö sem nota þessar ágætu myntir."

Einhliða upptöku myntar fylgi líka vandamál sem komast megi hjá með stuðningi seðlabanka við gjaldmiðil, svo sem vantraust á bankakerfinu. „Algjört frelsi fyrir Íslendinga í peningamálum, frelsi þar sem þeir menn geta nýtt sér lægri vexti öruggari myntar en krónunnar er útilokað nema hér á landi verði hreinlega tekin upp erlend mynt sem hefði baktryggingu seðlabanka þeirrar myntar. Þar er ekki nema um eina mynt að ræða," segir í umfjöllun Vísbendingar, en í úttekt Seðlabankans á valkostum landsins í peningamálum 2012 var niðurstaðan sú að valið stæði á milli krónu og evru.

**olikr@frettabladid.is**



**Lítill hluti af stærstu fyrirtækjunum velur krónu. Flest velja bandaríkjadal eða evru.**

## Uppfyllum eitt af fjórum skilyrðum Maastricht

Í nýjasta tölublaði Vísbendingar segir að „allir" virðist sammála um að hvort sem Íslendingar taki upp nýjan gjaldmiðil eða ekki verði þeir að uppfylla stöðugleikaskilyrði Maastricht-samningsins. „Mörgum kemur á óvart að nú þegar uppfyllum við eitt skilyrði af fjórum, því að jafnvægi er í ríkisfjármálum," segir þar. Þá sé stutt í að skuldir hins opinbera verði innan við 60 prósent af vergri landsframleiðslu. „Verðbólgan er meira að segja nálægt mörkum í bili þó að flestir eigi von á því að hún hækki á næstunni." Lengst sé hins vegar í að vextir verði innan seilingar við meðaltal Evrópusambandsríkja. „Núna greiða Íslendingar margfalda vexti á við nágrannaþjóðirnar."

## Erlendar uppgjörsmyntir

| Mynt | Fjöldi fyrirtækja |
|---|---|
| Evra | 125 |
| Bandaríkjadalur | 113 |
| Bresk pund | 23 |
| Norsk króna | 5 |
| Sænsk króna | 4 |
| Dönsk króna | 3 |
| Kanadadalur | 2 |
| Japönsk jen | 1 |
| Alls | 276 |

Heimild: Vísbending/Ársreikningaskrá

## Myntir 25 stærstu

| Mynt | Fjöldi | Velta* |
|---|---|---|
| Dollar | 11 | 736 |
| Króna | 9 | 379 |
| Evra | 5 | 551 |
| Alls | 25 | 1.666 |

*í milljörðum króna.
Heimild: Vísbending/Frjáls verslun

> **Lengi hefur verið vitað að flest íslensk sjávarútvegsfyrirtæki nota evru í sínum ársreikningum og álfyrirtækin nota Bandaríkjadal.**
>
> Úr Vísbendingu

# Þreifingar um stjórn hefjast í Búrma

**BÚRMA** U Thein Sein, forseti í Búrma, óskaði í gær Lýðræðisfylkingunni, stjórnarandstöðuflokki Nóbelsverðlaunahafans Aung San Suu Kyi, til hamingju með árangur hennar í þingkosningunum um helgina.

Talningu atkvæða er þó engan veginn lokið, en Suu Kyi og félagar hennar hafa til þessa fengið um 90 prósent allra þingsæta í þeim kjördæmum sem búið er að telja í.

Þar á meðal er Suu Kyi búin að tryggja sér þingsæti áfram í sínu kjördæmi.

Sjálf skrifaði Suu Kyi bréf til Thein Sein á þriðjudaginn, þar sem hún bauð honum upp á viðræður um framhaldið.

Hamingjuóskir hans lofa góðu um að herinn taki vel í samstarf við Suu Kyi.

Kosningafyrirkomulagið er þannig að herinn fær að lágmarki 25 prósent þingsæta og hefur því neitunarvald um allar breytingar á stjórnarskránni.

Yfirburðasigur Lýðræðisfylkingarinnar verður hins vegar til þess að herinn kemst í minnihluta á þingi, en hann hefur verið einráður um stjórn landsins áratugum saman.

Samkvæmt stjórnarskrá landsins getur Suu Kyi ekki orðið forseti, en hún segir það ekki koma í veg fyrir að hún muni taka allar ákvarðanir þótt einhver annar verði í forsetaembættinu. **– gb**




AFMÆLISTILBOÐ
25-30%
AFSLÁTTUR AF ÖLLU
LÍN DESIGN
Gildir í öllum verslunum
Lín Design, Laugavegi,
Glerártorgi, Kringlunni og
vefverslun lindesign.is.
Til að virkja afslátt í
vefverslun þarf að nota
kóða "AFMÆLI".
Lín
DESIGN
HÖFUM OPNAÐ
Í KRINGLUNNI
LAUGAVEGI 176 | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS







## Karnivaltíminn að hefjast




Það var glatt á hjalla hjá mörgum þegar karnivaltímabilið hófst í Maastricht í Hollandi í gær, en það hefst venjulega 11. nóvember. Margir klæddu sig í litskrúðuga búninga. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Rússar komnir með plan fyrir Sýrland

**Fjölmiðlar hafa komist yfir hugmyndir Rússa að friðaráætlun í Sýrlandi. Rússar vilja meðal annars að stefnt verði að forsetakosningum eftir hálft annað ár. Andstæðingar Assads forseta segja fátt nýtt í þeim hugmyndum sem birtar voru.**

**SÝRLAND** Rússar hafa gert áætlun um friðarferli í Sýrlandi, þar sem þeir falla frá afdráttarlausum stuðningi við Bashar al Assad Sýrlandsforseta.

Þeir vilja að Sýrlendingar taki sér átján mánuði til að semja nýja stjórnarskrá og síðan verði efnt til forseta- og þingkosninga. Ekki er annað að sjá en að Assad eigi að fá að bjóða sig fram.

Andstæðingar Assads segja þó ekkert nýtt í tillögunum og halda fast við þá kröfu að eini grundvöllurinn að friði sé afsögn Assads.

Reuters-fréttastofan komst yfir eintak af þessari áætlun, sem hefur gengið á milli manna hjá Sameinuðu þjóðunum.

Stríðið í Sýrlandi hefur nú staðið yfir í meira en fjögur ár, kostað hundruð þúsunda lífið og hrakið milljónir manna á flótta.

Fulltrúar margra ríkja koma saman í Vínarborg á laugardaginn til að ræða mögulegar lausnir á þessu ástandi.

Rússar hófu í haust loftárásir á uppreisnarmenn í Sýrlandi, en hafa verið gagnrýndir fyrir að beina árásum sínum ekki aðeins að Íslamska ríkinu heldur einnig hófsamari uppreisnarmönnum sem notið hafa stuðnings Bandaríkjanna og fleiri ríkja á Vesturlöndum og í Mið-Austurlöndum.



**Rússlandsforseti fellur frá afdráttarlausum stuðningi við Assad.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Bandaríkin hafa brugðist við með því að skipta um áherslur, beina stuðningi sínum annað og hyggjast senda tugi bandarískra hermanna til landsins.

Hugmyndir Rússa ganga út á það að hálft annað ár verði tekið í að breyta stjórnskipun landsins, þannig að ný stjórnskipun geti tryggt „varanlegt öryggi og sanngjarnt jafnvægi hagsmuna, réttinda og skyldna allra þjóðernis- og trúarhópa í valdakerfum og ríkisstofnunum“.

Komið verði á fót stjórnlaganefnd með fulltrúum „úr öllu litrófi sýrlenska samfélagsins, og þar á meðal úr stjórnarandstöðunni innanlands jafnt sem erlendis“. Formennskan komi í hlut einhvers sem allir þátttakendur fallast á.

Síðan verði drög að nýrri stjórnarskrá borin undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Eftir það verði efnt til forsetakosninga.

Frestað verði þingkosningum, sem halda átti næsta vor. Þess í stað verði þær haldnar jafnhliða forsetakosningum samkvæmt nýrri stjórnarskrá, þegar hún liggur fyrir.

Samkomulag verði um að sá forseti, sem kjör hlýtur, verði yfirmaður heraflans og hafi eftirlit með bæði sérsveitum hersins og utanríkisstefnu landsins.

Þá vilja Rússar að alþjóðlegur stuðningshópur verði settur á laggirnar til að styðja Sýrlendinga í gegnum breytingarnar. Í þessum hópi verði Rússar, Kínverjar, Bandaríkjamenn, Frakkar, Þjóðverjar, Sádi-Arabar, Tyrkir, Íranir, Egyptar og fleiri þjóðir í Mið-Austurlöndum, ásamt fulltrúa Sameinuðu þjóðanna, Arababandalagsins, Samvinnustofnunar íslamskra ríkja og Evrópusambandsins.

gudsteinn@frettabladid.is




Gildir út sunnudag
Finndu okkur á facebook

**Opið til kl. 21:00 í kvöld**

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Hlunnindi verði rædd í nýrri nefnd

**Kirkjuþing afgreiddi ekki tillögu um skiptingu arðs af prestssetursjörðum. Reykholtsprestur vill láta skoða aukatekjur presta í þéttbýli.**

Garðar Örn Úlfarsson
gar@frettabladid.is



**TRÚFÉLÖG** „Þetta er eitt af eilífðarmálunum í kirkjunni að því er virðist,“ sagði Agnes M. Sigurðardóttir biskup undir lok umræðu á kirkjuþingi í október um tillögu um breytta skiptingu um arð af hlunnindum prestssetursjarða.

Tillaga biskups var afrakstur vinnu þriggja manna starfshóps. Hún snerist meðal annars um að arður af hlunnindum sem ekki krefjast sérstaks vinnuframlags sitjandi prests á prestssetursjörð skyldu skiptast milli viðkomandi sóknar og kirkjumálasjóðs. Ákveðið var að fela kirkjuráði að skipa þriggja manna starfshóp til að skoða málið í tengslum við stefnumörkun þjóðkirkjunnar um eignir og eignastýringu.

Í umræðum á kirkjuþingi rifjaði séra Sjöfn Jóhannesdóttir í Djúpavogsprestakalli upp að tíu ár væru síðan komist hafi verið að niðurstöðu á kirkjuþingi um skipan hlunnindamála. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum næmu allar veiðitekjur af prestssetursjörðum nú um 15 milljónum króna og af þeim rynni nú þegar tæpur helmingur í kirkjumálasjóð.

„En nú er komin fram ný tillaga sem miðar að því að taka með einu pennastriki sérstaka tegund hlunninda sem sumir að halda að sé sjálfrennandi undan prestssetrunum,“ sagði séra Sjöfn. „Þau sem kynna sér málið komast að raun um að þessir fjármunir eiga að renna til viðhalds og rekstrar á jörðinni.“

### Líklega einhverjir fitnað

Séra Geir Waage í Reykholti sagði að þegar hann tók við í Reykholti fyrir 25 árum hafi kirkjan verið búin að tapa staðnum, meðal annars veiðirétti í Grímsá.

„Það tók mig sextán ár að ná þessu heim aftur og þetta hefur orðið okkur ómetanleg hjálp við að reisa nýju kirkjuna því vitaskuld hef ég aldrei hirt eyri af þessum veiðitekjum Reykholtskirkju,“ sagði séra Geir.

„Það má vel vera og líklega er það rétt að einhvers staðar hafi einhverjir prestar heldur fitnað af ásetu sinni heldur en hitt en ég hygg að það sé fágætt og glaður er ég fyrir þeirra hönd sem hafa getað nýtt sér prestssetur fjölskyldu sinni og sjálfum sér til nokkurs framdráttar því ég hygg að flestir, eða fleiri, hafi nú þá sögu að segja að þetta sé kvöð, það er kvöð að bera ábyrgð á þessu öllu saman,“ sagði séra Geir.

Stefán Magnússon sagði ekki gott að átta sig á umfangi vinnu hvers og eins prests. „Skila ábúendur jarða í eigu kirkjunnar ársreikningi fyrir jarðirnar sjálfar? Þar sem fram koma þær tekjur og þau gjöld sem jörðinni tengjast? Er skilað inn árlega ástandsskýrslu jarðanna og skýrslu um fyrirhugaða viðhalds- og framkvæmdaþörf?“ spurði Stefán.

Séra Gísli Gunnarsson í Glaumbæjarprestakalli sagði að það gæti mismunað sóknum í sama prestakalli ef hlunnindi prestssetursjarða rynnu til einstakra sókna. „Að hafa tvo aðila; prestinn og sóknarnefndina til þess að fara með ábyrgð og gæta hagsmuna jarðar, það er til þess að skapa ófrið á flestum stöðum, held ég,“ sagði Gísli.

Ólafur Valgeirsson sagði það viðhorf sem væri víðast hvar í þjóðfélaginu, að tekjur af hlunnindum rynnu að einhverju leyti í vasa prestsins, litast af vanþekkingu. „Væri ekki bara alveg ágætt að það væri tekinn saman einhver upplýsingabanki um það og því miðlað til sóknarfólks hvernig þetta er í raun og veru fyrst þetta er allt öðruvísi heldur en sóknarfólkið heldur?“ spurði Ólafur.

Dr. Hjalti Hugason sagði að á tuttugustu öldinni hafi orðið sú stóra breyting að prestarnir urðu launamenn. „Og þá er náttúrlega vandséð að einhver hluti prestanna skuli annars vegar vera launamenn á sama grundvelli og embættissystkini hans annars staðar en auk þess hafa þessa stofnun, prestssetrið, sem eftir atvikum getur gefið af sér fyrirhafnarmiklar tekjur eða fyrirhafnarlitlar tekjur,“ sagði Hjalti.

### Óeðlilegur ávinningur

Svana Helen Björnsdóttir, úr starfshópi biskupsins, rakti úr greinargerð hópsins að veiðihlunnindi væru algengasta tegund hlunninda á prestssetrum. Þar séu fjárhæðir frá nokkrum tugum þúsunda og til milljóna króna. Óeðlilegt væri að tilteknir opinberir embættismenn nytu slíks ávinnings án nægjanlegs samhengis við starf sitt.

„Ábúendur prestssetursjarða hafa talið að önnur tilviljanakennd hlunnindi en veiðihlunnindi tilheyri einnig leiguliðaafnotum. Þar er um að ræða greiðslur, svo sem vegna landleigu, lóðaleigu eða bótagreiðslur í tengslum við virkjanaframkvæmdir. Greiðslur af þessu tagi geta numið háum fjárhæðum,“ las Svana úr greinargerðinni. „Ráðgjafahópur biskups telur að þessi tegund hlunnindagreiðslna sé barn síns tíma og eigi ekki við lengur.“

Steindór Haraldsson sagði það hljóta að vera eðlilega kröfu að skilja í sundur rekstur jarðarinnar annars vegar og rekstur prestsins á sínu persónulega heimili hins vegar. „Ef að það er ekki alveg á hreinu hvernig peningar renna, af því að það er verið að tala um sjálfrennandi dæmi, þá verður alltaf rifist um það,“ sagði Stefán.

Drífa Hjartardóttir benti á að æði mikil ólaunuð vinna gæti verið tengd veiðiréttindum fyrir ábúendur. Drífa vildi að greint væri á milli hlunninda af veiði og dúntekju og þess að verið væri að leggja háspennulínu í gegn um jörðina.



Tillaga um breytta skiptingu hlunnindatekna var gagnrýnd á Kirkjuþingi fyrir lítinn undirbúning. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Ef við ætlum með allt upp á gátt þá skulum við skoða allar gáttirnar líka.**
>
> Séra Geir Waage, sóknarprestur í Reykholti

### Fjórtán þúsund per nef

„Er ekki hægt að fá yfirlit yfir hvað um þessa peninga verður ef þeir fara ekki allir ofan í vasann hjá klerkinum?“ spurði Ólafur Valgeirsson. „Svo menn þurfi ekki að æsa sig út af því sem ekkert sé – að því er mér skilst.“

Séra Geir í Reykholti tók aftur til máls. „Ef við ætlum með allt upp á gátt þá skulum við skoða allar gáttirnar líka,“ sagði Geir. Hann bar saman tekjur af aukaverkum hjá prestum í strjálbýli og í þéttbýli og tók Skálholtsprestakall sem dæmi. „Skyldi það vera svo að fjórtán þúsund krónurnar sem hann fær fyrir að ferma barn í þeirri sókn sem lengst liggur frá Skálholti dekki bensínkostnaðinn við að spyrja barnið yfir það tímabil sem spurningar standa?“

Geir sagði síðan að í þéttbýli væru fermingarbörnin kannski hundrað eða fleiri í sömu sókn. Presturinn þyrfti ekkert að eltast við þau og fengi fjórtán þúsund krónur fyrir hvert þeirra.

„Og ef á að fara að rannsaka aukatekjur almennt af búskap þá væri kannski rétt að kirkjustjórnin liti ofan í pyngjurnar hjá prestunum hér í þéttbýlinu sem eru að taka, eins og ég segi, bara fyrir fermingarbörnin, fjórtán þúsund per nef og búa víða við það að sóknirnar leggja þeim til fræðara sem sóknirnar greiða. Og skyldu þá prestarnir skipta þessum tollum sínum af fermingunum með sóknunum?“ sagði séra Geir.

Séra Gísli Jónasson, prófastur í Reykjavíkurprófastsdæmi, sagðist ekki vita um einn einasta söfnuð sem launaði fræðara fyrir að uppfræða fermingarbörn fyrir prestana. „Þannig að séu menn talandi hér um að það komi fram fullyrðingar um hluta í sambandi við hlunnindatekjur af jörðum þá eru kannski einhverjar mýtur í gangi líka í þessu samhengi.“

**visir.is** Lengri útgáfa af greininni er á Vísi

SIMPLY CLEVER
ŠKODA


Íslendingar elska Skoda enda eru vandfundnari bílar sem henta íslenskum fjölskyldum betur. Þeir eru einstaklega rúmgóðir, sparneytnir, endingargóðir og frábærir í endursölu. **Komdu við hjá okkur í Heklu og prófaðu skemmtilega Skoda.**
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði
www.skoda.is

## Sýning og málstofur



# Nýjar íbúðir í Reykjavík

**Sýning og málstofur um uppbygginguna íbúðarhúsnæðis í Reykjavík. Dagana 13. og 14. nóvember breytum við Ráðhúsinu í suðupott upplýsingamiðlunar og umræðu um húsnæðismál.**

### Föstudagur 13. nóvember kl. 8.30-12.00

**Hvað er að gerast? – Uppbygging íbúðarhúsnæðis í Reykjavík**

Kynnt verður skipulag og framkvæmdir á fjölmörgum svæðum í Reykjavík.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri: Ávarp og opnun sýningar; *Yfirlit yfir uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík*

Einar I. Halldórsson, skrifstofa eigna og atvinnuþróunar hjá Reykjavíkurborg: *Vesturbugt / Nýju Reykjavíkurhúsin*

Páll Gunnlaugsson, arkitekt, ASK: *Kirkjusandur*

Sigríður Magnúsdóttir, arkitekt, Tröð: *Vogabyggð*

Ingvi Jónasson, Klasi ehf.: *Elliðaárvogur – Hugmyndir um þróunarfélag*

Brynjar Harðarson, Valsmenn hf.: *Hlíðarendi*

Guðrún Ingvarsdóttir, Búseti: Smiðsholt; Ísleifsgata; *Laugarnesvegur; Keilugrandi*

Halldór Eiríksson, arkitekt: *Barónsreitur – íbúðir í miðbænum, leigumarkaður*

Helgi S. Gunnarsson, Reginn: *Austurbakki / Hörpureitur*

Guðrún Björnsdóttir, Félagsstofnun stúdenta: *Mjölnisholt*

Guðmundur Kristján Jónsson, Borgarbragur: *Brautarholt*

Í lok málstofu verða fyrirspurnir úr sal og umræður með þátttöku fyrirlesara.

Málstofustjóri er Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

### Föstudagur 13. nóvember kl. 13.00-15.15

**Er framtíðin hér? Nýir straumar í húsnæðismálum**

Fjallað verður um nútíma borgarþróun og breyttar óskir og þarfir íbúa.

Anna María Bogadóttir, arkitekt: *Opnun málstofu*

Ásgeir Brynjar Torfason, rekstrarhagfræðingur: *Húsnæði og fjármagn – tvær hliðar á sama peningi*

Bryndís Eva Ásmundsdóttir, kennari og meistaranemi í menningarfræði: *Neysluhugvekja*

Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur: *Orðið húsnæði felur í sér fyrirheit*

Hildigunnur Sverrisdóttir, arkitekt: *Að læra um þakið af þekjunni*

Jóhann Sigurðsson, arkitekt: *Neytendadrifin fasteignaþróun*

Bjarki Gunnar Halldórsson, arkitekt: *Framtíð úr framandi átt*

Í lok málstofunnar verða fyrirspurnir úr sal og umræður með þátttöku fyrirlesara.

Málstofustjóri er Anna María Bogadóttir, arkitekt.

### Laugardagur 14. nóvember kl. 10.30-13.00

**Hvað er framundan? – Viðfangsefni og lausnir**

Einkum verður fjallað um vandamál og hugsanlegar lausnir í húsnæðismálum m.a. í efnahagslegu tilliti og möguleika ungs fólks til að fá þak yfir höfuðið.

Dagur B. Eggertsson: *Yfirlit yfir uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík*

Ásgeir Jónsson, Félagsvísindasvið / Hagfræðideild HÍ: *Versnar ástandið áður en það batnar?*

Gylfi Arnbjörnsson, ASÍ: *Brýn úrræði fyrir tekjulágar fjölskyldur*

Aron Ólafsson, formaður stúdentaráðs: *Framtíðarsýn stúdenta í húsnæðismálum*

Hólmsteinn Brekkan, Samtök leigjenda á Íslandi: *Er leiga valkostur?*

Friðrik Ólafsson, Samtök iðnaðarins: *Veruleikinn í dag og væntingar til 2018*

Eygló Harðardóttir, félagsmálaráðherra: *Hvað næst?*

Í lok málstofunnar verða fyrirspurnir úr sal og umræður með þátttöku fyrirlesara.

Málstofustjóri er Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands.

Sýningin er opin föstudaginn 13. nóvember kl. 8.30-17.00 og laugardaginn 14. nóvember kl. 10.00-15.00.

Léttar veitingar eru seldar í kaffihúsi í austurenda Ráðhússins í hádegishléi.

Sýning og málstofur eru öllum opnar.

**Nánari upplýsingar á vef Reykjavíkurborgar - reykjavik.is/uppbygging**

# **Litlu jól** Smáralindar

Byrjaðu jólaundirbúninginn og kíktu við í notalega jólastemningu í Smáralind í dag

## Skemmtun **fyrir börnin**

| | |
|---|---|
| 17.00 | **Leikhópurinn Lotta** heilsar gestum á göngugötu |
| 17.30 | **Barnaskemmtun** með leikhópnum Lottu |
| 16.30–18.30 | **Hressing og Andrésblöð í boði** Eddu útgáfu við stærstu bók Íslands á meðan birgðir endast |

## Skemmtilegar **uppákomur**

**Danssýning** frá Plié Listdansskóla

**Tríóið Tríólur** flytur ljúfa tóna

**Sýnikennsla í kertaskreytingu** í boði A4

**Keppendur úr The Voice** taka lagið

## **Taktu jólamynd**

Taktu jólamynd við myndavegginn á svölunum á milli comma og Lindex!

**Þú gætir unnið** 20.000 kr. gjafakort frá Smáralind og 15.000 kr. gjafabréf frá Prentagram.

ALLAR UPPLÝSINGAR BIRTAR MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR

**15% afsláttur**
af völdum vörum
DÚKA

**10% afsláttur**
af handsmíðaðri
Jens gjafavöru og
**40% afsláttur** af
völdum vörum
Jens

**Fjölskyldutilboð**
2 stórir bátar,
2 litlir bátar og
2 lítrar gos
á 4.990 kr.
Hlölla bátar

**25% afsláttur**
af öllum vörum
UNITED COLORS OF BENETTON.

**25% afsláttur**
af yfirhöfnum
Levi's

**20% afsláttur**
af öllum skóm
STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN

**20% afsláttur**
af öllum vörum
AIR

**20% afsláttur**
af öllum vörum
Kaupfélagið

**20% afsláttur**
af öllum
aukahlutum
Síminn

**20% afsláttur**
af gjafakössum
LYFJA
- Lifið heil

Fráboer **tilboð**

**20-50% afsláttur**
af hár- og
húðsnyrtivörum
MODUS Hárstofa SMÁRALIND

**20% afsláttur**
af yfirhöfnum
valdar flíkur
á allt að
**70% afslætti**
comma



Opið til
**kl. 21**

SMÁRALIND

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM

ÍSLENSKA/SIA.IS SML 77161 11/15

Opið til **kl. 21**

# Fráber tilboð

| | | | |
|---|---|---|---|
| **20% afsláttur** af öllum vörum<br>MAKE UP STORE | **15% afsláttur** af öllum skóm<br>skórnir þínir | **30% Vildarafsláttur** af jólakortum, jólalímmiðum og öllum hand-farangurstöskum (Freyjum)<br>Penninn / Eymundsson | **15% afsláttur** af allri íslenskri hönnun<br>meba \| rhodium |
| **25% afsláttur** af fylgihlutum og skarti<br>TOPSHOP | **25% afsláttur** af töskum og skóm<br>DOROTHY PERKINS | **25% afsláttur** af náttfötum<br>evans. | **20% afsláttur** af kjólum<br>KAREN MILLEN |
| **20% afsláttur** af mann-broddum og sílíkoni<br>SKÓ MEISTARINN | **20% afsláttur** af „Drangey“ seðlaveskjum<br>Drangey | **20% afsláttur** af öllum Ray Ban sólgleraugum **Nýtt!** Ray Ban barnasólgleraugu<br>Optical Studio | **3 fyrir 2** af öllum vörum, ódýrasta varan fylgir frítt með<br>ESPRIT |
| **20% afsláttur** af Hátíðarkaffi, jólatei og jóladrykkjum<br>TE & KAFFI | **Tívolíkort** borgar 4.000 kr. færð 6.000 kr. + lítið popp<br>SMÁRA TÍVOLÍ | **20% afsláttur** af öllum vörum<br>PLUSMINUS OPTIC | **20% afsláttur** af öllum bolum<br>DOGMA |
| **30% afsláttur** ef keypt er djús og samloka saman<br>JOE & THE JUICE | **25% afsláttur** af öllu föndri<br>A4 | **40% afsláttur** af Body Butter-húðnæringu í risakrukkum og **2 fyrir 1** af naglalökkum<br>THE BODY SHOP | **20% afsláttur** af öllum vörum<br>PANDORA<br>ÓGLEYMANLEG AUGNABLIK |



# í allan dag

Opið til **kl. 21**

**1.690 kr.** ostborgari og franskar. **1.790 kr.** Bernaise-borgari og franskar/Mexíkóskt kjúklingasalat
CAFÉADESSO

**Jólagjöf** fylgir öllum keyptum úlpum
CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS

**20% afsláttur** af öllum yfirhöfnum
VILA CLOTHES

**20% afsláttur** af öllum yfirhöfnum
VERO MODA

**20% afsláttur** af öllum peysum í herradeild
**20%** af öllum kjólum ásamt fleiri tilboðum í dömudeild
SELECTED FEMME / HOMME

**20% afsláttur** af öllum gallabuxum
JACK & JONES

**20% afsláttur** af úlpum og gallabuxum
name it

**20% afsláttur** af öllum vörum
gs skór

**20% afsláttur** af öllum vörum
focus

**20% afsláttur** af öllum vörum
galleri sautján

**20% afsláttur** af öllum vörum
KARAKTER KONUR

**20% afsláttur** af öllum skóm
ÚTILÍF

**3 fyrir 2** af skarti
**20% afsláttur** af öðrum vörum
MOA

**Heil 18"** pizza með 2 áleggstegundum á 1.990 kr.
SBARRO

**20% afsláttur** af öllum peysum og slám fyrir dömur, herra og börn
DEBENHAMS SMÁRALIND



SMÁRALIND

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM

ÍSLENSKA/SIA.IS SML 77161 11/15



Stærsta Skaftárhlaup á skrá er síðasti stórviðburðurinn sem tókst að skrá af nákvæmni. Rúmlega sólarhring áður en jökulhlaupið náði undan jökli vissu vísindamennirnir hvers kyns var. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Mesta happið var stærsta eldgos í 230 ár

**FutureVolc, samevrópskt verkefni um eldfjallavá, hefur skilað íslensku fræðasamfélagi miklum ávinningi. Her vísindamanna hefur á starfstíma þess fylgst með einstökum umbrotum í íslenskri náttúru. Samstarf vísindamannanna teygir sig til 10 landa.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Á þeim tæplega fjórum árum sem FutureVolc, samevrópskt verkefni um eldfjallavá, hefur staðið yfir hér á landi hefur tekist að skrá sex viðburði í náttúru Íslands mun betur en annars hefði verið, og suma þeirra svo vel að þess eru fá ef nokkur dæmi annars staðar í heiminum. Þessir atburðir eru einstakir á heimsvísu og dæmafáir á landsvísu.

### Kveikjan var Eyjafjallajökull

Verkefnisstjórinn Freysteinn Sigmundsson, jarðeðlisfræðingur við Jarðvísindastofnun Háskólans, sagði frá því á ráðstefnu á vegum verkefnisins fyrir helgi að hugmyndin að verkefninu kviknaði í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli árið 2010, en á vegum verkefnisins hafa vísindamennirnir sett upp tækjabúnað fyrir vöktun og rannsóknir á eldfjöllum sem skilað hafa meiri og betri upplýsingum á starfstíma verkefnisins en nokkur maður leyfði sér að dreyma um.

Skemmst er að minnast stærsta Skaftárhlaups sem ruðst hefur undan Vatnajökli í sögunni. Í aðdraganda þess um mánaðamótin september og október sýndi GPS-staðsetningartæki, sem komið hafði verið fyrir á íshellu Skaftárketils vegna rannsókna, ris og sig ketilsins sem gaf til kynna að hlaup væri í aðsigi nokkrum dögum áður en vatnið kom undan jöklinum. Fyrir vikið gafst mikilvægur fyrirvari sem hægt var að nýta til fyrirbyggjandi aðgerða. Upplýsingarnar sem fengust eru mikilvægar við rannsóknir á þróun og hegðun katlanna og nýtast við spár um framtíðarhegðun þeirra; þær varpa ljósi á eðli jökulhlaupa og geta nýst s.s. við hönnun brúa og annarra mannvirkja, er meðal þess sem aðstandendur FutureVolc benda á.

### Þvílík heppni

Eldgosið í Holuhrauni, mesta eldgos á Íslandi í 230 ár að magni talið, er svo sérstakt „happ“ þeirra sem að verkefninu stóðu. Má segja að þar hafi fengist vitneskja langt umfram það sem vænta hefði mátt um eldstöðvarkerfi Bárðarbungu ef tækjabúnaður hefði ekki verið settur upp á vegum FutureVolc. Ekki síst gerðu mælitækin kleift að fylgjast náið með virkni í eldstöðinni meðan á umbrotunum stóð og einnig að kortleggja feril kvikugangsins frá Bárðarbungu út í Holuhraun í meiri smáatriðum en annars hefði verið mögulegt – eins og Jarðvísindastofnun hefur oft bent á.

Er þá ónefnt hvernig verkefnið og tengdar rannsóknir hafa stuðlað að bættri vöktun og aukinni þekkingu á virkni eldstöðva ásamt bættri upplýsingagjöf til almennings um hættu af völdum eldvirkni.

Kristín Vogfjörð, rannsóknastjóri hjá Veðurstofu Íslands, segir að vissulega hefði verið hægt að skrá og fylgjast með atburðunum í Bárðarbungueldstöðinni af nákvæmni ef ekki hefði komið til verkefnisins. Hins vegar sé ólíku saman að jafna við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir, þökk sé verkefninu og þeim tækjakosti sem komið var fyrir. Bendir hún á að um skeið hafði verið vitað að eldstöðin gæti bært á sér, líkt og vitað var að Eyjafjallajökull var að setja sig í stellingar strax árið 1991.

Við umbrotin í Bárðarbungu fengust með staðsetningartækjum og jarðskjálftamælum FutureVolc stöðugar upplýsingar um hreyfingu kviku undir jöklinum og undan honum og út í Holuhraun.

„Án staðsetningartækjanna hefðum við lítið vitað hvað var að gerast. Þegar gangurinn var að hendast í norður sáum við að hann var á leiðinni út úr gps-kerfinu og það þurfti að hlaupa með mæla til að ná utan um þegar hann kæmi norður í Holuhraun,“ segir Kristín.

Jafnframt var fylgst með öðrum minni atburðum betur en annars hefði verið, ekki síst þegar gríðarstór skriða féll úr Dyngjufjöllum við suðaustanvert Öskjuvatn 21. júlí 2014. Einnig hverasprengingu í Kverkfjöllum árið 2013 í langdregnum undanfara umbrotanna í Bárðarbungu, þar sem eldgosin urðu reyndar fimm talsins, og tveimur litlum jökulhlaupum í Múlakvísl og Jökulsá á Sólheimasandi og úr vestari Skaftárkatli árið 2014.

> **Ef farið er inn á vefhandbókina ogTungnafellsjökull valinn þá sést að þar hafa orðið 600 jarðskjálftar þegar litið er eitt ár aftur. En að meðaltali mælast í Tungnafellsjökli ekki nema 20 til 30 skjálftar á ári þegar litið er yfir lengri tímabil.**
>
> Kristín Vogfjörð, rannsóknastjóri hjá Veðurstofu Íslands

Eins og áður sagði var á það minnst á ráðstefnu FutureVolc að fyrirvarar að eldsumbrotum í Bárðarbungu og Eyjafjallajökli komu fyrst fram mörgum árum áður en kvika braust upp á yfirborðið og eftirminnileg eldgosin voru til umfjöllunar vikum og mánuðum saman.

### Ekkert í gangi, og þó …

Kristín segir að enginn slíkur fyrirvari umbrota sé merkjanlegur í augnablikinu, og þó. „Allur vestanverður Vatnajökull er búinn að vera mjög virkur síðan árið 2008, það gaus svo árið 2011 [Eldgosið í Grímsvötnum 2011] og þá datt virknin þar niður um tíma en Bárðarbunga fór fljótt aftur að bæra á sér að nýju. Engin önnur eldstöð hefur beinlínis bært á sér, nema í kringum Bárðarbungu og vegna áhrifa þaðan. En maður getur aldrei verið viss,“ segir Kristín og bendir á enn eina afurð FutureVolc-verkefnisins sem er Vefhandbók íslenskra eldfjalla – eða Catalogue of Icelandic Volcanoes sem styrkt er af Alþjóðaflugmálastofnuninni, ICAO.

„Ef farið er inn á vefhandbókina og Tungnafellsjökull valinn þá sést að þar hafa orðið 600 jarðskjálftar þegar litið er eitt ár aftur. En að meðaltali mælast í Tungnafellsjökli ekki nema 20 til 30 skjálftar á ári þegar litið er yfir lengri tímabil. Það er því mikil aukning þarna en við höldum að það sé vegna gliðnunar í Bárðarbungu og komi fram þarna sem aukin áraun á Tungnafellsjökul, þó maður geti ekki verið 100 prósent viss um það,“ segir Kristín.

### Eldfjöll í gagnagrunni

Í vefhandbókinni eru tekin saman ógrynni upplýsinga um 32 íslensk eldfjallakerfi og tenglar eru á ítarefni og gagnaraðir sem þeim tengjast. Gerð handbókarinnar er leidd af Veðurstofunni og unnin í samstarfi við Jarðvísindastofnun og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Vefhandbókin byggist á jarðfræðirannsóknum og kortlagningum fjölda íslenskra jarðvísindamanna og -kvenna en efnið er sett þannig fram að notandinn geti vel afmarkað hvaða upplýsingar skal sækja og hversu djúpt skal leita. Þannig standa vonir til þess að vefhandbók íslenskra eldfjalla nýtist jafnt almenningi, hagsmunaaðilum, nemendum og fræðasamfélaginu.

FutureVolc-verkefninu lýkur í mars 2016.

## FutureVolc-verkefnið í hnotskurn

- FutureVolc-verkefnið hófst haustið 2012.
- Verkefnið hefur verið unnið undir forystu Jarðvísindastofnunar Háskólans og Veðurstofu Íslands og hlaut um 850 milljóna króna styrk frá Evrópusambandinu. Helmingur fjárins hefur nýst beint á Íslandi.
- Auk þess hafa almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og upplýsingatæknifyrirtækin Miracle og Samsýn komið að verkefninu hér á landi.
- Meginmarkmiðin voru að koma á fót samhæfðu vöktunarkerfi á eldfjöllum, að þróa nýjar aðferðir til að meta hættuna af einstökum viðburðum, að efla skilning vísindasamfélagsins á kvikuferlum í jarðskorpunni og að bæta upplýsingagjöf til almannavarna og yfirvalda.

**SAMEVRÓPSKT VERKEFNI**

**26** stofnanir og fyrirtæki

**100** vísindamenn

**10** Evrópulönd

**850** milljónir

# ÞAÐ ER BETRA AÐ FLJÚGA HEIM UM JÓLIN

FLJÚGÐU Í HLÝJAN FAÐM

FLUGFELAG.IS




## VERÐ FRÁ AÐEINS 8.800 KR. aðra leiðina með sköttum

Verð aðra leið, til eða frá Reykjavík:

| | |
|---|---|
| Akureyri: | **8.800 – 9.500 kr.** |
| Egilsstaðir: | **9.300 – 10.000 kr.** |
| Ísafjörður: | **8.800 – 9.500 kr.** |
| Þórshöfn: | **10.700 – 11.400 kr.** |
| Vopnafjörður: | **10.700 – 11.400 kr.** |
| Grímsey: | **9.500 – 10.200 kr.** |

Bókanlegt:

**12. NÓVEMBER FRÁ KL. 10:00 TIL MIÐNÆTTIS**

Ferðatímabil:

**15. DESEMBER 2015 TIL 6. JANÚAR 2016**

Auka **25% AFSLÁTTUR** af barnafargjöldum fæst ef bókað er á netinu

SLÁÐU INN FLUGSLÁTTINN VIÐ BÓKUN: **JOLABARN2015**

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

islenska/sia.is FLU 76778 11/15

# Ástand heimsins







**1.** Erítreumenn í skólastofu í Jean-Quarre menntaskólanum í París. Þeir dvöldu þarna í sumar til bráðabirgða, en hafa nú verið sendir annað. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**2.** Flóttamenn frá Erítreu bíða eftir vögnum sem fluttu þá frá Jean-Quarre skólahúsinu í París, þar sem þeir höfðu dvalið sumarlangt. Lögreglan rýmdi skólann og flutti þá annað, en alls hafa um 1.300 flóttamenn verið sendir á staði víðs vegar um Frakkland. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**3.** Lögregluþjónar og öryggisverðir safna flóttamönnunum saman fyrir utan Jean-Quarre skólann í 19. hverfi Parísar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**4.** Dýnunum, sem flóttamennirnir höfðu notað til að sofa á, fleygt út um glugga skólans niður í stóra gáma. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**5.** Einn erítresku flóttamannanna í París gengur upp stigana í skólanum, sem þeir hafa dvalist í sumarlangt. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA











# Fjölbreytt verslunarhúsnæði til leigu

Reitir eru stærsta fasteignafélagið á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis á Íslandi.
Við eigum húsnæði tilbúið til afhendingar eða lagað að þínum þörfum.



**Spöngin í Grafarvogi**
**50 – 200 m²**
Rými á fjölförnu svæði.



**Þverholt í Mosfellsbæ**
**60 – 200 m²**
Rými í vinsælum kjarna.



Margir bestu verslunarkjarnar landsins eru í okkar safni.
**Kannaðu möguleikana.**

Kynntu þér fleiri kosti á **reitir.is**

REITIR

*Velkomin til starfa*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# FJÖLSKYLDAN



**Vísindamenn segja mikilvægt að fá nægan svefn.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Kvefast frekar ef svefninn er lítill

Þeir sem sofa lítið eru í meiri hættu en aðrir á að veikjast þegar þeir komast í snertingu við kvefveiru. Niðurstöður rannsóknar frá 2013 bentu til að unglingar sem sváfu mikið fengju sjaldnar kvef, flensu og aðrar umgangspestir en aðrir.

Til að rannsaka þetta betur fengu bandarískir vísindamenn 164 sjálfboðaliða í lið með sér sem þegar höfðu gengist undir heilsufarsrannsóknir sem tóku til þátta eins og streitu, skapgerðar, reykinga og áfengisneyslu.

Þátttakendur í rannsókninni sváfu með nema sem mældu hversu lengi og hversu vel þeir sváfu. Vísindamennirnir úðuðu síðan kvefveiru í nef þátttakenda til að kanna hvort svefn þeirra hefði áhrif á hættuna á veikindum.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að þeir sem sváfu skemur en sex klukkustundir að næturlagi vikuna áður voru fjórum sinnum líklegri til að veikjast heldur en þeir sem sváfu lengur en sjö klukkustundir.

Aldur fólks, streita, kynþáttur, menntun og tekjur skiptu engu máli. Það skipti heldur ekki máli hvort þátttakendur voru reykingamenn.

Það er mat vísindamannanna að líta eigi á svefn sem jafn mikilvægan þátt í heilbrigði manna og mataræði og hreyfingu.

Rannsóknin leiddi ekki í ljós hvort hægt væri að koma í veg fyrir kvef með því að sofa lengur, að því er segir á vísindavefnum forskning.no. **– ibs**

# Hægt að draga úr skutlinu

**Mikil umferð verður í kringum skólana þegar börnum er ekið í skólann. Í Ósló skiptast foreldrar á að fylgja gönguhópum yngstu nemendanna. Börnin mæta hress í skólann eftir gönguna.**

Ingibjörg Bára Sveinsdóttir
ibs@frettabladid.is

Foreldrar gætu dregið verulega úr skutlinu tækju þeir upp ferðavenjur skólabarna í nokkrum hverfum Óslóar í Noregi. Þetta segir Halldóra Hrólfsdóttir skipulagsfræðingur, einn fyrirlesara í fundaröðinni Hvernig má skipuleggja borg fyrir börn og unglinga?

Halldóra segir ferðamáta barna til skóla misjafnan eftir hverfum. „Börnum er víða skutlað í skólann. Það gerir það að verkum að mjög mikil umferð er í kringum skólana með þeim afleiðingum að margir veigra sér við að senda börn gangandi. Þetta verður vítahringur.“

Hún getur þess að í sumum hverfum Óslóar séu foreldrar hvattir til að senda börnin gangandi í skólann. „Meðal yngstu nemendanna eru myndaðir gönguhópar með fjórum til sex börnum sem búa nálægt hvert öðru. Foreldrar skiptast á að ganga með hópunum. Börnin fá endurskinsvesti og verðlaun ef þau eru dugleg að ganga í skólann. Þetta hefur mælst vel fyrir og talið öruggara því að það dregur úr umferð. Auk þess mæta börnin hress í skólann eftir gönguna.“

Um 90 prósent nemenda í Breiðholtsskóla koma gangandi í skólann, að því er niðurstöður könnunar á ferðavenjum barna sýna. „Skipulagið í Bökkunum í Neðra-Breiðholti er talið mjög barnvænlegt. Hverfið er þétt og skólinn er í fjölbýlishúsahverfinu. Börnin sem búa þar og í raðhúsahverfinu þurfa ekki að fara yfir götu,“ greinir Halldóra frá.

Í Fossvogi hjóla mörg börn í skólann. „Það er stefna skólastjórnenda en þeir myndu ekki hvetja til þess ef það væri ekki talið öruggt. Það eru skiptar skoðanir á því hvort það sé æskilegt en það er alltaf öruggast að þurfa ekki að fara yfir miklar umferðargötur á ferðum til og frá skóla,“ bendir Halldóra á.

Skipulagsfræðingurinn segir það henta börnum að búa í þéttri byggð þar sem skóli, félagsmiðstöð og íþróttahús er innan hverfisins og stutt er á milli áfangastaða. Það þurfi þó að gæta jafnvægis í skipulaginu. „Umhverfið þarf að vera öruggt en líka skemmtilegt og líflegt. Það er ekki endilega ein lausn í boði. En leggja þarf áherslu á að börnin geti ferðast sjálf og uppgötvað borgina upp á eigin spýtur.“

Hagsmunir barna og fullorðinna rekast ekki á, að sögn Halldóru. „Það sem fullorðnir vilja er ekki frábrugðið því sem börn vilja. Í skipulagi Reykjavíkur er fókuserað á borg fyrir fólk. Börn eru líka fólk þannig að slík borg hlýtur líka að vera góð fyrir þau.“



**„Það sem fullorðnir vilja er ekki frábrugðið því sem börn vilja. Í skipulagi Reykjavíkur er fókuserað á borg fyrir fólk. Börn eru líka fólk þannig að slík borg hlýtur líka að vera góð fyrir þau,“ segir Halldóra Hrólfsdóttir skipulagsfræðingur.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**7%**
**barna í Breiðholtsskóla er ekið í skólann.**
Niðurstöður könnunar meðal 3. til 7. bekkinga í apríl 2010

**23%**
**barna í Foldskóla er ekið í skólann.**
Niðurstöður könnunar meðal 3. til 7. bekkinga í nóvember 2009

**Umhverfið þarf að vera öruggt en líka skemmtilegt og líflegt. Það er ekki endilega ein lausn í boði.**
Halldóra Hrólfsdóttir skipulagsfræðingur






## Unglingar mæta í skólann 13.30

Táningarnir í skólanum Hampton Court House í Surrey á Englandi þurfa ekki að mæta í skólann fyrr en kl. 13.30 á daginn. Vísindamenn í Oxford ætla að fylgjast með hvaða áhrif þessar breytingar hafa.

Bæði nemendur og foreldrar hafa lýst yfir ánægju með nýja fyrirkomulagið. Nemendur sofa nú betur, þeir eru betur upplagðir og hafa meira gagn af kennslunni.

Einn nemendanna segir í viðtali við BBC að táningum sem vakna klukkan sjö á morgnana líði eins og fullorðnum sem vakna klukkan hálf fimm á morgnana. **– ibs**

NÝ BÓK EFTIR HÖFUND **LEYNIGARÐS**

# TÝNDA HAFIÐ

**Johanna Basford** er drottning litabókanna.
Þessi ævintýralega litabók kemur samtímis út í ótal löndum!




BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK



**Risa iPad má sjá lengst til hægri á myndinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Risa-iPad væntanlegur

Ný útgáfa af iPad Pro, svokallaður risa-iPad með 12,9 tommu skjá, er væntanleg til landsins í mánuðinum. Þetta staðfestir Sigurður Stefán Flygenring, þjónustustjóri fyrirtækjasviðs hjá Macland. Spjaldtölvan verður í boði í þremur litum, silfur, gull og „space gray“ og í tveimur stærðum, 32GB og 128GB.

„Apple ræður til hvaða landa þeir senda tækin hverju sinni. Ísland er ekki partur af löndunum sem fá fyrstu sendinguna eins og er. En vonandi fáum við að fylgja með næstu löndunum. Ef ég þekki Apple rétt þá verður það í mánuðinum. Þeir hjá Apple eru snöggir að senda vöruna frá sér,“ segir Sigurður Stefán.

„Það er mikil tækni í litlu tæki og þetta er kraftmikið tæki. Þetta opnar möguleikana fyrir meiri aukahlutamarkað, þeir eru meðal annars komnir með Smart Connector á iPadinn og það verður spennandi að sjá hvað þeir gera við hann. Ég held að þetta muni taka við af fartölvunni hjá mörgum aðilum, þó ekki öllum. Tim Cook, forstjóri Apple, ferðast til dæmis einungis með iPad Pro og iPhone 6S út um allan heim, ef það er nóg fyrir hann, held ég að það sé nóg fyrir flesta,“ segir Sigurður Stefán. – **sg**

## Breyttar aðstæður í Egyptalandi



**Kona einsömul í minjagripabúð í Sharm El-Sheikh í Egyptalandi, en nýverið var sett ferðabann til þessa annars vinsæla ferðamannastaðar. Yfirleitt eru minjagripabúðirnar á svæðinu yfirfullar af ferðamönnum en um þessar mundir eru þær heldur tómlegar eftir að þúsundir ferðamanna yfirgáfu svæðið í kjölfar þess að rússnesk flugvél hrapaði.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**Höskuldur Ólafsson segir einskiptisliði setja svip á uppgjörið.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Arion banki hagnast um 25 milljarða

Arion banki hagnaðist um 25,4 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Í tilkynningu vegna uppgjörsins segir að sala fyrirtækja setji umtalsverðan svip á afkomuna. Félagið hafi selt hluti í fasteignafélaginu Reitum, alþjóðlega drykkjaframleiðandanum Refresco Gerber og Símanum á árinu. Vegna þessa hafi hreinar fjármunatekjur Arion banka numið 10,6 milljörðum króna það sem af er ári samanborið við 5,3 milljarða á sama tímabili fyrir ári.

Hagnaður bankans í heild eykst um tæpa þrjá milljarða miðað við sama tímabil fyrir ári.

Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 13,5 milljörðum króna samanborið við 11,4 milljarða á sama tímabili í fyrra. Heildareignir Arion banka nema 1.010 milljörðum króna en voru 934 milljarðar um síðustu áramót.

Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Arion banka, segir ljóst að draga muni úr áhrifum af sölu fyrirtækja í afkomu bankans á næstu árum, hún verði þá borin uppi af hefðbundinni fjármálastarfsemi. Þá muni bankinn bregðast við gagnrýni sem hann hafi fengið að undanförnu vegna sölu á hlutum í Símanum. „Við tökum mark á málefnalegri gagnrýni og munum breyta verklagi okkar þar sem við á,“ segir Höskuldur. – **ih**

# Seðlabankastjóri telur hættu á offjárfestingu í hótelum

**Hætta er á að of mikið verði fjárfest í hótelum á næstunni, að sögn seðlabankastjóra. Sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka segir áhyggjur skiljanlegar en að nauðsynlegt sé að byggja meira til að halda í við fjölgun ferðamanna. Miklar hótelbyggingar geti verið skýring á því hve lítið sé byggt af íbúðarhúsnæði.**

Már Guðmundsson seðlabankastjóri telur hættu á offjárfestingu í hótelbyggingum næstu árin. „Yfirleitt fara svona fjárfestingarbylgjur fram úr sér að lokum og það er bara spurning hvað það verður mikið,“ sagði Már á opnum fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í gær.

„Hvort við séum þar, það er fullyrt að svo sé ekki, og staðreyndin er sú að hótelnýting á Íslandi er með því hæsta sem gerist enn sem komið er, en við þurfum að fylgjast með þessu,“ sagði hann.

Már var þar að svara spurningu Vilhjálms Bjarnasonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, sem benti á að reynsla af útlánatapi í ferðaþjónustu væri nokkuð mikil, sérstaklega í hótelbyggingum.

Anna Hrefna Ingimundardóttir, sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka, segir að vel geti verið að menn hafi farið of geyst í hótelfjárfestingu áður. „En miðað við hvernig nýting hótelherbergja er núna og hvernig áætlanir eru um fjölgun ferðamanna í framtíðinni þá lítur út fyrir að það sé þörf á þeim hótelherbergjum sem er verið að byggja, að minnsta kosti ef við ætlum að fjölga ferðamönnum meira.“

Anna bendir á að hvergi í Evrópu sé betri nýting á hótelherbergjum en í Reykjavík. „Þannig að það eru allt aðrar aðstæður en hafa verið áður svo að ég veit ekki hversu mikið þýðir að skoða þetta í sögulegu samhengi, við þurfum auðvitað að skoða stöðuna núna.“

Anna segir að ef spá Arion banka um tuttugu prósenta fjölgun ferðamanna á næsta ári rætist þá verði að fjölga hótelherbergjum. Þeir sem sérfræðingar greiningardeildarinnar hafi talað við í hótelbransanum telji að það sé ekki hægt að ná meiri nýtingu yfir árið á höfuðborgarsvæðinu en er núna.

Anna segir engu að síður skiljanlegt að fólk hafi áhyggjur af offjárfestingu. „En vanfjárfesting getur líka verið kostnaðarsöm og sú staðreynd að enginn sá fyrir þessa fjölgun sem við höfum orðið vitni að á undanförnum árum hefur gert ferðaþjónustunni erfitt fyrir því það hefur verið erfitt fyrir fyrirtæki í þessum geira að halda í við vöxtinn.“

Hins vegar geti styrking á gengi krónunnar verið áhættuþáttur fyrir ferðaþjónustuna. Ef gengi krónunnar styrkist verulega á næstunni gæti það valdið því að ferðamenn eyði minna hér á landi eða það dragi úr fjölda ferðamanna.

Þá segir Anna að umtalsverðar framkvæmdir við hótelbyggingar séu hugsanlega ein orsök þess að minna hefur verið byggt af íbúðarhúsnæði að undanförnu en búist var við. „Ein skýring er að þeir sem eru að byggja núna eru frekar að byggja hótel en íbúðir.“ Íbúðafjárfestingar séu að verða undir í slagnum við hótelfjárfestingu um iðnaðarmenn og fjármagn.

**ingvar@frettabladid.is**




**Mikið hefur verið byggt af hótelum hér á landi að undanförnu og þeim mun fjölga enn frekar á næstunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Yfirleitt fara svona fjárfestingarbylgjur fram úr sér að lokum og það er bara spurning hvað það verður mikið.**
>
> Már Guðmundsson, seðlabankastjóri



> **Miðað við þá sem við í greiningardeildinni höfum talað við í hótelbransanum þá segja þeir að það sé ekki hægt að ná meiri nýtingu yfir árið á höfuðborgarsvæðinu heldur en er núna.**
>
> Anna Hrefna Ingimundardóttir, sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka


Vertu vinur okkar á Facebook
GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS
KONUKVÖLD Í KVÖLD
Á SMÁRATORGI FRÁ KL. 18.00–22.00
25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
25% AFSLÁTTUR
25% AFSLÁTTUR
25% AFSLÁTTUR
25% AFSLÁTTUR
RISA HAPPDRÆTTI
ALLIR SEM VERSLA FARA Í POTTINN
MEÐAL VINNINGA ERU:
Haag tungusófi, hægindastóll, glerskápur, náttborð, spegill, risa hnetubrjótur auk fjölda annarra vinninga.
Léttar veitingar í boði
SOFFÍA HJÁ SKREYTUM HÚS MÆTIR og jólar yfir sig
the PIER
NÓI SÍRÍUS
Dalaostar
Skreytum hús...
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • www.pier.is

# Segja eða þegja



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Ég fékk hótunarbréf í vikunni þar sem mér voru gefnir tveir dagar til að birta afsökunarbeiðni á forsíðu Fréttablaðsins og sjö dagar til að greiða tveimur mönnum samtals tuttugu milljónir króna.

Bréfin bárust í kjölfar forsíðufréttar Fréttablaðsins. Þar var fjallað um íbúð sem kom við sögu í tveimur nauðgunarmálum sem lögregla hefur til rannsóknar. Fram kom að lögreglan hefði gert tæki og tól upptæk sem grunur leikur á að notuð hafi verið í tengslum við meintar nauðganir. Fyrir þessu hefur Fréttablaðið heimildir og ekkert hefur komið fram síðar sem rengir efnisatriði fréttarinnar. Ekkert til að biðjast afsökunar á. Bara góð blaðamennska.

Í gær birti Fréttablaðið aðra frétt þar sem finna mátti hluta úr skýrslu kæranda. Aftur þá hefðum við aldrei birt slíkt nema fyrir lægju traustar heimildir úr fleiri en einni átt.

Í hótunarbréfinu var látið að því liggja að forsíða Fréttablaðsins þann 9. nóvember hefði orðið til þess að mennirnir voru nafngreindir og af þeim birtar myndir á samfélagsmiðlum. Ekkert er fjær sanni. Fjölmiðlar hafa vissulega völd en ekki slík að geta tekið yfir tölvur og lyklaborð landsmanna. Hefðum við viljað að nöfn þeirra og myndir yrðu á allra vitorði hefðum við einfaldlega birt nöfn og myndir með fréttinni.

Það gerðum við ekki, enda höldum við þá reglu í heiðri að menn séu saklausir uns sekt er sönnuð.

Það breytir því þó ekki að við segjum fréttir, og það er lesendum eðlislægt að heimfæra þær á einstaklinga. Við getum ekki látið ótta við að upp komist hverjir eiga í hlut, verða til þess að hlutir liggi í þagnargildi.

Þetta á sérstaklega við um kynferðisbrot. Allt of lengi hafa fórnarlömb slíkra brota þurft að bera harm sinn og skömm í hljóði. Horft framan í réttarkerfi sem hvorki hlustar né skilur. Við verðum að fá að segja fréttir af slíkum málum. Í því felst ekki bara rétturinn til að upplýsa fólk, eða varnaðaráhrif, heldur líka yfirlýsing um að þolendur eiga ekki að þurfa að þjást í hljóði.

Nauðganir eru illvirki, fréttnæmar og dæmin sýna að lögreglu veitir ekki af aðhaldi frá fólki og fjölmiðlum þegar kemur að rannsókn slíkra mála.

Aðgát skal þó höfð í nærveru sálar. Þess vegna forðumst við að lýsa atvikum með of nákvæmum hætti. Berorðustu lýsingar á sakarefnum hafa enda komið úr annarri átt. Frá lögmanni sakborninga í viðtali við sjálft Ríkisútvarpið.

Lögmaðurinn hefur stigið öll danssporin í bókinni. Hótunarbréfið var fyrsta skrefið, svo kom málflutningur í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum og loks kæra á hendur meintum þolendum fyrir rangar sakargiftir. Í sjálfu sér er ekkert við framgöngu hans að athuga. Sakaðir menn eiga rétt á öflugri málsvörn.

Óttinn við bægslaganginn má þó ekki verða til þess að fjölmiðlar hiki við að segja fréttir. Það er þjóðþrifamál að opna umræðu um kynferðisbrot.

Jafnvel þótt menn séu saklausir uns sekt er sönnuð.

> Allt of lengi hafa fórnarlömb slíkra brota þurft að bera harm sinn og skömm í hljóði. Horft framan í réttarkerfi sem hvorki hlustar né skilur.






Halldór




## Frá degi til dags

**Hagsveiflur, ekki ofþensla**

**„Er 2007 að koma aftur? Nei, ég held ekki,“ sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri á fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í gærmorgun. Við getum þá óhrædd endurnýjað uppþvottavélina. Það hefur mikið farið fyrir fréttum um ofþenslumerki hagkerfisins á undanförnum mánuðum. Stórar fjárfestingar í stóriðju og ferðaþjónustu, skattalækkanir ríkisstjórnarinnar og vaxtahækkanir Seðlabankans til að sporna við því að verðbólgan fari á flug hefur allt sáð óöryggisfræi í brjóst landsmanna. En Már segir að þetta séu bara hagsveiflur. Það má samt ekki gleyma því að hlutverk Más er að passa að ekki fari allt á kúpuna hér á landi og mikilvægur liður í því er að vera ekki fullur af bölmóði.**

**Spekileki eðlilegur**

**Á fyrstu níu mánuðum ársins fluttu 3.120 ríkisborgarar frá landinu, margt háskólafólk. Í samtali við Vísi í gær sagði Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokksins, að það væri áhyggjuefni. En það er ekki skrítið að spekilekinn verði þegar lausnir ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum eru áburðarverksmiðjur og álver. Ríkisstjórnin þarf að taka af sér gula framkvæmdahjálminn og hugsa í ferskari lausnum til að halda unga fólkinu hér á landi.**

**snaeros@frettabladid.is**

# Áskoranir í öryggismálum



Auðunn Atlason
fastafulltrúi Íslands hjá ÖSE í Vín

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE, hefur verið áberandi síðustu misserin og það kemur því miður ekki til af góðu. Í fyrsta skipti frá lokum síðari heimsstyrjaldar var landamærum í Evrópu breytt með hervaldi þegar Rússland innlimaði Krímskaga og vopnuð átök brutust út í austurhluta Úkraínu. ÖSE hefur reynst mikilvægur vettvangur til að koma á friði.

Í fyrsta lagi er ÖSE alþjóðastofnun þar sem ekki er bara verið að tala um heldur við Rússland. Rússland, Úkraína og 55 önnur ríki, þ. á m. Ísland, eru aðilar. ÖSE setti strax á fót eftirlitsverkefni og nú starfa í Úkraínu um 600 alþjóðlegir eftirlitsmenn sem vakta vopnahléið og liðka fyrir samningum. Loks hefur hugmyndafræði ÖSE reynst notadrjúg þ.e. að þegar í harðbakkann slær þá er aldrei mikilvægara að hið pólitíska samtal rofni ekki.

Þetta grundvallarstef á sér langa sögu. Upphafið má rekja til ársins 1975 þegar ríki austan og vestan járntjaldsins komu saman til fundar í fyrsta skipti. Í kalda stríðinu miðju náðist samkomulag um grundvallarprinsipp í samskiptum ríkja. Stofnsáttmáli ÖSE kveður þannig á um friðhelgi landamæra, friðsamlega lausn deilumála og virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti ríkja. Engin smá mál ef höfð er í huga saga aldanna og smærri þjóðum lífsnauðsyn. Starf ÖSE hefur raunar fallið vel að stefnu Íslands sem herlausrar þjóðar því áherslan er á lýðræði, mannréttindi og réttarríkið til að tryggja frið og öryggi.

Nú þegar ÖSE-samstarfið fagnar 40 ára afmæli eru áskoranirnar tvíþættar. Annars vegar eru hernaðarleg öryggismál í uppnámi vegna átakanna í Úkraínu, traustið er brothætt. Hins vegar hefur virðing fyrir grundvallarmannréttindum farið þverrandi. Víða eru dæmi um að tjáningarfrelsi sé skert, fjölmiðlafólk handtekið og lýðræði skrumskælt. Þetta tvennt tengist af því að vanvirðing mannréttinda er oft og tíðum undanfari ofbeldis. Fimmtudaginn 12. nóvember kl. 18 stendur ÖSE fyrir kaffifundi á Hvalasafninu í Reykjavík til að ræða þessi mál. Daginn eftir verður málþing í Háskóla Íslands. Hvort tveggja má finna á Facebook.

> Starf ÖSE hefur raunar fallið vel að stefnu Íslands sem herlausrar þjóðar.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Hver hirðir rentuna?

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Munurinn á söluverðmæti afurðanna sem auðlindir náttúrunnar gefa af sér á heimsmarkaði og framleiðslukostnaði heitir auðlindarenta. Tökum dæmi. Olíufarmur sem selst á eina milljón Bandaríkjadala kostaði kannski ekki nema 100 þúsund dali í framleiðslu. Rentan er þá afgangurinn eða 900 þúsund dalir. Takið eftir hlutföllunum. Rentan er iðulega margfalt meiri en framleiðslukostnaðurinn. Af þessu leiðir óbilgjarna ásókn í auðlindarentu.

Olíuríkin í Arabaheiminum eru einræðisríki öll með tölu. Er það tilviljun? Varla. Bandaríkin og Noregur voru rótgróin lýðræðisríki þegar olía fannst þar og urðu rentusókn því ekki að bráð. Lýðræðið laskaðist ekki, a.m.k. ekki í Noregi. Rússland er dæmi um land þar sem lýðræðið stendur höllum fæti m.a. vegna ásóknar óbilgjarnra manna í olíurentuna. Ísland sýnist vera á sömu leið. Hér er lýðræðið í uppnámi. Alþingi er að reyna að stela stjórnarskránni m.a. til að þóknast útvegsmönnum sem mega ekki til þess hugsa að réttur eigandi, fólkið í landinu, fái að njóta rentunnar af sameignarauðlind sinni í sjónum.

### Hversu mikil er rentan?

Íslendingar eiga sameiginlega tvær verðmætar náttúruauðlindir sem gefa af sér ríkulega rentu. Sjávarauðlindin er talin gefa af sér rentu sem nemur um 2% til 3% af landsframleiðslu eins og Indriði H. Þorláksson hagfræðingur lýsti á ráðstefnu í Háskóla Íslands í vor leið og birti síðan í prýðilegri ritgerð á vefsetri sínu. Þetta mat hans á fiskveiðirentunni rímar vel við fyrra mat Þjóðhagsstofnunar og annarra allar götur aftur í árdaga kvótakerfisins um miðjan 9. áratug síðustu aldar. Indriði bendir á að um 10% rentunnar falla réttum eiganda í skaut í gegnum smávægileg veiðigjöld frá 2002. Afgangurinn, 90% af rentunni, rennur til útvegsmanna sem hegða sér þótt fáir séu eins og ríki í ríkinu og leika á Alþingi eins og gítar.

Rentan sem sprettur af hinni höfuðauðlindinni, orkunni í iðrum landsins og vatnsföllum, er einnig umtalsverð. Sigurður Jóhannesson hagfræðingur lýsti mati sínu á henni á sömu ráðstefnu og Indriði í vor leið og taldi hana nema um 1,5% til 2% af landsframleiðslu. Orkulindirnar hafa ekki dregið að sér yfirgangssama sérhagsmunaseggi líkt og sjávarútvegurinn. Þó hafa stjórnmálamenn á atkvæðaveiðum gert út á orkuna með því að lofa kjósendum orkuverum í aðdraganda kosninga og veikt með því móti samningsstöðu Íslands gagnvart erlendum viðsemjendum um orkuverð. Orkuverðinu var því áratugum saman haldið leyndu fyrir eigandanum, fólkinu í landinu. Svo lágt var verðið að stjórnvöld töldu það ekki þola dagsbirtu.

### 20 mkr. á hverja 4ja manna fjölskyldu

Samanlagt verðmæti beggja auðlinda þjóðarinnar til sjós og lands liggur skv. mati Indriða H. Þorlákssonar og Sigurðar Jóhannessonar á bilinu 67% til 90% af landsframleiðslu. Ef við förum bil beggja jafngildir mat þeirra um 20 mkr. eignarhlut á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu. Við þessa tölu þyrfti að bæta mati á verðmæti víðerna í náttúru Íslands sem dregur nú að landinu erlenda ferðamenn sem aldrei fyrr.

> **Þessar tölur um verðmæti auðlindanna, auðlindarentuna og skiptingu hennar eru meðal mikilvægustu hagtalna og ættu því að vera aðgengilegar á vefsetri Hagstofu Íslands. Þar er þessar tölur þó hvergi að finna heldur þurfa menn að grafa þær upp úr gögnum hagfræðinga utan stjórnsýslunnar.**

Eftir því sem kjósendur gera sér gleggri grein fyrir málinu og umfangi þess eykst stuðningur almennings við réttláta skiptingu auðlindarentunnar. Í þessu ljósi þarf að skoða stuðning 83% kjósenda við ákvæði um auðlindir í þjóðareigu í þjóðaratkvæðagreiðslunni um nýja stjórnarskrá 2012. Í þessu ljósi þarf einnig að skoða aðför Alþingis að lýðræðinu í landinu í þeim augljósa tilgangi að hafa arðinn af sjávarauðlindinni af réttum eiganda.

Þessar tölur um verðmæti auðlindanna, auðlindarentuna og skiptingu hennar eru meðal mikilvægustu hagtalna og ættu því að vera aðgengilegar á vefsetri Hagstofu Íslands. Þar er þessar tölur þó hvergi að finna heldur þurfa menn að grafa þær upp úr gögnum hagfræðinga utan stjórnsýslunnar. Þjóðhagsstofnun birti þessar tölur á sinni tíð og var lögð niður.

### Eign fólksins

Í bindandi Alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 1966 sem Íslendingar og flestar aðrar þjóðir heims hafa undirritað og fullgilt segir í fyrstu grein (í þýðingu utanríkisráðuneytisins): „Allar þjóðir mega, í sínu eigin markmiði, ráðstafa óhindrað náttúruauðæfum og auðlindum sínum...“ Hvorki erlendum mönnum né innlendum leyfist því að sölsa auðlindirnar undir sig. Þess vegna m.a. hefur norska ríkið leyst til sín fyrir hönd skattgreiðenda um 80% af olíurentu Norðmanna frá öndverðu.

Í drögum að nýrri stjórnarskrá Færeyja segir svo í íslenzkri þýðingu: „Við nýtingu auðlinda skulu stjórnvöld annaðhvort innheimta auðlindagjald eða tryggja öllum jafnræði til nýtingar.“ Og síðan: „Arður af landi og fiskimiðum sem ekki eru í einkaeign er auðlind og eign fólksins.“ Sem sagt: Þjóðin á auðlindirnar og tekur gjald fyrir afnot þeirra eða tryggir öllum jafnan aðgang að þeim. Við sitjum öll við sama borð. Þetta er inntakið í ákvæðinu um auðlindir í þjóðareigu sem 83% kjósenda samþykktu í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012 og Alþingi er enn að reyna að drepa á dreif.

Ný ríkisstjórn jafnaðarmanna, Þjóðveldisflokksins og Framsóknar í Færeyjum hefur lofað þjóðaratkvæðagreiðslu þar um nýja stjórnarskrána 2017. Vonandi reynist lögþingið í Færeyjum þjóð sinni betur en Alþingi hefur reynzt.



# Northern Future Forum



Arnar Þór Magnússon
skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu

**Í ár var horft til tveggja þátta, annars vegar vaxtar og viðgangs skapandi greina og hins vegar nýsköpunar í opinberum rekstri.**

Fyrir stuttu komu saman í Reykjavík forsætisráðherrar Norðurlandanna, Eystrasaltsríkjanna og Bretlands á ráðstefnuna Northern Future Forum (NFF) í boði Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra.

Fyrsta ráðstefnan undir þessu heiti var haldin í London 2011 að frumkvæði David Cameron, forsætisráðherra Breta, og þær hafa síðan verið haldnar í Stokkhólmi, Ríga og Helsinki. Það sem gerir NFF-ráðstefnuna óvenjulega er að þar setjast ráðherrarnir niður, tveir til þrír saman, í litlum málstofum með sérfræðingum frá löndunum og ræða framtíðina með hliðsjón af tilteknum þemum. Undirliggjandi markmið ráðstefnunnar er að greina hvaða leiðir eru mögulegar til auka vöxt og viðgang viðkomandi samfélaga og skoða hvað við getum lært hvert af öðru. Ráðherrarnir hlusta, taka þátt í umræðum og fara heim með hugmyndir um leiðir til samfélagsumbóta. Þau samskipti sem fram fara á NFF og sú jákvæða nálgun sem notuð er til þess að horfa til framtíðarinnar gerir ráðstefnuna að einstökum viðburði.

Í ár var horft til tveggja þátta, annars vegar vaxtar og viðgangs skapandi greina og hins vegar nýsköpunar í opinberum rekstri. Áður hafa á fundunum verið rædd málefni eins og hvernig menntakerfið styður við nýsköpun, græna hagkerfið og hvernig hægt er að fjölga konum í stjórnunarstöðum. Allt málefni sem skipta löndin miklu og í raun heiminn allan.

Á ráðstefnunni í Reykjavík var meðal annars rætt hvernig menntakerfi gætu ýtt undir skapandi hugsun, hvernig hönnun getur nýst á ýmsum sviðum, með hvaða hætti hægt er að standa að nýsköpun í opinberum rekstri, t.d. í flóknum kerfum, svo sem heilbrigðiskerfum og skattkerfum, og hvernig hægt er að nota tækninýjungar til að hjálpa til við skipulag, þróun og rekstur borgarsamfélaga. Ásamt forsætisráðherrunum tók fjöldi sérfræðinga þátt í ráðstefnunni, þar af ríflega 40 frá fjölbreyttum fyrirtækjum og stofnunum. Um var að ræða bæði forstjóra stórra fyrirtækja, svo sem dönsku risanna Lego og ATP, en einnig forsvarsmenn minni fyrirtækja og sprotafyrirtækja og fulltrúa frá opinberum stofnunum.

Á vefnum http://nff2015.is/ eru allar frekari upplýsingar um ráðstefnuna. Þar má nálgast umfjöllun um sérfræðinganna, greinar um þemun, samantekt af málstofum o.fl. Áformað er að næsta ráðstefna verði haldinn í Noregi að ári.

# Hátækni á mygluðum fornminjum



Birgir Guðjónsson
læknir

**Kvikmyndagestir framtíðarinnar geta sennilega fengið að vita hvaða hagsmunaöfl réðu því að reynt var að byggja hátæknisjúkrahús með framtíðarþarfir í huga á mygluðum fornminjum!**

Það er nokkuð vinsælt í kvikmyndum að mynda hið gamla og ekki síður að spá í framtíðina eins og nýlegar kvikmyndir hafa sýnt og verið vinsælar.

Nóg er þessa dagana af áhugaverðu efni sem skrásetjarar framtíðar geta skoðað og kvikmyndað, t.d. hvort hjólreiðamönnum hafi tekist að loka Reykjavíkurflugvelli og knýja borgarbúa sem landsmenn almennt til hjólreiða.

Annað áhugavert er nýlega fundinn snyrtilega hlaðinn götukantur sem hlaðinn var 1928 og nokkrir landkrabbar og landsfeður hafa viljað kalla hafnargarð og friða sem fornminjar. Vandséð er hvers konar skip gætu lagst að slíkum halla.

**Nýjan spítala án myglusvepps**

Þriðja málið væri hinn umtalaði Landspítali sem er nokkurn veginn á sama aldri og meintur hafnargarður og því rökrétt einnig fornminjar. Spítalinn er ótvírætt gamall með myglusveppum vítt og breitt sem hafa valdið heilsuvanda jafnvel hjá starfsfólki. Ekki eru heldur salernin mörg samkvæmt upplýsingum starfsmanna í fjölmiðlum.

Þörf á nýjum spítala með salernum og án myglusveppa er flestum ljós. Var samþykkt samhljóða í hvelli af vitringum við Austurvöll að endurbyggja spítalann við Hringbraut og endurnýta byggingar sem mest og gera að hátæknisjúkrahúsi. Slíkar ályktanir eru sjaldnast til heilla og nú efast margir um ákvörðun vitringanna en sitja upp með þá og ákvörðun þeirra og telja nýbyggingu (án myglusveppa) utan þéttasta byggðakjarnans vera viturlegri.

**Til hverra var leitað?**

Fullyrt er við almenning að bestu ráða hafi verið leitað víða um lönd og samdóma álit fengist um að núverandi staðsetning væri hentugust þrátt fyrir umferð og endurnýta ætti sem flest á staðnum.

Fróðlegt væri að vita til hverra hafi verið leitað a.m.k. var það ekki til Karólínsku stofnunarinnar, einnar virtustu á Norðurlöndum og jafnvel í Evrópu sem nú er að endurbyggja sjúkrahúsið í a.m.k þriðja skipti frá grunni og á nýjum stað utan borgarkjarnans með þeim rökum að það væri hentugra en að endurbyggja og endurnýta allt það gamla.

Þarf ekki að leita víða til að sjá að þekkt sjúkrahús hafi verið endurbyggð á nýjum stöðum. Einhverjir eru með langt nef eins og Gosi forðum og svartan blett á tungunni fyrir að segja ekki rétt frá.

Kvikmyndagestir framtíðarinnar geta sennilega fengið að vita hvaða hagsmunaöfl réðu því að reynt var að byggja hátæknisjúkrahús með framtíðarþarfir í huga á mygluðum fornminjum!

Vonandi verður ekki tilefni fyrir kvikmyndagesti framtíðarinnar að spyrja hvers vegna ábyrgðarstöður séu enn veittar samkvæmt pólitískum, ættar- og kunningsskapartengslum en ekki faglegum verðleikum.






**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# RÚV – í núinu og til framtíðar



Kristinn Dagur Gissurarson
stoltur framsóknarmaður, viðskiptafræðingur og stjórnarmaður í RÚV ohf.

Í kjölfar skýrslu starfshóps, sem menntamálaráðherra skipaði um rekstur og starfsemi RÚV frá því það var ohf.-vætt árið 2007, hafa spunnist miklar og oft á tíðum óvægnar umræður í þjóðfélaginu. Sitt sýnist hverjum, eðlilega, en því miður hafa menn farið í skotgrafirnar og borið brigslyrði upp á höfunda skýrslunnar, stjórnendur og stjórn RÚV og jafnvel starfsmenn. Það er miður.

Skýrslan kom út 29. október og er afar forvitnileg lesning. Hægt er að deila um framsetningu, orðfæri, samhengi, skipan starfshópsins og svo framvegis. En skýrslan stendur eftir sem opinbert plagg og ber að skoðast sem slíkt. Því er rétt að fara aðeins yfir sögu RÚV frá árinu 2007 og hvað framtíðin gæti borið í skauti sínu.

**Ohf.-væðing RÚV**

Ákveðið var við stofnun RÚV ohf. að eigið fé þess yrði 15%. Þó var vitað á þeim tíma að það væri of lágt eða alla vega um það deilt. Útvarpsgjaldið sem sett var á hefur aldrei gengið óskert til félagsins. Þessi tilhögun leiddi til margs konar vandamála í rekstri RÚV og þurfti fjárveitingavaldið að leggja stofnuninni til aukafjárveitingar nokkrum sinnum auk þess að afskrifa skuldir. En þessar upphæðir náðu þó ekki þeirri upphæð sem RÚV hefði fengið ef Alþingi hefði ekki klipið af útvarpsgjaldinu. Rétt er að hafa þessa staðreynd í huga þegar skeggrætt er um rekstrarvanda RÚV.

**Tími mikillar skuldasöfnunar**

Segja má með sanni að í tíð ríkisstjórnar Jóhönnu og Steingríms á árunum 2009/13 hafi vandi RÚV orðið því sem næst óstjórnlegur. Ekki nóg með að ríkisstjórn þeirra með fulltingi Alþingis hafi stórlega skert framlög til RÚV heldur fóru þáverandi stjórn og útvarpsstjóri offari í lántökum til að halda rekstri félagsins í óbreyttri mynd. Það ferli endaði svo með stórum hvelli, síðla árs 2013 þegar þáverandi útvarpsstjóri, Páll Magnússon, sagði af sér í kjölfar mikillar ólgu vegna fjöldauppsagna og hagræðingaraðgerða. Hvað olli því að félagið flaut sofandi að feigðarósi á þessum tíma er umhugsunarefni en ábyrgðin var á hendi þáverandi stjórnar og útvarpsstjóra. Þeirra er að svara fyrir þann tíma í rekstrarsögu RÚV ohf.

**Núið og LSR lánið**

Þó margt orki tvímælis þá gert er, er alveg ljóst að góður viðsnúningur hefur orðið á rekstri RÚV ohf. frá því að nýr útvarpsstjóri og ný stjórn tóku við keflinu. Miklar skuldir íþyngdu félaginu og þörf var á aðgerðum. Farið var í miklar aðhaldsaðgerðir innandyra og hluti hússins eða nálægt 3.000 fermetrar leigðir út. Samið var um frestun afborgana og vaxta af LSR-láninu í eitt og hálft ár. Þessi aðgerð tryggði jákvætt sjóðstreymi á tímabilinu sem er félaginu lífsnauðsynlegt. Það er auðvitað álitamál hvort réttlætanlegt sé að ríkið yfirtaki þessa skuldbindingu sem nú stendur í um 3,2 milljörðum. Stofnunin fékk lóð og húseign á móti skuldum á sínum tíma, árið 2007. Verði tekjur af sölu lóðar notaðar til lækkunar skulda mun eigið fé félagsins fara úr tæpum 6% í um 16% sem er meira en það var við stofnun RÚV ohf.

**Framtíðin**

Miklar breytingar hafa orðið á fáum árum í fjölmiðlun og sér ekki fyrir endann á þeim. Það er því bráðnauðsynlegt að stjórn og útvarpsstjóri taki höndum saman og móti sína framtíðarsýn á hlutverki og starfsemi RÚV ohf. Allt þarf að vera undir í þeirri vinnu, þar á meðal skýrsla starfshóps undir forystu Eyþórs Arnalds um rekstur og starfsemi RÚV ohf. frá 2007 til dagsins í dag.

Alþingi ræður miklu, og í raun öllu, um starfsemi RÚV ohf. á næstu misserum. Verði lögum ekki breytt er varða útvarpsgjaldið þarf að fara í gagngera uppstokkun á rekstrinum, nú þegar. Það er ekki skynsamlegt. Tryggja þarf reksturinn, í það minnsta, fyrir árið 2016 og nota fyrrihluta þess árs í vandaða greiningu á stöðu og hlutverki RÚV til framtíðar. Þá fyrst er hægt að taka vel ígrundaðar ákvarðanir.

> **Miklar breytingar hafa orðið á fáum árum í fjölmiðlun og sér ekki fyrir endann á þeim. Það er því bráðnauðsynlegt að stjórn og útvarpsstjóri taki höndum saman og móti sína framtíðarsýn á hlutverki og starfsemi RÚV ohf.**

**Er og verður**

RÚV er í þágu okkar allra. Framsóknarflokkurinn hefur ætíð staðið vörð um þessa menningarstofnun sem hefur fylgt okkur lengi og meginþorri þjóðarinnar vill hafa við hlið sér. Mikill mannauður og ómetanleg menningarverðmæti eru fólgin í RÚV. Þekking, reynsla og hæfileikar starfsmanna RÚV er gnægtabrunnur sem þjóðin nýtur góðs af. Undirritaður mun sem stoltur framsóknarmaður og stjórnarmaður í RÚV beita sér, hér eftir sem hingað til, fyrir öflugum og hlutlægum fjölmiðli í almannaeigu.

# Höldum okkur við staðreyndir



Guðmundur Gunnarsson
starfsmaður Gætum garðsins

Í leiðara Fréttablaðsins 10. nóvember sl. fer Óli Kristján Ármannsson fram á að talsmenn Gætum garðsins haldi sig við staðreyndir. Óli Kristján segir að það séu rangfærslur og útúrsnúningar hjá Björk og Andra Snæ að halda því fram að Íslendingar horfi til þess að sjá Bretum fyrir rafmagni, eða að ríkisstjórnin geti á einhvern hátt keyrt í gegn stefnu þar sem ráðist yrði í virkjanir út um allar koppa grundir.

Það virðist vera að Óli Kristján hafi ekki verið á fundinum eða ekki hlustað á streymi Vísis af fundinum. Þau vitnuðu í viðtöl sem birst hafa í enskum fjölmiðlum við forsætisráðherra Íslands og Bretlands þar sem þetta kom fram og birtu m.a. nokkrar tilvitnanir í ummæli þeirra um „Britain and Iceland volcano power project“. Í ræðum Bjarkar og Andra Snæs og undirritaðs var bent á að þessar fullyrðingar ráðherranna stæðust enga skoðun. Það væri einfaldlega ekki hægt að skaffa allt það rafmagn sem forsætisráðherrarnir töluðu um, jafnvel þó allt væri virkjað hér á landi sem virkjanlegt er. Þannig að réttara væri hjá Óla Kristjáni að beina orðum sínum til Sigmundar Davíðs og Cameron. Reyndar sagði iðnaðarráðherra í viðtölum á föstudaginn eftir fund Gætum garðsins að það væri margt rangt sem Björk og Andri Snær hefðu sagt. Við bíðum spennt eftir því að heyra frá iðnaðarráðherra hvað af því sem við sögðum sé rangt.

Óli Kristján fullyrðir að meirihluti þeirrar orku sem rætt er um að selja um rafstreng verði umframorka frá núverandi virkjunum sem ekki nýtist hér innanlands. Staðan í dag er hins vegar sú að það er skortur á rafmagni á ákveðnum stöðum á landinu, sérstaklega á Norðausturlandi. Sú orka er framleidd með olíu. Þessi orka er til en það kallar á úrbætur í dreifikerfi Landsvirkjunar.

> **Það væri einfaldlega ekki hægt að skaffa allt það rafmagn sem forsætisráðherrarnir töluðu um, jafnvel þó allt væri virkjað hér á landi sem virkjanlegt er.**

**Einn mesti fjársjóður landsins**

Við höfum í málflutningi okkar aldrei dregið það í efa að það þurfi að lagfæra orkudreifikerfið og jafnvel að virkja eitthvað meira, en það eru hins vegar uppi deilur um hvernig eigi að gera það. Það stefnir í að það vanti orku á Eyjafjarðarsvæðið, sama á við Skagafjarðarsvæðið, sama á við Skagaströnd þ.e.a.s. ef þar verður byggt álver. Það er hafin bygging stóriðju á Húsavík og þegar þessi stóriðja verður ræst vantar orku til Húsavíkur. Sama á við um Grundartanga, þangað vantar mikla orku. Það er hafin bygging orkufrekrar stóriðju í Helguvík, þangað vantar mikla orku.

Þrátt fyrir þetta lætur forsætisráðherra landsins hafa eftir sér framangreindar fullyrðingar við erlenda fjölmiðla og fundur Gætum garðsins var einmitt haldinn til þess að leiðrétta það við þá fjölmörgu erlendu blaðamenn sem hér eru.

Miðhálendi Íslands er sannarlega einn mesti fjársjóður landsins. Þar má finna stærsta ósnortna víðerni í Evrópu. Stórbrotnar landslagsheildir og náttúrufyrirbæri með eldfjöllum, jöklum, vatnsmiklum ám og fossum. Víðerni á Íslandi hafa minnkað um 68% frá árinu 1936 samkvæmt nýlegri rannsókn við Háskóla Íslands, það verður ekki gengið lengra.

Það virðist ekki vefjast fyrir íslenskum stjórnvöldum að leggja lengsta sæstreng í heimi eða 1.200 kílómetra til Bretlands til þess að tryggja rafmagnsöryggi Bretlands. Til þess að geta gert það þarf að virkja nánast allt sem virkjanlegt er á landinu og leggja háspennulínur eftir þverar sveitir Norðurlands og yfir Sprengisand. Sigmundur Davíð segir það hins vegar ekki koma til greina að leggja jarðspennustrengi fyrir Íslendinga til verndunar íslenskrar náttúru, það sé alltof dýrt.

# Ísland og norðurslóðir



Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir
varaforseti Norðurlandaráðs

Breytingarnar á norðurskautinu eru mun örari en nokkurn óraði fyrir að gæti orðið fyrir einungis fáum árum. Bráðnun heimskautaíssins og sú stóraukna skipaumferð sem af hefur hlotist um norðurpól, auðlindir sem stórþjóðir hafa augastað á undir hafsbotni og í jörðu – að ekki sé minnst á afdrif lífstofna í hafinu sem strandríkin byggja afkomu sína á – allt hefur þetta gert mönnum æ betur ljóst hve mikið er í húfi fyrir vistkerfi og efnahag Norðurslóðaríkja.

**Ágirnd á auðæfum Norðurslóða**

Æ fleiri ríki, stofnanir og samtök ásælast hlut í gæðum og möguleikum norðurslóða, ekki síst með auðlindanýtingu fyrir augum. Samhliða eru valdastjórnmál farin að yfirskyggja samvinnu ríkja, eftir því sem stórveldin gera sig meira gildandi í norðurslóðamálefnum. Stórþjóðir hafa skilgreint norðurskautið sem hernaðarlega mikilvægt og hernaðarleg viðvera hefur færst þar í aukana. Að sama skapi hafa æ fleiri þjóðir séð ástæðu til þess að árétta fullveldi sitt og hagsmuni tengda nýtingu.

Við svo búið verða Norðurlöndin að taka sér stöðu og gæta hagsmuna sinna og samningsstöðu gagnvart umheiminum. Það er því mikilvægara en nokkru sinni fyrr að efla og bæta samstarf Norðurlanda í umhverfis- og öryggismálum á norðurslóðum.

**5 ríkja samstarf eða Norðurskautsráð?**

Hið svokallaða 5 ríkja samstarf um norðurskautsmálefnin er eitt dæmi um það hvernig valdastjórnmál eru að verða ógn við ríkjasamvinnu í málefnum norðurslóða. Kanada, Banaríkin, Rússland, Danmörk og Noregur hafa myndað með sér samráðsvettvang, en undanskilið Íslendinga, Svía, Finna og frumbyggjasamtökin. Til hliðar við þennan vettvang starfar svo Norðurskautsráðið, en í því eru öll norðurslóðaríkin átta: Ísland, Svíþjóð, Noregur, Finnland, Danmörk, Bandaríkin, Kanada og Rússland. Þar eiga frumbyggjasamtök norðurskautsins einnig sína fulltrúa og ýmsir fleiri. Meðal aðildar- og áheyrnaraðila Norðurskautsráðsins eru 10 af 11 stærstu hagkerfum heims, 6 af 15 stærstu olíuframleiðsluríkjum heims og 9 af 20 stærstu fiskveiðiþjóðum heims. Norðurskautsráðið er þess vegna vettvangurinn þar sem samráð þjóðanna á að eiga sér stað um málefni norðurslóða. Það er mikilvægt fyrir hagsmuni Norðurlanda að styrkja Norðurskautsráðið.

Augljóst er að strandríkin, ekki síst Íslendingar og frumbyggjaþjóðirnar, eiga mikið undir því hvernig mál þróast á norðurslóðum. Hagsmunir Íslands eru nátengdir samgöngum til og frá landinu og auðlindanýtingu á borð við fiskveiðar. Ísland er til dæmis 17da stærsta fiskveiðiþjóð heims. Ísland á kröfu til land- og hafsvæða norðan heimskautsbaugs, enda er efnahagslögsaga okkar innan norðurskautsvæðisins og nær til Grænlandshafs við Norður-Íshaf.



> **Það er mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að valdastjórnmálum sé vikið til hliðar í málefnum norðurslóða, þar sem svo geigvænlegar umhverfisbreytingar eru að eiga sér stað.**

**Rannsóknir og samstarf – ekki valdastjórnmál**

5-ríkja samstarfið hefur verið okkur þyrnir í augum af tveim ástæðum. Sú fyrsta er augljós, við eigum þar enga aðkomu. Hin ástæðan er að það hefur aukið spennu og tortryggni í samskiptum landa. Framkoma Rússa í austanverðri Evrópu hefur ekki bætt úr þeirri skák, og undirstrikar einnig nauðsyn þess að Norðurlönd og Vesturlönd standi saman á öllum sviðum. Er nú svo komið að jafnvel Bandaríkjamenn hafa látið í ljósi áhyggjur af því að kannski sé 5-ríkja samráðsvettvangurinn full ráðríkur með tilliti til minni þjóðanna sem eiga hlut að máli.

Það er mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að valdastjórnmálum sé vikið til hliðar í málefnum norðurslóða, þar sem svo geigvænlegar umhverfisbreytingar eru að eiga sér stað. Á móti þarf að efla milliríkjasamstarf um rannsóknir og vöktun á svæðinu svo ákvarðanir framtíðar byggist á vísindalegri þekkingu. Um þetta ættu Íslendingar að hafa forgöngu, því við eigum að vera leiðandi í málefnum norðurslóða á grundvelli fagmennsku, þekkingar og ábyrgrar umhverfisstefnu. Afkoma okkar og framtíð getur oltið á því.



















# LÁTTU LÍFIÐ LEIKA VIÐ ÞIG

**KYNNINGARTILBOÐ Á BEOSOUND MOMENT OG ÖLLUM MULTIROOM HÁTÖLURUM.**

BEOLINK MULTIROOM SAMEINAR ÖLL BANG & OLUFSEN TÆKI Í EITT AÐGENGILEGT ÞRÁÐLAUST KERFI. HÆGT ER AÐ SPILA MISMUNANDI TÓNLIST Í HVERJU HERBERGI EÐA LEYFA ÖLLUM AÐ NJÓTA SÖMU TÓNLISTAR SAMA HVAR ÞEIR ERU STADDIR Á HEIMILINU.

EINFALT ER AÐ STREYMA TÓNLIST ANNAÐHVORT MEÐ NÚVERANDI BANG & OLUFSEN TÆKJUM EÐA AÐ STÝRA UPPLIFUNINNI MEÐ SNJALLSÍMANUM.

FULLKOMIN MULTIROOM LAUSN FYRIR LÆGRA VERÐ.

KOMDU Í VERSLUNINA OG KYNNTU ÞÉR TILBOÐIN.

BANG & OLUFSEN

ORMSSON

LÁGMÚLI 8 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 530 2800

# Samskipti ríkis og kirkju í öðrum löndum III



**Þórir Stephensen**
fv. dómkirkjuprestur og staðarhaldari í Viðey

Vantrúarmaður gerði athugasemdir í viðræðu á Vantrúarvefnum árið 2013 við mann, annarrar skoðunar og segir: „… í flestum löndum gengur alveg ágætlega án þjóðkirkju, þetta fyrirkomulag er alger undantekning.“

En hvað segja aðrar heimildir? Á vef íslensku þjóðkirkjunnar er heilmikinn fróðleik að finna, m.a. undir yfirskriftinni Trúin og lífið. Þar er sagt frá því, að í danska blaðinu Kristeligt dagblad var fyrir nokkru gerð úttekt á sambandi ríkis og kirkju í 25 löndum, sem þá voru í Evrópusambandinu eða á leið þar inn. Í öllum ríkjunum 25 er trúfrelsi, en mér virðist Holland vera eina landið, þar sem ríki og kirkja eru algjörlega aðskilin. Í stjórnarskrám fimm þeirra er Guðs nafn nefnt og áhersla lögð á hinn kristna menningararf. Í hinum löndunum kemur ríkið eitthvað að trúmálum og fyrst og fremst með því að það fjármagnar trúfélög og oftast vegna þess, að kirkja og kristni hafa þar ótvíræða sérstöðu. Flest ríki álfunnar, þar sem kaþólska kirkjan er í meirihluta, hafa gert sáttmála (konkordat) við páfastól, sem tryggir kirkjunni ákveðin réttindi af hálfu ríkisins.

**Öðruvísi en margir hafa haldið**

Þannig er augljóst, að samskipti ríkja og kirkju í Evrópu eru öðruvísi og flóknari en margir hafa haldið.

Í Danmörku er þjóðkirkja. Þar er stjórnarskrárákvæðið nánast samhljóða því íslenska. Danska þjóðkirkjan er þó miklu háðari ríkinu en sú íslenska, því öll hennar ráð eru í höndum Þjóðþingsins og kirkjumálaráðuneytisins. Ríkið innheimtir kirkjuskatt, sem stendur undir rekstri kirkjunnar og safnaða hennar. Önnur trúfélög njóta ekki lögboðins stuðnings ríkisins. Kristin fræði eru kennd í skólunum. Nemendur, sem ekki tilheyra þjóðkirkjunni, fá undanþágu frá þátttöku en fáir notfæra sér það. Samstarf kirkju og skóla er náið.

Norska ríkið hóf endurskoðun á sinni löggjöf 2012. Þar eru stjórnarskrármálin nú mjög svipuð þeim íslensku. Ríkið innheimtir árgjöld allra safnaða, kirkjulegra og annarra. Sveitarfélögin reka kirkjuhúsin og ríkið greiðir fyrir trúaruppfræðslu, sem þjóðkirkjan og önnur viðurkennd trúfélög annast.

Svíþjóð skildi að ríki og kirkju árið 2000. Þá voru ákvæði um þjóðkirkju felld út úr stjórnarskrá, en þó á konungurinn að tilheyra lúthersku kirkjunni. Þingið setur kirkjunni rammalög og ríkið greiðir umtalsverðar fjárhæðir til viðhalds kirkjubyggingum. Ríkið innheimtir einnig sóknargjöld fyrir öll skráð trúfélög og standa þau gjöld undir öllum rekstri þeirra.

Í Finnlandi eru tvær þjóðkirkjur, Lútherska kirkjan með um þrjá fjórðu hluta þjóðarinnar og Rétttrúnaðarkirkjan, með um 50 þúsund manns. Ríkið innheimtir kirkjuskatt til þeirra beggja og þingið setur þeim lög. Lútherska kirkjan hefur þó umtalsvert sjálfstæði og sterka fjárhagsstöðu. Engin lög eru sett um kirkjuna án samþykkis kirkjuþingsins og þjóðþingið getur aðeins samþykkt lagafrumvörp kirkjuþingsins eða hafnað þeim. Trúfræðsla er á námskrá skólanna og skal veitt í samræmi við trúfélag nemandans. Ef minnst þrír nemendur í bekk eru utan trúfélaga, ber að veita þeim sn. „livsåskådningskunnskap“. Fulltrúar kirknanna taka þátt í mótun námskrár í trúfræðslu, þótt hún sé á ábyrgð og kostnað og undir forræði skólans.

Bretland hefur ekki stjórnarskrá í sömu mynd og við. En mörg lög og reglur ákvarða tvær þjóðkirkjur, ensku biskupakirkjuna, Church of England, og skosku mótmælendakirkjuna, Church of Scotland. Tengslin milli ríkis og kirkna eru margslungin. Þjóðhöfðinginn er „verjandi trúarinnar“. Forsætisráðherrann útnefnir erkibiskup ensku kirkjunnar, sem ásamt nokkrum öðrum biskupum á sjálfkrafa sæti í efri deild breska þingsins, lávarðadeildinni. Í Bretlandi er sterk hefð fyrir trúfræðslu í skólum og samstarfi kirkju og skóla.

> **Í stjórnarskrám fimm þeirra er Guðs nafn nefnt og áhersla lögð á hinn kristna menningararf.**

Fyrr á tíð gegndu kirkja og kristin trú mikilvægu hlutverki í Þýskalandi og gera enn. Þýska stjórnarskráin hefst með orðunum: „Þar sem þýska þjóðin er sannfærð um ábyrgð sína fyrir Guði og mönnum …“

Þessar tilvitnanir sýna, að tengsl ríkis og kirkju í nágrannalöndum okkar eru talsverð, misnáin en þó meiri en oft er látið í skína í opinberri umræðu á Íslandi. Ég vildi óska þess, að við Íslendingar gætum sem heild tekið undir áður greind orð þýsku stjórnarskrárinnar, þegar samskipti ríkis og kirkju eru á dagskrá. Það er svo dýrmætt, að skynja ábyrgð sína bæði gagnvart samtíð sinni og óbornum kynslóðum.

# Styttri vinnudagur – hagur okkar allra





**Sóley Tómasdóttir**
forseti borgarstjórnar og borgarfulltrúi VG

**Magnús Már Guðmundsson**
varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar

Undanfarna átta mánuði hefur staðið yfir afar spennandi tilraunaverkefni hjá Reykjavíkurborg um styttingu vinnuvikunnar. Verkefnið nær til tveggja starfsstaða borgarinnar, Þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts og Barnaverndar Reykjavíkur. Þjónustumiðstöðin lokar klukkutíma fyrr alla virka daga en skrifstofa Barnaverndar lokar eftir hádegi á föstudögum. Bakvakt og neyðarþjónustu hefur verið sinnt með sama hætti og áður utan hefðbundins opnunartíma. Almenn ánægja er meðal starfsfólks sem hefur tekið þátt í verkefninu og allt bendir til þess að það hafi almennt tekist vel.

Það er mikið fagnaðarefni að ríkisvaldið hyggist setja af stað samskonar verkefni líkt og tilkynnt var fyrir skömmu í tengslum við kjarasamninga ríkisins við aðildarfélög BSRB. Markmið þess verður að kanna hvort stytting vinnuviku úr 40 vinnustundum í 36 leiði til gagnkvæms ávinnings starfsmanna og þeirra stofnana sem verða fyrir valinu.

Áfangamat stendur nú yfir á verkefninu í Reykjavík, en miðað við þau gögn sem þegar liggja fyrir og upplifun stjórnenda á starfsstöðunum virðist verkefnið hafa gengið vel. Það hefur kallað á breytt vinnufyrirkomulag og tímastjórnun og einhverja hnökra hefur þurft að lagfæra, en allt hefur það verið yfirstíganlegt.

> **Á sama tíma og þessi tilraunaverkefni standa yfir er nauðsynlegt að gera úttekt á þjóðhagslegri arðsemi þess að stytta vinnuvikuna.**

**Grunnur að langtímabreytingu**

Reykjavíkurborg hefur vandað til verka enda er hér verið að leggja grunn að langtímabreytingu í samfélagi okkar. Þar þarf meira til en eitt tilraunaverkefni og jafnvel þótt allar líkur séu á að borgin haldi áfram með verkefni af þessum toga vekur það von og gleði að sjá fleiri atvinnurekendur hefjast handa. Reykjavíkurborg er reiðubúin að miðla þeirri þekkingu sem hefur skapast undanfarna mánuði og mun gjarnan taka þátt í samstarfi um næstu skref, við ríkið og aðra atvinnurekendur ef svo ber undir.

Á sama tíma og þessi tilraunaverkefni standa yfir er nauðsynlegt að gera úttekt á þjóðhagslegri arðsemi þess að stytta vinnuvikuna. Þar verður að taka mið af tækifærum fólks á vinnumarkaði með tilliti til aðstæðna, s.s. kyns, barnafjölda, aldurs, fötlunar og uppruna. Verkefnið getur bæði jafnað tækifæri ólíkra hópa á vinnumarkaði og stuðlað að bættri og sanngjarnari nýtingu á kröftum okkar allra. Á sama tíma hefur þetta áhrif á aðbúnað og þjónustu við börn, eldra fólk, fatlað fólk bæði á stofnunum og heimilum og í reynd á menningu og viðhorf í samfélaginu öllu.

Það er til mikils að vinna, ríki og borg eiga að hjálpast að og tryggja að þetta mikilvæga verkefni takist vel. Styttri vinnuvika er hagur okkar allra.

*Höfundar sitja í stýrihópi um styttingu vinnuvikunnar.*



# „Standing ovation“ á sinfó 22. okt. 2015



**Þór Rögnvaldsson**
heimspekingur

Ég veit ekki hvað kom yfir mig þegar ég hlustaði á fyrsta verk tónleikanna – sem var Nótt á nornagnípu eftir Músorgskij – því að áður en varði var ég farinn að hugsa um allt annað tónskáld; þ.e. Jón Leifs. Furðulegt! Og því meira sem djöfuldómurinn kyrjaði hjá Músorgskij, því meira varð mér hugsað til Jóns Leifs – þar til skyndilega að mér fannst þessir tveir vera svo andlega skyldir að þeir hljóti að hafa verið ein og sama sálin; sem táknar að í fyrra lífi sínu hljóti Jón Leifs að hafa verið Músorgskij. Gefur það ekki augaleið?

Í ákveðnum skilningi er hægt að segja að djöfuldómurinn hafi haldið áfram í næsta verki sem var þriðji píanókonsert Prókofievs. Tök hins unga flytjanda – Abduraimovs – á verkinu voru alltént á stundum virkilega „diabolique“: fingralipurðin og krafturinn slíkur að einna helst minnti á galdra. Samt var ég ekki alls kostar ánægður með flutninginn sem mér fannst allt of einvíður. Auðvitað er þetta í aðra röndina sannkallað „bravúrverk“ – en bara í aðra röndina. Mér fannst hinn ungi galdramaður valta dálítið yfir hina hliðina á verkinu – sem er ofboðslega skemmtileg og ísmeygileg kímni. Til þess að ná þessu eðli verksins fram verður að köflum að draga úr hraðanum og kraftinum.

Og svo eftir hlé var það 5. sinfónía Tsjækovskíjs í meðförum Osmo Vänskä – sem var hreint út sagt stórkostleg uppfærsla; stórkostleg upplifun – og jafnvel lífsreynsla. Þetta var sköpun; sannkölluð nýsköpun. Það voru stórir hlutar af þessari frægu hljómkviðu sem mér fannst ég vera að heyra í fyrsta sinn – vegna þess hvað stjórnandinn tók verkið persónulegum tökum. Þetta líka eru galdrar: endursköpun sem maður heyrir kannski ekki oft á ævinni. Flutningur af þessu taginu situr í minninu.

**Ekkert sjálfsprottið**

Þessi grein er raunar ekki hugsuð til þess að vera gagnrýni – þótt ég hafi látið nokkrar hugleiðingar um túlkunina fylgja með. Það er allt annað sem mér er hér í huga: Mig langar til að gera að umræðuefni hvernig tónleikagestir í Hörpu – á tónleikum sinfóníuhljómsveitarinnar – sýna listamönnum virðingu sína með „standing ovation“. Í Hörpu hefur myndast ákveðin hefð hvað þetta varðar: Tónleikagestir standa upp fyrir heimsfrægum nöfnum – og þá helst einleikurum – og algerlega óháð því hvernig þessir listamenn pluma sig á sjálfum konsertinum. Þess vegna vissi ég á tónleikunum 22. okt. að gestir mundu rísa úr sætum fyrir einleikaranum – í takt við hefðina. Það er ekkert sjálfsprottið – „spontant“ – í þessu. Og þess vegna er þetta hálf neyðarlegt; dálítið kauðalegt – í sannleika sagt. Maður gefur ekki „standing ovation“ samkvæmt formúlu; maður gefur „standing ovation“ nokkrum sinnum á ævinni – og þá sem viðbrögð sem koma beint frá hjartanu. Og þar að auki: hvers vegna sýna þessir tónleikagestir aldrei íslenskum listamönnum sömu virðingu? Það er stutt síðan við heyrðum framlag Arngunnar í Mozart og Víkings Heiðars í Skrjabin – og stóðu þau sig bæði frábærlega og aldeilis ekkert síður en einleikarinn þann 22. okt.

> **Tónleikagestir standa upp fyrir heimsfrægum nöfnum – og þá helst einleikurum – og algerlega óháð því hvernig þessir listamenn pluma sig á sjálfum konsertinum.**

Meginástæðan fyrir því að ég skuli hafa haft fyrir því að setja þessa punkta saman er samt þessi: Það var nefnilega full ástæða til þess að standa upp á tónleikunum þann 22. okt. sl. – fyrir hljómsveitarstjóranum. Fólk gerir sér sjálfsagt ekki grein fyrir því að þessi framkoma – sú staðreynd að ekki var staðið upp fyrir hljómsveitarstjóranum – getur verkað illa: það getur verkað sem svo að tónleikagestir hafi ekki fullkomlega kunnað að meta framlag hljómsveitarstjórans. Þetta er fullkomlega ósanngjarnt vegna þess að 5. Tsjækovskís hljómaði aldeilis frábærlega – og já, það var ástæða til þess að standa upp fyrir Osmo Vänskä.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT



**BONDSTÚLKAN Í ÁR**
Léa Seydoux leikur Madeleine Sweann í 24. Bondmyndinni, Spectre, sem sýnd er í kvikmyndahúsum. Léa er þrítug frönsk leikkona sem elskar Miu Miu, Prada og Louis Vuitton.

TÆKIFÆRISGJAFIR

TILBOÐ
Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

# TÖFF, SEXÍ OG EXTRAVAGANSA

**SPURT&SVARAÐ** *Ingrid Karis er ein þeirra sem taka þátt í tískusýningu Unglistar í Ráðhúsi Reykjavíkur á sunnudaginn næstkomandi. Hún er einnig tískuljósmyndari og svarar hér nokkrum spurningum um sinn eigin stíl.*

**Spáir þú mikið í tísku?** Já.
**Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?** „Flashi blur.“
**Hvernig klæðir þú þig hversdags?** Það verður að vera þægilegt.
**Hvernig klæðir þú þig spari?** Töff, sexí, extravagansa.
**Hvar kaupir þú fötin þín?** Á eBay.
**Eyðir þú miklu í föt?** Nei.
**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Pleðurpils sem ég saumaði.
**Uppáhaldshönnuður?** Á ekki uppáhalds, þar eru samt uppáhaldsflíkur, sykurmolar í nammiskálinni.
**Bestu kaupin?** 75 kjólar sem ég var að selja. Nokkrir eru eftir sem ég geymdi fyrir sjálfa mig. Ég er alltaf í þeim en þetta eru svona body-con-kjólar. Maður verður að sýna kúrvurnar „wherever you are“.
**Verstu kaupin?** MC Hammer-buxur.
**Hverju verður bætt við fataskápinn næst?** Leðurbuxum. Mig langar loksins í buxur úr ekta leðri. Pleður er alltaf að rifna!
**Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?** Leður, blúnda og silki! Hvað varðar útlit, þá er sjálfstraust með dassi af sexyness mest aðlaðandi.
**Notar þú fylgihluti?** Bara þegar ég fer út, þá mikið!
**Áttu þér tískufyrirmynd?** Eins og með uppáhaldshönnunina, þá á ég ekki tískufyrirmynd, en það er margt þarna úti sem vekur oft athygli.
**Getur þú sagt mér dálítið um sjálfa þig og hvað er fram undan hjá þér?** Ég er tískuljósmyndari. Er „wild and passionate“ og get ekki beðið með að klára kjólameistaranámið!
**Hvað ætlar þú að sýna á tískusýningu Unglistar?** Nokkra kjóla og samfestinga. Samtals 10 lúkk, en ég er sjálf ellefta lúkkið.



**SÝNIR LÍNURNAR** Ingrid Karis sýnir tíu kjóla og samfestinga á tískusýningu Unglistar sem fram fer í Ráðhúsi Reykjavíkur á sunnudaginn klukkan 20. MYND/INGRID KARIS



TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777








**SKAPANDI TÝPA** Kristjana Jokumsen hannar fallega skartgripi fyrir konur, karla og börn undir merkinu Jokumsen. MYND/VILHELM

# FJÖLSKYLDAN Í STÍL

**SKART** *Kristjana Jokumsen gerir sérhannaða skartgripi sem öll fjölskyldan getur skartað. Hugmyndin að þeim kom út frá hönnun snuddubanda.*

Hugmyndin að skartinu sem Kristjana Jokumsen verslunareigandi hannar þróaðist út frá snudduböndum sem hún gerir. „Ég fór að hanna undir merkinu Jokumsen og byrjaði að gera snuddubönd í sumar sem ég kalla Hjartabönd. Í kjölfarið datt mér í hug að hafa hálsmen í stíl þannig að móðir og barn gætu verið eins. Þá urðu Hjartamenin til. Þetta vatt svo upp á sig og til varð önnur tegund af snudduböndum, Kjarnabönd, og einnig hálsmen með þeim. Fjölskylduböndin eru svo afurð af þessari snuddubandahönnun en þau eru líka hugsuð fyrir karlmenn. Ég hef reyndar ekki selt karlmanni, svo ég viti til að minnsta kosti, hálsmen en ég er með armbönd fyrir þá. Armböndin voru upphaflega gerð sem systkinabönd, en svo var ég beðin um armband fyrir einn pabba þannig að ég stækkaði systkinaböndin og þau urðu að Fjölskylduböndum,“ útskýrir Kristjana.

Hún tekur dæmi af einni sérpöntun af Fjölskylduböndum sem hún gerði nýlega. „Ég gerði snudduband sem var skírnargjöf en svo fékk mamman líka hálsmen og pabbinn fékk armband. Mamman og barnið fengu hjarta á snuddubandið og hálsmenið en pabbinn fékk svepp á armbandið af því hann er kokkur. Gripirnir eru einmitt oft persónugerðir á einhvern hátt sem mér finnst mjög skemmtilegt.“



**LITRÍKT**
Skartið frá Jokumsen er í fallegum litum.

**SKEMMTILEG, MJÚK OG ÞÆGILEG**

Kristjana er skapandi týpa og hefur alltaf verið en segist ekki hafa leyft sköpuninni að njóta sín fyrr en núna. Hún byrjaði að gera snudduböndin sín síðastliðið sumar. „Þetta byrjaði þannig að ég var með vinkonu minni á kaffihúsi og sex mánaða sonur hennar var alltaf að naga snuddubandið sitt sem var með lökkuðum tréperlum. Ég fór þá að hugsa um hvaða efni væru í því. Eldri stelpan mín nagaði sitt líka, þannig að mér datt í hug að það væri sniðugt að hafa snudduböndin úr efni sem væri hentugt fyrir börn að naga, eitthvað mjúkt fyrir góminn og að lakkið færi ekki af því. Ég datt þá niður á hágæða sílikon sem er laust við eiturefni og ofnæmisvalda. Í leitinni að rétta efninu rakst ég á þessi svokölluðu gjafamen. Þau eru hugsuð fyrir mæður til að vera með á meðan börn þeirra eru að drekka brjóst, börnin geta þá fiktað í bandinu á meðan þau drekka og nagað það þegar þau eru ekki á brjósti þannig að ég fór að gera þau líka,“ segir Kristjana og bætir við að hún hafi ekki verið sjálf með skartgripi þegar stelpurnar hennar voru litlar. „Þær voru mikið að toga í skartgripina mína og reyna að japla á þeim en ég var ekki alveg til í leyfa þeim það. Það var því góð leið að nota gjafamenin til að geta verið fín um leið og þær fengu að fikta í skartinu mínu. Ömmur þeirra hafa líka notað sín men þegar þær koma í heimsókn en áferðin á perlunum er skemmtileg, mjúk og þægileg, og menið er ekki þungt. Ég hef líka heyrt af konum sem nota þau af því þær eru með ofnæmi fyrir málmum og geta ekki keypt hvað sem er en þær fá engin viðbrögð við hálsmenunum frá mér,“ segir hún og brosir.



**FJÖLSKYLDUBÖND**
Skartgripirnir sem Kristjana hannar eru úr hágæða sílikoni sem er laust við eiturefni og ofnæmisvalda. Gripirnir henta því flestum og hægt að koma með sérpantanir um útlit.











**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Skemmtikvöld í Glæsibæ

## kl. 19.00 - 21.30




Landsþekktur skemmtikraftur heldur uppi fjörinu

Jólabjórinn verður kynntur

Þann 12. nóvember frá klukkan 19 til 21.30 verður skemmtikvöld í Glæsibæ!
Fjölbreytt dagsskrá:

Happdrætti með flottum vinningum

**Dúndur tilboð og afslættir af vörum og þjónustu sem þú vilt ekki að missa af!**

Deluxe snyrti- og dekurstofa
Dion
Dalia
Heide úr og skartgripaverslun
Bakarameistarinn
Tvö líf

10-11
Kultura
Rolo
Uppskeran
Apótekarinn
Ólavía og Óliver

Lyfsalinn
Gleraugnaverslunin Glæsibæ
NoName
Tokyo Sushi
Snyrtivöruverslunin Glæsibæ

Glæsibær - Álfheimar 74 - 104 Reykjavík - www.glaesibaer.is

Nýjar vörur frá TWISTER



20% kynningarafsláttur
Netverslun á tiskuhus.is

My Style tiskuhús
Stærðir 38-52
my style
Bæjarlind 1-3
201 Kópavogur
s: 571-5464

Flott föt



Kjóll á 8.900 kr.
Fleiri litir og mynstur

Leggings á 8.900 kr.
2 litir: blátt, svart.

Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11-15

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook

HEILL HELLINGUR AF NÝJUM ÞÁTTUM Á STÖÐ 3

3 FÁÐU STÖÐ 3 Á BETRA VERÐI Í VETUR

STÖÐ 3 +ENDALAUST TAL +1 GB Í GSM
1.990 kr.
til 31. desember*

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is
365

*Gildir fyrir eina áskrift. Viðskiptavinir sem taka þessu tilboði fyrir 31. desember halda þessum kjörum í eitt ár.



**SETTLEG** Á blaðamannafundi vegna Spectre í London í fyrra. Seydoux klæðist blússu og pilsi frá Miu Miu.
NORDICPHOTOS/GETTY



**SMÓKING** Á blaðamannafundi í London í október í smóking frá Miu Miu.



**LEÐURJAKKI** Seydoux er ötull talsmaður Miu Miu. Hér er hún á tískusýningu Miu Miu í París í október.



**GULLKJÓLL** Þessum gyllta pallíettukjól frá Prada klæddist Seydoux á frumsýningu Spectre í London.

# HEFUR MÆTUR Á MIU MIU OG PRADA

**BONDSTÚLKA** *Léa Seydoux hefur bæst í hóp hinna eftirsóttu Bondstúlkna en hún leikur Madeleine Swann í 24. Bondmyndinni Spectre sem nú er sýnd í kvikmyndahúsum.*

Léa er þrítug frönsk leikkona sem hefur getið sér gott orð fyrir frammistöðu sína á hvíta tjaldinu. Hún steig fyrstu skrefin sem leikkona í frönskum myndum á borð við Une vieille maîtresse/The Last Mistress (2007) og De la guerre/On War (2008). Hún vakti fyrst athygli þegar hún var tilnefnd til César-verðlaunanna fyrir frammistöðu sína í La belle personne/The Beautiful Person (2008) og þegar hún hlaut Trophée Chopard-verðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Cannes sem eru veitt hæfileikaríkum ungum leikurum.

Hún hefur síðan þá skeiðað inn á völlinn í Hollywood af fullum krafti og leikið í myndum á borð við Inglourious Basterds (2009), Robin Hood (2010), Midnight in Paris (2011) og Mission: Impossible – Ghost Protocol (2011).

Seaydoux vakti heimsathygli þegar hún hlaut verðlaunin Palme d'Or í Cannes 2013 fyrir hlutverk sitt í hinni umdeildu La Vie d'Adèle/Blue Is the Warmest Colour.

## SYSTIRIN STÍLISTINN

Seydoux hefur setið fyrir í ýmsum tímaritum og hjá tískumerkjum en hún skilgreinir sig þó alltaf fyrst og fremst sem leikkonu. Hún þykir hafa fyrirmyndarsmekk og er afar hrifin af merkjum á borð við Prada, Miu Miu og Louis Vuitton. Systir hennar, Camille Seydoux, er stílisti hennar og þykir takast afar vel að klæða systur sína og stílisera fyrir rauða dregilinn eins og sést á myndunum hér.



**GLÆSILEG** Seydoux var í kanarígulum Prada-kjól þegar hún gekk rauða dregilinn á BAFTA verðlaunahátíðinni í febrúar.




**FLÆÐANDI** Seydoux klæddist rauðum chiffon-kjól frá Miu Miu á frumsýningu Spectre í Mexíkóborg.



Glæsilegt úrval af vönduðum leðurskóm!
Gæðaskór á góðu verði!
20%
afsláttur af
högl skóm
Ný sending frá NeroGiardini
MADE IN ITALY
hjá
Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is









**NEW YORK** Glæsileg sýning hjá Victoria's Secret þar sem nýjasta undirfatatískan var sýnd.

# SAMFELLUR AFTUR KOMNAR Í TÍSKU

**NÝTT OG SPENNANDI** *Undirfatarisinn Victoria's Secret var með fræga jólasýningu í New York í fyrradag en sýningunni verður sjónvarpað til 185 landa 8. desember. Victoria's Secret er leiðandi í undirfatatísku í heiminum en á sýningunni komu fram 47 fyrirsætur sem sýndu það nýjasta, meðal annars samfellur.*



Sýning Victoria's Secret vekur jafnan mikla athygli, enda teflir fyrirtækið fram frægustu og launahæstu fyrirsætum heims og ekkert er til sparað. Konur eru 99% af viðskiptavinum Victoria's Secret og það skiptir miklu máli að koma vörunum á framfæri á sem glæsilegastan hátt.

Þótt sýning Victoria's Secret bjóði upp á mikinn glamúr og skraut eru það undirfötin sem skipta máli. Ef marka má Leyndarmál Victoriu verða litskrúðug og kynþokkafull undirföt móðins í vetur og samfellur koma sterkar inn. Sigríður Hermannsdóttir, sem rekur undirfataverslunina Ég og þú á Laugavegi, segir að samfellur séu mjög vinsælar um þessar mundir.

„Samfellur og korselett eru aftur að komast í tísku. Samfellur voru einmitt mikið í tísku þegar ég byrjaði í þessum bransa árið 1991," segir hún. Sigríður segist hafa fengið úrval af samfellum fyrir stuttu sem seldust upp í hvelli og að hún fái aðra sendingu eftir nokkra daga.

„Þessar nýju samfellur eru mjög fallegar og kynþokkafullar. Um tíma voru það aðhaldssamfellur, þröngar og stífar, en þessar eru miklu flottari og þægilegri. Það eru allir litir í boði og brjóstahaldararnir með púðum. Einnig er hægt að fá þær langerma sem er vinsælt núna. Þessar samfellur eru mjög kvenlegar og því flottar jólagjafir," segir Sigríður.







**JÓLIN** Samfellur eru mikið í tísku um þessar mundir og gætu orðið heitasta jólagjöfin. Þessi glitrandi samfella frá Victoria's Secret er sparileg en varla þægileg.

# Kringlan
## Gjafavörur

12. nóvember 2015 **KYNNINGARBLAÐ**

Mikil gróska er í gjafavöruverslun í Kringlunni og á þessu ári hefur þeim verslunum sem bjóða upp á vandaða gjafavöru fjölgað umtalsvert. Hér er úttekt á fjölbreyttu úrvali gjafavöruverslana í Kringlunni.



**Aarikka armband**
**3.990 krónur**



**Að mati Maarit og Piiu hafa Íslendingar og Finnar mjög svipaðan smekk þegar kemur að hönnunarvörum og fatnaði. Á myndina vantar þriðja eigandann, Satu Rämö.** MYND/ANTON BRINK

# Komin í Kringluna

**Finnska búðin** hefur verið starfrækt á Laugavegi 27 í rúmlega þrjú ár og var nýverið opnuð á bíógangi Kringlunnar á þriðju hæð. Þar fást aðeins finnskar vörur.

Íslendingar hafa tekið Finnsku búðinni á Laugavegi vel frá upphafi enda úir þar og grúir af alls kyns litríkum og skemmtilegum vörum. Margir fagna því eflaust að hún sé nú komin í Kringluna. „Ég held að Íslendingar og Finnar hafi mjög svipaðan smekk þegar kemur að hönnunarvörum og fatnaði. Íslendingar þekkja auðvitað vel til Iittala, Marimekko og Múmínálfanna en auk þess bjóðum við upp á ljós frá &Bros, skemmtilega öðruvísi skó frá Minna Parikka og hágæða skinnvörur frá Marita Huurinainen svo eitthvað sé nefnt,“ segir Maarit Kaipainen sem rekur verslunina ásamt þeim Piia Mettälä og Satu Rämö.

Aðspurð segir Maarit aðeins ólíkar áherslur á milli verslana. „Í Kringlunni leggjum við meiri áherslu á fatnað og fylgihluti en á Laugavegi er meira um heimilisvörur. Þar fást þó líka stígvél, töskur, klútar og fleira í þeim dúr. Fyrir jólin ætlum við svo að bæta vinsælustu heimilisvörunum við í Kringluna ásamt jólaskrauti og jóladagatölum.

Að sögn Maarit þekkja hún, Piia og Satu vel til finnskra hönnuða og framleiðslu, enda allar frá Finnlandi. „Við veljum því aðeins góðar vörur sem hægt er að treysta.“ Maarit segir það helst einkenna finnska hönnun að hún er falleg, praktísk og stenst tímans tönn. Mikil áhersla er lögð á hágæða efnisval og umhverfisvitund.

Fyrir jólin verður lögð sérstök áhersla á jólakjóla, náttföt og postulín frá Marimekko, Múmínjólaskraut, sængurver og handklæði frá Finnlayson, ullarteppi og hördúka frá Lapuan Kankurit og ilmandi hágæða kerti frá Desico svo eitthvað sé nefnt.

Maarit segir viðskiptavini oft hafa orð á því hvað það er gaman að koma inn í verslanirnar.

# Úrval heimsþekktra vörumerkja

**Kúnígúnd** selur gott úrval af fallegum gjafavörum frá mörgum af þekktustu framleiðendum Evrópu. Áhersla er lögð á fallegan frágang til viðskiptavina.

Verslunin Kúnígúnd hefur fyrir löngu skipað sér sess í hugum landsmanna sem þekkt gjafavöruverslun með frábært úrval þekktra vörumerkja. Kúnígúnd opnaði verslun í Kringlunni árið 2008 og þar má finna vinsælustu vörurnar á hverjum tíma að sögn Þóru Sigurðardóttur, rekstrarstjóra Kúnígúnd.

Hún segir að alltaf sé lögð áhersla á góða þjónustu og fallegan frágang til viðskiptavina. Í dag selur Kúnígúnd gott úrval af fallegum gjafavörum frá mörgum af þekktustu framleiðandum Evrópu á borð við Georg Jensen, Royal Copenhagen, Kosta Boda, Holmegaard, Rosendahl og Villeroy & Boch. Auk þeirra eru einnig fallegar vörur í boði frá smærri framleiðendum. „Jólaóróarnir frá Georg Jensen eru vinsælustu jólavörurnar okkar en fjölmargir Íslendingar safna þeim eða gefa í jólagjöf ár hvert. Fyrir utan þá bjóðum við upp á nær alla framleiðsu þeirra, þar á meðal nýju Cafu-línuna.“

Önnur þekkt merki sem Kúnígúnd selur eru m.a. Royal Copenhagen, Kosta Boda og Rosendahl.

**Ókeypis innpökkun er í boði í verslunum Kúnígúnd og allar vörur má finna í vefversluninni www.kunigund.is**



**„Jólaóróarnir frá Georg Jensen eru vinsælustu jólavörurnar okkar,“ segir Þóra Sigurðardóttir, rekstrarstjóri Kúnígúnd.** MYND/GVA



**Verslunin Iittala er á neðri hæð í Kringlunni en þar er fjölbreytt úrval gjafavara.** MYND/ANTON BRINK

# Jólin í Iittala

Verslunin **Iittala** var opnuð á fyrstu hæð Kringlunnar 8. apríl á þessu ári. Íslendingar hafa tekið versluninni opnum örmum enda mikið úrval af fallegum vörum.

Vegna mikillar eftirspurnar á vörum frá Iittala var þörf á sérverslun með úrvali af matarstellum, glösum og gjafavörum frá þessu finnska gæðamerki. Glervaran frá Alvar Aalto er gríðarlega vinsæl um allan heim en það er ótrúlegt að þessi fallega hönnun er næstum áttatíu ára gömul og því algjörlega tímalaus. Alvar Aalto hannaði glervasana árið 1936 en síðan hefur varan verið ein sú eftirsóttasta í skandinavískri hönnun og vinsælasta vara Iittala.

Í nýju versluninni má finna mikið úrval af glerfuglunum frá Iittala en þeir eru gríðarlega fallegir og er hver og einn fugl munnblásinn og unninn af listamönnum hver á sinn hátt svo enginn fugl er eins. Einnig má finna mikið úrval af matarstellum sem hafa notið mikillar hylli og eru margir að safna þeim.

Vinsældir Moomin-bollanna hafa varla farið fram hjá mörgum og eru þeir vinsæl gjafavara. Ár hvert kemur nýr sumarbolli og vetrarbolli sem fást eingöngu í takmörkuðu upplagi og bíða Moomin-aðdáendur eftir þessum söfnunarbollum þegar þeir koma út.

Núna er einnig hægt að fá jólamatarstell í Iittala búðinni en þau fást eingöngu á þessum árstíma. Þau eru rauð og afar falleg. Mikið úrval er af fallegri gjafavöru í Iittala sem mun sannarlega kæta öll jólabörn á jólum.

# Vandaðar hönnunarvörur í úrvali

Epal hefur það að markmiði að auka skilning og virðingu fyrir góðri hönnun og býður viðskiptavinum sínum þekktar hönnunarvörur frá Norðurlöndum og víðar. Epal fagnar fjörutíu ára starfsafmæli á þessu ári og hafa nokkrir þekktir hönnuðir hannað vörur í tilefni þess.

Epal opnaði verslun sína í Kringlunni þann 26. mars síðastliðinn. Er það ein þriggja verslana en Epal er einnig í Skeifunni og í Hörpu. Í verslun Epal í Kringlunni er lögð áhersla á gjafavöru, í Skeifunni er mikið úrval af húsgögnum og rúmum auk gjafavöru og í Hörpunni er úrvalið sérstaklega sniðið að ferðamönnum.



Guðný Hermannsdóttir, verslunarstjóri í Epal í Kringlunni, segir að versluninni hafi verið tekið mjög vel. „Hér í Kringlunni erum við aðallega með vandaðar, skandinavískar hönnunarvörur. Helstu vörumerkin eru By Lassen, Normann Copenhagen, Iittala, Marimekko, Ferm Living, Hay, Lego, Rosendahl, Josep Josep og Design Letters.“

Epal býður upp á nánast allt fyrir heimilið og er alltaf vinsælt að kaupa eitthvað í jólapakkann þar. „Við erum með jólaóróana frá Georg Jensen og jólalakkrísinn frá Johan Bülow en þessi danski lakkrís hefur algjörlega slegið í gegn. Einnig verðum við með Omaggio-jólalínuna frá Kähler sem margir hafa beðið með eftirvæntingu. Auk þess bjóðum við upp á frábært úrval af fallegum vörum sem eru tilvaldar til gjafa. Vinsælustu gjafavörurnar hjá okkur hafa gjarnan verið frá Iittala, ásamt Vaðfuglinum frá Normann Copenhagen og Kubus-kertastjakanum sem hefur alltaf verið mjög vinsæll og þá sérstaklega fyrir jólin. Kubus-kertastjakinn kemur í fyrsta sinn í gylltu núna auk þess að koma í kopar, hvítu og svörtu,“ útskýrir Guðný.

Epal fagnar fjörutíu ára starfsafmæli sínu á þessu ári og hafa bæði íslenskir og erlendir hönnuðir tekið þátt í að hanna ýmsar vörur í tilefni þess. „Vaðfuglinn sem Sigurjón Pálsson hannaði fyrir Normann Copenhagen var til dæmis gefinn út í sérstakri rauðri afmælisútgáfu í takmörkuðu upplagi. Þá var að koma nýtt sængurver frá Ingibjörgu Hönnu í tilefni af afmæli Epal.



**Guðný segir vörur frá Iittala ásamt Vaðfuglinum frá Normann Copenhagen og Kubus-kertastjakanum með vinsælustu gjafavörunum.** MYND/STEFÁN



**Í versluninni fæst mikið úrval af jólaundirbúningsvörum, jólaföndri og jólaskrauti.**

# Gjafavöruúrvalið meira en í fyrra

Í Söstrene Grene verða teknar upp nýjar jólavörur í hverri viku fram að jólum.

Danska verslanakeðjan Söstrene Grene kom fyrst til landsins fyrir tíu árum og var strax vel tekið. „Við opnuðum í Smáralind 2. desember og þurftum að hleypa inn í hollum fyrstu þrjá dagana. Við opnuðum svo aðra verslun í Kringlunni 2012 og vakti hún ekki síður lukku,“ segir Kristín Reynisdóttir, annar eigandi Söstrene Grene á Íslandi, en verslunin í Smáralind var sú fyrsta sem keðjan opnaði fyrir utan landsteinana. „Nú eru verslanirnar hins vegar orðnar langt yfir 100 um heim allan og er gert ráð fyrir að þær verði um 200 innan tveggja ára,“ upplýsir Kristín.

Systurnar Inger og Ruth Grene opnuðu fyrstu verslunina í Aarhus árið 1978. Til að freista viðskiptavina var ákveðið að bjóða upp á ódýrar vörur. „Í upphafi var aðallega um að ræða partívarning en síðan hefur bæst jafnt og þétt við úrvalið. Verslunin er enn í eigu sömu fjölskyldunnar og er vöruverðinu sem fyrr haldið í lágmarki með sanngjarnri álagningu.



**Eigendurnir Brynja Scheving og Kristín Reynisdóttir.** MYND/VILHELM

Flestir kannast við hvað það er gaman að koma inn í Söstrene Grene og það er ástæða fyrir því. „Það er lögð mikil áhersla á að viðskiptavinir fái skemmtilega upplifun af því að ganga um verslunina. Verslunin er byggð upp eins og nútímamarkaður og er öllu þétt raðað.

Í versluninni eru nokkrar deildir og hefur úrvalið í húsgagnadeildinni aukist að undanförnu. „Þetta eru einföld en falleg húsgögn sem hafa rokið út. Húsbúnaðardeildin er líka vinsæl en hönnunardeild Söstrene Grene í Aarhus fylgist vel með ríkjandi straumum og stefnum.“

Í versluninni er einnig lítil leikfangadeild, myndlistardeild, ritfangadeild, föndurdeild, veisludeild og matvörudeild. „Eftir jól mun svo bætast við falleg barnaherbergisdeild,“ upplýsir Kristín.

Jólin nálgast óðum og munu nýjar jólavörur berast í hverri viku fram að jólum. „Við byrjuðum á jólaföndur- og jólaundirbúningsvörum en svo kemur meira af jólaskrauti og gjafavöru og verður gjafavöruúrvalið meira í ár en í fyrra.

**Verslunin er með virkar facebook og instagram-síður facebook.com/sostrenegreneisland og instagram.com/sostrenegrene**

# Heimsfræg hönnun fyrir alla fagurkera

Verslunin Casa er á annarri hæð Kringlunnar og flutti verslunin þangað í byrjun þessa árs. Við flutninginn í stærra húsnæði, breikkaði vöruúrvalið til muna. Verslunin er sérlega glæsileg í alla staði og mjög björt og aðgengileg.



Casa sérhæfir sig í hönnunarvörum og söfnunarvörum frá frægustu vörumerkjum á Ítalíu, Skandinavíu og Þýskalandi. Casa býður upp á vörur frá fyrirtækjum á borð við Alessi, Iittala, Kartell, Kay Bojesen, Architectmade, Kähler, Freemover, Ritzenhoff, Rosendahl o.fl.

Casa leggur mikla áherslu á framsetningu vara í versluninni sem gerir viðskiptavininum auðvelt með að velja gjöf sem hentar fyrir það tækifæri sem hann er að leita eftir hverju sinni. Í versluninni er einnig að finna loftljós og lampa frá fyrirtækjunum Kartell og Vita, en þau setja skemmtilegan blæ á verslunina. Nú þegar jólin nálgast óðum ættu allir að geta fundið fallega gjöf við sitt hæfi í öllum verðflokkum. Starfsfólk Casa tekur alltaf vel á móti viðskiptavinum með bros á vör.



**Fallegir og hlýir skór sem fást fyrir allan aldur í Casa.**

Casa er einnig með verslun í Skeifunni 8, en þar er glæsilegt úrval húsgagna, gjafavara og ljósa frá þekktum framleiðendum.

**Hægt er að fylgjast með nýjungum og hugmyndum á Facebooksíðu Casa.**




**Verslunin Casa er flutt í glæsilegt húsnæði á annarri hæð í Kringlunni.** MYNDIR/ANTON

ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
UMSJÓNARMENN AUGLÝSINGA
Jónína María Sveinsdóttir | jonamaria@365.is | s. 512-5445
ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson
VEFFANG
visir.is



Herdís Hrönn, innkaupastjóri hjá Hagkaup, segir gjafavörudeildina hafa farið stækkandi ár frá ári og að síðustu ár hafi verið aukið verulega úrvalið af ódýrum en vönduðum gjafavörum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Jólagjöfin í ár fæst í Hagkaup

Í **Hagkaup Kringlunni** er að finna vandaða gjafavöru á viðráðanlegu verði fyrir alla aldurshópa.

„Gjafavörudeildin hjá okkur í Hagkaup hefur farið stækkandi ár frá ári og síðustu ár höfum við aukið verulega við úrvalið af ódýrum en vönduðum gjafavörum. Fyrir um tveimur árum byrjuðum við að selja íslenska hönnun á viðráðanlegu verði, sængurver, handklæði, púða og stjörnumerkjaplatta, sem hefur verið gríðarlega vel tekið af viðskiptavinum okkar,“ segir Herdís Hrönn Árnadóttir, innkaupastjóri hjá Hagkaup.

„Í gjafavörudeildinni okkar erum við með breitt úrval, þar á meðal vörur frá hollenska merkinu Decoris ásamt bresku merkjunum Premier og SIL. Allt eru þetta mjög smart vörur á frábæru verði. Þessa dagana eru jólalínur þeirra sem eru afar glæsilegar þetta árið að berast í verslanir Hagkaups. Einnig er nýkomin til okkar ný lína af RAX-púðunum en þeir eru með myndum eftir ljósmyndarann Ragnar Axelsson. Í fyrra seldust púðarnir upp fyrir jólin en nú höfum við gert nýja línu með nýjum myndum og verða púðarnir klárlega jólagjöfin í ár.“

Íslensku ullarteppin frá Icewear voru mjög vinsæl jólagjöf í fyrra og segist Herdís trúa því að teppin muni einnig verða það í ár. „Íslensku stjörnumerkjaplattarnir eru líka frábær jólagjöf fyrir alla aldurshópa á flottu verði þannig að það er auðvelt að finna fallegar jólagjafir á góðu verði hjá okkur,“ segir Herdís.

# Nýleg gjafavörudeild

Nú geta viðskiptavinir **Byggt og búið** í Kringlunni skoðað glæsilegar gjafavörur í miklu úrvali á nýlegri sérhæð í versluninni sem var opnuð á síðasta ári.

Fyrir síðustu jól opnaði verslunin Byggt og búið í Kringlunni nýja og glæsilega sérhæð með vönduðum gjafavörum. Þar er boðið upp á mikið úrval af gjafavöru frá heimsþekktum merkjum á borð við Rosenthal, Le Creuset, KitchenAid og Eva Solo auk fleiri gjafavara frá þekktum framleiðendum. Að sögn Jens Harðarsonar, verslunarstjóra í Byggt og búið, er verslunin orðin miklu heildstæðari en áður í kjölfar breytinganna og býður nú upp á flest allt fyrir heimilið; frá ódýrum hversdagsvörum upp í glæsilega heimsþekkta hönnun. „Nýja hæðin okkar er öflug gjafavörudeild þar sem hægt er að kaupa mikið úrval af flottri gjafavöru í ýmsum verðflokkum fyrir allar stærðir heimila og ólíka aldursflokka.“

Gæðavörurnar frá Rosenthal eru fyrir löngu orðnar þekktar hér á landi og býður Byggt og búið upp á mikið úrval af matarstellum, kertastjökum, vösum og öðrum fallegum vörum. „Svo má nefna franska merkið Le Creuset en litfögru steypujárnspottarnir frá þeim hafa slegið í gegn hér á landi eins og annars staðar. Þessir pottar vekja alls staðar mikla athygli enda nánast tískuvara frekar en eldhúsvara. Við bjóðum líka upp á fleiri fallegar vörur frá Le Creuset, eins og salt- og piparkvarnir, eldföst mót og fjölda annarra minni vara.“



Jens Harðarson, verslunarstjóri í Byggt og búið

Það þarf varla að kynna hrærivélarnar frá KitchenAid fyrir landsmönnum. Byggt og búið býður upp á 30 liti af þessum traustu og vinsælu vélum sem eru til sýnis í búðinni. „Þótt hrærivélin sé þekktust bjóðum við einnig upp á fjölmargar aðrar vörur, til dæmis stálpotta, pönnur, bökunarform og fleiri vörur enda hefur þetta heimsþekkta merki verið að færa út kvíarnar hjá okkur.“

Danska gæðamerkið Eva Solo er líka vinsæl gjafavara að sögn Jens. „Þær eru klassískar og koma í mörgum verðflokkum. Sívinsælar gjafavörur sem ganga í öll eldhús.“

Úrvalið er því mikið og allar fallegu gjafavörurnar er hægt að skoða á nýlegum vef verslunarinnar, www.byggtogbuid.is. „Það er mikill kostur fólginn í því að geta kynnt sér vöruúrvalið á vefnum áður en verslað er til að spara tíma. En sjón er sögu ríkari og auðvitað er skemmtilegast að koma hingað í Kringluna og sjá allt þetta glæsilega gjafavöruúrval með eigin augum.“




Litfögru steypujárnspottarnir frá Le Creuset hafa slegið í gegn.

MYND/PJETUR



„Við leggjum áherslu á góða hönnun því þó mikilvægt sé að hlutur sé fallegur skiptir enn meira máli að hann virki vel,“ segir Auður Jóhannsdóttir er ein af eigendum DÚKA. MYND/STEFÁN

# Vönduð heimilisvara



**DÚKA** hefur boðið upp á vandaða heimilisvöru fyrir eldhús, borðstofu, stofu og baðherbergi í fjórtán ár.

„Við leggjum áherslu á góða hönnun því þó mikilvægt sé að hlutur sé fallegur skiptir enn meira máli að hann virki vel,“ segir Auður Jóhannesdóttir ein af eigendum DÚKA.

DÚKA er með gæðavörur frá um 100 framleiðendum sem eiga uppruna um víða veröld, frá Svíþjóð suður til Spánar og jafnvel til Ástralíu og Bandaríkjanna. „Við erum með postulín frá Kahla, til dæmis Pronto-bollana sem eiga sér marga fylgjendur. Vörurnar frá Iittala eru sívinsælar en við erum einnig með glervöru frá Leonardo, eldhúsáhöld frá Rösle, Peugeot og Microplane og margt fleira,“ segir Auður og nefnir einnig vörur frá DUKA í Svíþjóð.

**Örbylgjupoppskál í jólapakkann**

Auður segir algengt að fólk velji að gefa praktískar en þó fallegar jólagjafir. Af slíkum gjöfum sé nægt úrval í DÚKA. Hún segist viss um að vinsælasta gjöfin í ár verði örbylgjupoppskálin frá Lékué. „Þetta er skál til að poppa í venjulegan maís. Eitthvað sem allir geta notað.“

**Íslensk hönnun**

Íslenskar vörur eru einnig vinsælar í DÚKA. „Við erum til dæmis með vörur frá Sveinbjörgu Hallgrímsdóttur, Hugrúnu Ívarsdóttur og Heklu Guðmundsdóttur.“

**Hægt er að fylgjast með DÚKA á Facebook og Instagram**



**Íslensk hönnun er stór hluti af fjölbreyttu vöruúrvali Mýrarinnar.** MYND/STEFÁN

# Úrval hönnunar

Verslunin **Mýrin** býður hágæða hönnunarvörur frá bæði íslenskum og erlendum merkjum. Verslunin hefur verið starfrækt í Kringlunni frá árinu 2009.

„Við bjóðum mjög fjölbreytt úrval af alls konar vörum. Til dæmis finnska merkið Samuji en frá þeim erum við með bæði fatnað og heimilislínu. Þá erum við með töskur og fylgihluti frá danska hönnuðinum Yvonne Kone,“ segir Rannveig Sigurðardóttir, annar eigandi Mýrarinnar í Kringlunni.

„Íslensk hönnun er einnig stór hluti af okkar vöruúrvali. Vinsælustu íslensku merkin eru Farmers Market og Feldur. Einnig má nefna barnafatnað frá As we grow en vörur frá þeim eru vinsælar.“

Hver verður jólagjöfin í ár? „Ilmkerti eða ilmvatn frá Mad et len og Andreu Maack fyrir hana, hlý peysa frá Farmers Market fyrir hann og fatnaður frá As we grow fyrir börnin.“

**Vefverslun Mýrarinnar er www.myrinstore.is**



**„Við bjóðum mjög fjölbreytt úrval af alls konar vörum,“ segir Rannveig Sigurðardóttir, annar eigandi Mýrarinnar í Kringlunni.**

# Skandinavísk hönnun

**INDISKA** er sænsk verslunarkeðja sem rekur yfir 100 verslanir í Skandinavíu og Þýskalandi. Þar má finna blöndu af tískufatnaði, fylgihlutum, heimilis- og gjafavöru.



**Jólalegt er í INDISKA þessa dagana.**



**Friður aðventukertastjaki.**

„Vörur INDISKA eru skandinavísk hönnun sem er innblásin af indversku handverki með sínum óteljandi litum og mynstrum,“ segir Sigrún Andersen hjá INDISKA.

Heimilis- og gjafavaran samanstendur af ýmiss konar vefnaðarvöru eins og dúkum og púðum. Einnig fjölbreyttu úrvali af handverki eins og keramik, glösum, luktum og ljósum.

„Samfélagsleg ábyrgð og umhverfisvernd eru hjartans mál fyrir INDISKA,“ segir Sigrún og bætir við að fyrirtækið sé stolt að hafa haft að markmiði í áratugi að vörur þess séu framleiddar án þess að umhverfið beri skaða af, og að starfsemin leiði til góðs í hlutaðeigandi samfélögum.“

INDISKA hefur lengi stutt við samfélagsverkefni á Indlandi og hefur til að mynda veitt fé til menntunar kvenna, stúlkna og barna á Suður-Indlandi.



**Mikið úrval er af fallegu handverki í INDISKA.**



**Gjafavöruverslunin Hrím í Kringlunni býður upp á úrval fallegrar hönnunarvöru. Stefanía M. Vilbergsdóttir tekur vel á móti viðskiptavinum.** MYND/STEFÁN

# Fallegt í Hrími

Gjafavöruverslunin **Hrím** var opnuð í Kringlunni í vor. Þar er að finna fallegar hönnunarvörur fyrir heimilið meðal annars frá Ferm Living og Chasseur.

Okkur hefur verið afar vel tekið hér frá fyrsta degi,“ segir Tinna Brá Baldvinsdóttir, eigandi Hríms í Kringlunni, en verslunin var opnuð í mars á þessu ári. Þetta er þriðja verslunin undir merkjum Hríms en fyrir eru tvær verslanir á Laugavegi, Hrím hönnunarhús og Hrím eldhús.

„Við leggjum áherslu á góða þjónustu og fjölbreytt vöruúrval. Hér í Kringlunni erum við með brot af því besta, söluhæstu vörurnar af Laugaveginum,“ útskýrir Tinna.

„Við leggjum mikla áherslu á að hafa eitthvað við allra hæfi í hillunum. Við erum til dæmis með mjög fallegar herravörur frá Wild & Wolf, vörur fyrir börn frá Designletters og fallegar vörur fyrir konur. Þá erum við með úrval af vörum fyrir heimilið. Eldhúsvörurnar okkar hafa notið mikilla vinsælda eins og Chasseur-pottarnir, Britu Sweden-plastmotturnar, Kyocera keramíkhnífarnir og Iris kústarnir. Við erum einnig með sælkeravörurnar frá Cottage delight.“



**Tinna Brá Baldvinsdóttir, eigandi Hríms**

***Hvað er vinsælast?*** „Vinsælustu vörurnar eru Chasseur járnpottarnir, Ferm living vírkörfuborðin og Helle for Lone skartið. Muurla moomin bollarnir njóta líka alltaf mikilla vinsælda hjá okkur og eru kjörin jólagjöf, einnig Britu Sweden motturnar og Ratzer ullarteppin. Heitasta varan þetta árið verður þó klárlega jólatrésdúkurinn frá Ferm living,“ segir Tinna.

**Nánar á Hrim.is**


Tökum einnig við pöntunum í síma 551-1314 og á Facebook!
Opið til kl 21.00
JÓLALÍNAN ER KOMIN!
Full verslun af æðislegum sparifatnaði í öllum stærðum á FRÁBÆRU verði
ZIKZAK TÍSKUHÚS
KJÓLL 6.990kr st. S-XXXL
PEYSA 6.990kr st. S-XXXL
SKYRTA 6.990kr st. S-XXXL
KJÓLL 9.990kr st. 42-56
KJÓLL 8.990kr st. S-XXXL
KJÓLL 10.990kr st. S-XXXL
PEYSA 7.990kr st. S-XXXL
KJÓLL 4.990kr st. S-XXXL
KJÓLL 7.990kr st. S-XXXL
BLÚSSA 6.990kr st. S-XXXL
BUXUR 7.990kr st. S-XXXL
SKYRTA 7.990kr st. S-XXXL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

# ENGINN HOLLYWOODSJARMÖR

**AFMÆLI** *Ryan Gosling fagnar þrjátíu og fimm ára afmæli í dag. Gosling bræddi hjörtu áhorfenda í myndinni The Notebook og hefur síðan þá átt farsælan feril á hvíta tjaldinu. Hann þykir flottur í tauinu og hafa útlitið með sér en sjálfur vill hann ekki kannast við að vera neinn Hollywoodsjarmör.*



**SKYRTUGAUR** Gosling sést iðulega með uppbrettar skyrtuermarnar.

Ég lít ekki á mig sem sérstaklega myndarlegan mann og alls ekki sem einhvern „aðalkarlleikara“ í Hollywood,“ sagði kanadíski leikarinn Ryan Gosling eitt sinn. Hann fagnar þrjátíu og fimm ára afmæli í dag. Gosling segir það að hafa alist upp hjá móður sinni og systur hafi haft áhrif á hann. Hann sé engin karlremba. Við tökur á myndinni Lars and the Real Girl, sat hann í heilan dag í tökum í herbergi með hópi eldri kvenna, sem sátu allar og prjónuðu. Konurnar notuðu tímann milli atriða til að kenna honum að prjóna. „Þetta var einn afslappaðasti dagur sem ég hef upplifað,“ var haft eftir honum.

Ferill Goslings í skemmtanaiðnaðinum hófst strax í æsku en hann var í Mikka músarklúbbi Disney eins og fleiri frægir. Hann sló í gegn árið 2004, í kvikmyndinni The Notebook en áður hafði hann leikið í sjónvarpsþáttum og í kvikmyndunum The Believer, Murder by Numbers og The United States of Leland.

Gosling er þó fleira til lista lagt en kvikmyndaleikur, hann er líka í indírokkhljómsveitinni Dead Man's Bones og á hlut í veitingastað í Beverly Hills.

Gosling þykir einnig svalur í tauinu og mætir yfirleitt í hvítri skyrtu og jakkafötum á viðburði. Hann sést iðulega með uppbrettar skyrtuermar og hversdags er stíllinn afslappaður, gallabuxur og kósí afapeysa.

*Heimildir: Brainyquote.com/ Wikipedia.org*



**AFAPEYSA** Afslappaður á götum New York í þvældum bol og afapeysu.



**BRETTIR HÁTT** Ermarnar minna á sjötta áratuginn.



**SKEGG** Gosling skartaði myndarlegu yfirvaraskeggi og sólgleraugum á ferðinni.



**SVALUR** Það gerist varla svalara en hvítur bolur, gallaskyrta og alskegg.



**Á FERÐINNI** Gosling klæðir sig þægilega þegar hann þvælist á milli staða.


VILTU HRÖKKVA Í GÍRINN?



Þeir sem hugsa um hollustuna velja BURGER hrökkbrauð. Í því er enginn viðbættur sykur og ekkert ger. Það er líka einstaklega bragðgott!

Það er engin tilviljun að BURGER er vinsælasta hrökkbrauðið á Íslandi.




BURGER

HUGSAÐU UM HOLLUSTUNA!

SKÓKAUP
OUTLET
Smáratorgi

# RÝMINGARSÖLUNNI
## LÝKUR SUNNUDAGINN 15. NÓV

Við ætlum að lækka verðið enn meira.
Barna skór á 1500 kr. Dömu og herra skór á 3500 kr.
Allt á að seljast!

Opið á Smáratorgi frá kl. 11-18 alla daga út sunnudaginn 15. nóvember.



# GOTT ÚRVAL
## AF DÖMU, HERRA & BARNASKÓM

sími: 514-4400 /// e-mail: info@skokaup.is /// www.facebook.com/skooutlet

# ÞJÓNUSTA

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**INNIMÁLUN**
Get bætt við mig verkum innandyra í vetur. Vönduð vinnubrögð, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málarameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN**
Getum bætt við okkur verkum í
flísalögnum, múrverki og múrviðgerðum.
Áratuga reynsla og vönduð vinnubrögð
**Tímavinna og tilboð**
**Strúctor byggingaþjónusta ehf.**
**S. 893 6994**

**VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?**
JÁ IÐNAÐARMENN
Við þjónustum þig með lítil sem stór verk.
Tímavinna eða tilboð.
Sími 544-4444 / 777-3600
www.jáiðnaðarmenn.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896 5778

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss, uppslátt og fl. Áratuga reynsla. S. 867 7753

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar




**SÍMASPÁ 555 2927**
Draumaráðningar, fyrirbænir. Opið frá 13 Hanna s. 847 7596

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Trésmíði

Húsasmiðameistari getur bætt við sig verkefnum, tilboð eða tímavinna S. 7740866

## Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun







**NÝ SENDING KOMIN!**
WE-VIBE IV - Unaðstæki ársins fyrir pör mörg ár í röð. Viamax fullnægingarkremið sem virkar, 50 Shades of Grey vörurnar og allt það vinsælasta í dag. Millifærsla, greiðslukort og netgíró.Sendum um allt land www.hush.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!**
129 - 5000 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**TRÖNUHRAUN 10, HFJ.**
Herb. með húsgögnum sér baðherb., neti, tv, aðgengi að sameiginlegu eldhúsi og þvottahúsi til leigu frá 01. okt - 01. maí. Uppl. í s. 899 7004 og bh@vigri.is

## Atvinnuhúsnæði

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubil í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-10 fm. Tilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**LEBOWSKI BAR**
óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.
**Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is**

Byggingafélagið Háhús getur bætt við sig verkefnum úti og inni, góð og vönduð þjónusta Sími. 8440454-Krisján

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál




Makaskipti? Swinging? Þríhyrningasr? Cuckold? Íslendingar.eu bjóða upp á frábær samskiptatækifæri - frítt, að sjálfsögðu. Allar upplýsingar hér: Makaskipti.eu

**ÍSLENDINGAR.EU**
Ertu í makaleit? Langar þig á stefnumót? Ertu með frjálslynda hugsun? Íslendingar.eu bjóða upp á frábær samskiptatækifæri - frítt, að sjálfsögðu. Líttu við! Islendingar.eu

Skyndikynni á símatorgi. 100% leynd. RaudaTorgid.is

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## fasteignir

**EIGNAMIÐLUN**
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins



Guðlaugur Ingi Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali
sími: 864-5464

**Klapparstígur 1 101 Rvk. íbúð merkt 09-01.**






Stórglæsileg 187,6 fermetra útsýnisíbúð á tveimur efstu hæðum í vönduðu fjölbýlishúsi við Klapparstíg í Reykjavík auk sér stæði í bílageymslu í kjallara hússins.
Þrennar svalir eru á eigninni, stórkostlegt útsýni. **Eignin verður sýnd fimmtudaginn 12. nóvember milli kl. 17:15 og kl. 17:45.** **V. 89,9 m.** 9083

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

**Góður veitingastaður til sölu, miðsvæðis á Höfuðborgarsvæðinu.**

**Hef til sölu góðan veitingastað með leyfi fyrir 330 manns.**

Fastar og góðar tekjur af mat og vínsölu til ört vaxandi viðskiptmanna hóps. Reksturinn og húsnæðið, sem er 611m² eru hvorutveggja til sölu. Öll aðstaða til fyrirmyndar. Nánari upplýsingar eru aðeins veitta á skrifstofu Ársala.

**Áhugasamir hafi samband:** Ársalir ehf – fasteignamiðlun Engjateigi 5, 105- Reykjavík.

ÁRSALIR FASTEIGNAMIÐLUN 533 4200

**Ársalir ehf fasteignamiðlun**
**Sími: 533 4200 og 892 0667**
**Engjateigi 5, 105 Rvk, arsalir@arsalir.is**



*Björgvin Björgvinsson, löggiltur fasteignasali*

## bílar til sölu

**Seldu bílinn á sjálfsalinn.is**

Nýr auglýsingamiðill fyrir farartæki þar sem kaupendur Og seljendur ganga frá viðskiptum milliliðalaust



**Skráðu bílinn frítt í nóvember**
**ENGIN SÖLULAUN**

SJÁLFSALINN.IS

Stofnað 1983

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA
Sími 520 7500

Magnús Emilsson lögg. fasteignasali
Freyja Sigurðardóttir lögg. fasteignasali
Ágústa Hauksdóttir lögg. fasteignasali.
Helgi Jón Harðarson sölustjóri
Hilmar Þór Bryde sölumaður
Þorbjörn Helgi Þórðarson sölumaður
Hlynur Halldórsson sölumaður
Valgerður Ása Gissurardóttir ritari

# Norðurbakki 7-9 – Hafnarfjörður – Nýjar íbúðir




- Nýkomnar í einkasölu
- 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir
- Stærðir frá 72-165 fm.
- Rúmgóð sérstæði í bílageymslu fylgir hverri íbúð
- Lyftuhús
- Afhendast fullbúnar að utan sem innan með gólfefnum
- Byggingaraðili VHE
- Frábær staðsetning
- Afhending desember 2015 - maí 2016

Allar nánari upplýsingar á hraunhamar.is

## Holtsvegur 29 – Garðabær



### Glæsilegt fjölbýli á Útsýnisstað

3ja herbergja íbúðir 104 fm
4ra til 5 herbergja íbúðir 154 fm.
Öllum íbúðum fylgir stæði í bílageymslu
Níu íbúða lyftuhús
Frábær útsýnisstaður
Afhendast fullbúnar með gólfefna

Afhending Nóv - Des 2015



## Skipalón 1 - Hafnarfjörður



### Glæsileg hönnun frá ASK Arkitektum

Nýjar 4ra og 5 herbergja íbúðir - Stærðir frá 108,7 fm til 153,8 fm. 16 íbúðir með sérstæði í bílgeymslu
Lyfta í sameign - Mynd-dyrasími - Innréttingar og hurðir frá Parka ehf. Eldhústæki frá Gorenje
Sérgeymsla í kjallara fylgir öllum íbúðum
Húsið er klætt með álklæðningu að utan

Afhending Sept - Okt 2015



Verð frá 33,7 - 50,8 millj.

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500

# Þak yfir höfuðið – saga um samstarf



Gísli B. Björnsson
myndlistarmaður

Árið 1962, þá 24 ára, kom undirritaður heim frá námi ásamt konu og barni, næstum peningalaus. Hópur nokkurra góðra félaga hófst þá handa um undirbúning þess að fá lóð og hefja undirbúning að byggingu íbúðablokkar. Við gengum í Byggingasamvinnufélagið Framtak, mynduðum þar deild sem bar ábyrgð á sínum gerðum.

Árið 1963, eftir nokkra vinnu og nokkurn tíma, fékkst lóð frá Reykjavíkurborg fyrir fjögurra hæða sextán íbúða blokk við Fellsmúla. Sextán fjölskyldur hófust handa. Í þessum hópi voru einstaklingar með sérhæfða menntun sem nýttist vel til þessara byggingaframkvæmda. Arkitekt, rafvirki og trésmiður en einnig aðrir eins og teiknari, kennari, sjómenn og fagmenn á allt öðrum sviðum. Allt var þetta fólk sem gat notað krafta sína til margvíslegrar vinnu, allt verk sem vinna þarf á hinum ýmsu stigum byggingaframkvæmda.

Til þeirra verkefna sem við réðum ekki við varð að kaupa vinnu frá fagmönnum. Verkfræðingar, byggingameistari o.fl. komu þar við sögu. Undirbúningur framkvæmda tók sinn tíma og það fóru fram umræður eins og um stærðir og gæði íbúða. Niðurstaðan var bygging þriggja og fjögurra herbergja íbúða ásamt kjallara sem yrði allur sameign.

**Greiðslugeta hópsins og raunverulegur kostnaður réð för**

Kjörin var stjórn og formaður sem bar ábyrgð á framkvæmdum, fjárframlögum og byggingarhraða. Áætluð fjárhagsleg geta hópsins sem heildar lá þar að baki. Allt var þetta byggt á ákvörðunum á félagsfundum.

Í upphafi skráðu fjölskyldur sig fyrir ákveðinni stærð íbúða. Hlutfallslegur kostnaður hvers og eins byggðist á stærðarhlutföllum hverrar íbúðar í eigninni.

Um leið og byggingaframkvæmdir hófust urðu til verkefni fyrir margar vinnandi hendur fagmanna sem og almennra félaga.

Fjölskyldumæður sem báru þungann af börnum vinnumannanna lögðu sitt af mörkum; þær sáu um fatnað, fæði og aðra umhyggju. Framkvæmdir gengu nokkuð markvisst fyrir sig en greiðslugeta hópsins og raunverulegur kostnaður réð þar för.

Álagið á flesta félaga var mikið, því margir unnu langan og strangan vinnudag og svo einnig um kvöld og helgar. Vinna fagmanna var samkvæmt samningum og vinnutími félaga var vottaður af samstarfsmanni eða verkstjóra á vinnustað. Stjórn félagsins var virk og bar mikla ábyrgð. Framkvæmdir, allt frá fyrstu skóflustungu þar til flutt var inn, stóðu yfir í tæp þrjú ár.

Þegar allt var að verða tilbúið var efnt til dráttar um hvar hver fjölskylda lenti í húsinu og það virtust flestir ánægðir með sinn hlut.



**Framkvæmdir gengu nokkuð markvisst fyrir sig en greiðslugeta hópsins og raunverulegur kostnaður réð þar för.**

Ég fékk einn félagann til að rifja þennan tíma upp: „Ég var jafn blankur og öll hin, en ég átti bíl sem ég seldi og átti þar með fyrir fyrstu innborgun, sem gæti hafa verið á bilinu 30 til 50 þúsund gamlar krónur. Þetta voru að minnsta kosti fjögurra mánaða laun. Síðan tóku við fastar mánaðargreiðslur, 10 þúsund krónur. Þessa greiðslu gat maður svo lækkað með því að leggja fram sína vinnu – og það gerði ég óspart. Ég hjólaði inn í Fellsmúla að loknum vinnudegi og vann þar í þrjá til fjóra tíma eftir því sem þurfti hverju sinni. Þetta var mestanpart hreinsun á timbri, mokstur og önnur skítavinna.“

Á þessum tíma voru nokkrir byggingameistarar og byggingafélög að byggja álíka blokkir í hverfinu kringum okkur þar sem til staðar var þekking, reynsla og fjármagn. Stuðningur okkar kom frá lífeyrissjóðum ásamt Húsnæðisstofnun. Bankar vildu lítið af okkur vita. Athygli okkar vakti að þrátt fyrir sterkari stöðu þessara framkvæmdaaðila voru þeir að selja sínar íbúðir á hærra verði en raunkostnaður var við okkar hús. Við vissum á hverjum tíma hvað við höfðum lagt fram í formi vinnu og peninga. Lágmark 20-30% hærra verð urðu þeirra kaupendur að borga og að auki var sameignin verulega minni, því flestir þeirra voru að selja íbúðir í kjöllurum húsanna. Fólk í íbúðarleit heimsótti okkur til að forvitnast um raunkostnað og þaðan höfðum við upplýsingar um verðlagningu. Einkaframtakið vildi fá sinn hagnað.

**Hvar eru byggingarsamvinnufélög ungs fólks?**

Samfélag okkar varði í mörg ár og hjá mörgum var þetta góður áfangi til frekari fjárfestinga. Raunkostnaður og nýting okkar á vinnuframlagi gaf mörgum gott veganesti.

Ég furða mig á því hvers vegna þetta samvinnubyggingarform hefur ekki haldist. Hvar er í dag ungt fólk sem nýtir krafta sína og þekkingu til þess að eignast með þessu móti þak yfir höfuðið á réttu verði í stað þess að borga óeðlilegt yfirverð?

# Lyfjaárásir – allir til varna



Eyþór Víðisson
löggæslu- og öryggisfræðingur

Nýlegar fréttir þar sem grunur leikur á að konum sé byrluð ólyfjan á skemmtistöðum í Reykjavík er ógeðfelld lesning. Þessi brot eru alltof algeng hér á landi. Öllum má vera ljóst að slíkur verknaður, að setja deyfandi lyf í drykk hjá einstaklingi, er partur af tilraun til nauðgunar.

Það er kristaltært að ábyrgð á nauðgun ber aðeins sá sem hana fremur. Allt tal um gáleysislegan klæðnað kvenna eða óhóflega áfengisdrykkju fórnarlamba er argasta þvæla enda er slíkt ofbeldi aldrei afsakanlegt.

En hvað er til ráða? Öryggismálum má skipta í þrennt; vitund, varnir og viðbrögð. 1) gera þá sem eru í hættu meðvitaða um hættuna. 2) setja upp varnir til að draga úr líkum á að hættan komi upp og 3) innleiða viðbrögð til að minnka hugsanlega skaða.

Í einni stöðuuppfærslu þar sem fórnarlamb tjáir sig, segir: „Þú ... hefur ... passað vel uppá að byrla okkur öllum til þess að það gæti nú engin okkar komið þeirri okkar sem þú ætlaðir að nauðga til aðstoðar þegar við myndum lamast ...“

Í hvernig samfélagi búum við þar sem brotamaður getur gengið út frá því vísu að ósjálfbjarga manneskju verði ekki hjálpað af ókunnugum? Getur almenningur, með yfirvöld í fararbroddi, ekki tekið upp þá vitund að áberandi drukkið fólk eigi ekki að vera eitt á ferli, heldur að það skuli aðstoðað? Nú er það svo að dyraverðir þurfa vottun yfirvalda. Það eru því hæg heimatökin þar að auka vitund þeirra hvað þessa ógn varðar.

**Spurning um hugarfar**

Ef skemmtistaður leggur áherslu á að stöðva áberandi ölvaðan einstakling á leið inn, af hverju má þá ekki stöðva áberandi ölvaðan eða lyfjaðan einstakling sem er á leið út; veit hann eða hún hvert skuli haldið? Þykir viðkomandi hæfur til að koma sér heilum heim? Einnig má þá spyrja þann sem er að aðstoða þann ölvaða (hugsanlegur gerandi) um skilríki, s.s. taka mynd af þeim þannig að ef til kæru kemur í kjölfar lyfjanauðgunar, þá eru upplýsingar um gerandа til.

Hvað með þá sem eru edrú inni á þessum stöðum? Barþjónar, dyraverðir og aðrir starfsmenn? Af hverju er meðvitundarleysi eða ofurölvun ekki gerð að stórmáli inni á skemmtistöðum? Þetta er spurning um hugarfar.

Hvaða staðir eru þetta? Lögreglan hlýtur að búa yfir þeim upplýsingum út frá útköllum og kærum. Hvað ef tilraun til lyfjaárásar á skemmtistað hefur áhrif á endurnýjun vínveitingaleyfis? Hvað ef þessir staðir eru opinberaðir, taka þeir þá kannski til hjá sér? Þjálfa starfsmenn sína betur, leita þeir frekar tæknilegra lausna, s.s. að bjóða upp á „örugg glös“ eða ísmola sem greina lyf?

Af hverju búum við ekki til umhverfi þar sem meðvitundarleysi á almannafæri er tekið meira alvarlega? Við þurfum að auka umræðuna, upplýsa um hugsanlegar afleiðingar og fjölga Samverjum. Ég veit að það er hægt að draga úr fjölda lyfjaárása, sem og draga úr líkum á að þær heppnist. Þetta er spurning um vilja þeirra sem ráða.

**Ef skemmtistaður leggur áherslu á að stöðva áberandi ölvaðan einstakling á leið inn, af hverju má þá ekki stöðva áberandi ölvaðan eða lyfjaðan einstakling sem er á leið út; veit hann eða hún hvert skuli haldið?**

# Ég vil ekki leiða þig...



Margrét Júlía Rafnsdóttir
verkefnastjóri innlendra verkefna hjá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi



Fátt er foreldrum mikilvægara en að börnum þeirra líði vel í skólanum, eigi góða félaga og vini, hafi sjálfstraust og góða sjálfsmynd. „Þú mátt ekki vera með í leiknum“ eða „ég vil ekki leiða þig“ eru orð lítilla leikskólabarna í íslenskum leikskólum, barna sem eru að fóta sig í flóknum heimi og læra samskipti við jafnaldra sína. Svona samskipti virðast sakleysisleg, en ef þau eru endurtekin gagnvart sama barninu án þess að hinir fullorðnu grípi inn í, skapast mynstur sem getur þróast út í einelti eða útilokun og varað árum saman. Mikilvægt er að byrgja brunninn og það er á ábyrgð hinna fullorðnu.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi bjóða leikskólum nú til notkunar forvarnarefni gegn einelti. Efnið nefnist Vinátta, eða Fri for mobberi í Danmörku þar sem það er upprunnið.

Vinátta byggir á nýjustu rannsóknum á einelti og samanstendur af verkefnatösku með raunhæfum verkefnum fyrir börnin og leiðbeiningum fyrir starfsfólk, en efnið er einnig notað með foreldrum. Árangur af notkun þess er mældur reglulega og reynist mjög góður. Samkvæmt Vináttu er litið á einelti sem félagslegt, menningarlegt og samskiptalegt mein, en ekki einstaklingsbundið vandamál eins og áður var gjarnan álitið. Vinátta leggur áherslu á hópinn sem heild og að vinna með viðhorf og samskiptamynstur. Ekki er einblínt á að einhver sé slæmur og annar góður, ekki á geranda eða þolanda. Í Vináttu eru börnin þjálfuð í að setja sér mörk og bregðast við óréttі sem þau og félagarnir eru beitt.

**Það sem einkennir barnahópa þar sem einelti nær ekki að þrífast er hár þröskuldur umburðarlyndis og samkennd.**

**Umburðarlyndi og samkennd**

Það sem einkennir barnahópa þar sem einelti nær ekki að þrífast er hár þröskuldur umburðarlyndis og samkennd. Börnin njóta virðingar og viðurkenningar. Þau finna sér sinn eðlilega sess í hópnum sama hver þau eru, hvernig þau líta út, hvaða hlutverki þau gegna eða hvers þau eru megnug. Gildi margbreytileikans er virt og umburðarlyndi fyrir því að hópurinn sé samsettur úr mismunandi einstaklingum með mismunandi einkennum og styrkleikum. Þar er jákvæður og góður skólabragur. Á því byggir Vinátta.

Haustið 2014 tóku starfsmenn í sex leikskólum í jafnmörgum sveitarfélögum þátt í námskeiði á vegum Barnaheilla til að öðlast rétt til að nota Vináttu-námsefnið. Það er óhætt að segja að mikil ánægja sé með efnið meðal starfsfólks, barna og foreldra og góður árangur er af notkun þess. Nú hafa 25 nýir leikskólar sótt um að fá efnið til notkunar og munu starfsmenn þeirra sækja námskeið í janúar 2016 og fá námsefnið afhent að því loknu. Barnaheill – Save the Children á Íslandi vilja bjóða fleiri leikskólum þátttöku í verkefninu og benda áhugasömum á að hafa samband við undirritaða á margret@barnaheill.is. Á vefsíðu Barnaheilla má sjá frekari upplýsingar um Vináttu.

Árlega er haldið upp á alþjóðlegan dag gegn einelti 8. nóvember. Það er von Barnaheilla að innan tíðar verði Vináttu-verkefnið komið í notkun þess víða að það skapi íslenskum börnum umhverfi þar sem einelti nær ekki að festa rætur og þrífast.



Gleði og
FRIÐARJÓL
Jólatónleikar
Aukatónleikar kl. 17:00
komnir í sölu á tix.is
Jólatónleikar
Pálma Gunnarssonar
ásamt Ragnheiði Gröndal
í Eldborg Hörpu
19. desember kl. 21:00
Örfá sæti laus
Miðasala á harpa.is, tix.is og í síma 528 5050
Sérstakur gestur er Valdimar Guðmundsson.
Jólatónleikar Pálma og Ragnheiðar slógu rækilega í gegn í fyrra og komust færri að en vildu. Þau endurtaka leikinn í ár með góðum gestum og sömu notalegu stemningunni.
Í ár eru 30 ár liðin frá útgáfu jólaplötunnar Friðarjól og er hún órjúfanlegur hluti af jólaundirbúningnum á fjölmörgum heimilum. Og það er aldrei að vita nema ný jólalög líti dagsins ljós í tilefni afmælisins. Ekki missa af þessu tækifæri til að eiga yndislega og ógleymanlega stund á aðventunni.
DÆGURFLUGAN
HARPA

# JÓLABÆKURNA




15% AFSLÁTTUR

2.549KR
FULLT VERÐ 2.999KR




25% AFSLÁTTUR

2.460KR
FULLT VERÐ 3.280KR




25% AFSLÁTTUR

5.024KR
FULLT VERÐ 6.699KR




25% AFSLÁTTUR

5.249KR
FULLT VERÐ 6.999KR




4.999KR




25% AFSLÁTTUR

4.499KR
FULLT VERÐ 5.999KR



25% AFSLÁTTUR

3.599KR
FULLT VERÐ 4.799KR




1.299KR
FULLT VERÐ 1.689KR




25% AFSLÁTTUR

3.449KR
FULLT VERÐ 4.599KR



KYNNINGAVERÐ
4.999KR
FULLT VERÐ 6.999KR




25% AFSLÁTTUR

3.599KR
FULLT VERÐ 4.799KR




KYNNINGAVERÐ
3.599KR
FULLT VERÐ 4.999KR




25% AFSLÁTTUR

3.449KR
FULLT VERÐ 4.599KR




1.999KR

Gildir 12.-15. nóvember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl. Allt úrval í Smáralind, Holtagörðum, Kringlunni, Garðabæ og Skeifunni. Minna í öðrum verslunum.



EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

# R ERU KOMNAR!

ALLIR TITLAR FÁST Í SMÁRALIND, KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, GARÐABÆ OG SKEIFUNNI. MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM.




25% AFSLÁTTUR
3.599KR
FULLT VERÐ 4.799KR




KYNNINGAVERÐ
4.999KR
FULLT VERÐ 6.999KR




4.799KR




25% AFSLÁTTUR
5.249KR
FULLT VERÐ 6.999KR




25% AFSLÁTTUR
3.374KR
FULLT VERÐ 4.499KR




25% AFSLÁTTUR
2.999KR
FULLT VERÐ 3.999KR




25% AFSLÁTTUR
3.449KR
FULLT VERÐ 4.599KR




25% AFSLÁTTUR
3.599KR
FULLT VERÐ 4.799KR




25% AFSLÁTTUR
5.249KR
FULLT VERÐ 6.999KR




KYNNINGAVERÐ
4.999KR
FULLT VERÐ 6.999KR




KYNNINGAVERÐ
3.399KR
FULLT VERÐ 4.999KR




KYNNINGAVERÐ
3.399KR
FULLT VERÐ 4.599KR




25% AFSLÁTTUR
5.249KR
FULLT VERÐ 6.999KR




25% AFSLÁTTUR
5.249KR
FULLT VERÐ 6.999KR

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Byssurnar aftur fullhlaðnar

**Keflavík er eina taplausa liðið og eina liðið sem hefur skorað hundrað stig að meðaltali í leik í fyrstu fimm umferðum Domino's-deildar karla í körfu. Þriggja stiga skyttur Keflavíkurliðsins hafa fundið fjölina sína í haust.**

**KÖRFUBOLTI** Uppskriftin að árangri karlaliðs Keflavík í körfuboltanum undanfarna áratugi hefur oftar en ekki verið hraður leikur og þriggja stiga ógnun úr öllum hornum.

Eftir alltof mörg döpur tímabil á undanförnum árum mæta Keflvíkingar ferskir og sjóðheitir til leiks í Domino's-deildina í vetur.

Liðið sem var með verstu þriggja stiga skotnýtinguna í deildinni fyrir þremur árum situr nú eitt í toppsætinu yfir bestu þriggja stiga skotlið deildarinnar og nú eins og oft áður eru margir leikmenn liðsins að ógna fyrir utan þriggja stiga línuna.

Keflvíkingar hafa fundið leikgleðina aftur og það sem meira er að byssur liðsins eru komnar aftur í leitirnar og þær hafa verið fullhlaðnar í upphafi móts.

**Fjórir með yfir tvo þrista í leik**

Valur Orri Valsson nýtti sumarið vel og hefur tekið langþráð skref, Magnús Þór Gunnarsson er kominn heim á ný og Reggie Dupree fær nú að taka þátt fyrir alvöru eftir að hafa fengið íslenskt vegabréf. Guðmundur Jónsson er líka skotmaður sem má ekki fá tíma fyrir utan þriggja stiga línuna. Það er því bókstaflega ógnun úr öllum hornum en allir þessir fjórir hafa skorað yfir tvær þriggja stiga körfur að meðaltali í leik í fyrstu fimm umferðunum.

Það má heldur ekki gleyma Ágústi Orrasyni sem kom til liðsins frá Njarðvík og er með yfir einn þrist að meðaltali í leik af bekknum.

**Enginn þristur frá Kananum**

Það er því ekki að há Keflavíkurliðinu að Bandaríkjamaðurinn Earl Brown Jr. hitti ekki úr einu af átta þriggja stiga skotum sínum í þessum fimm leikjum.

Earl Brown Jr. blómstraði hins vegar í hröðum upphlaupum liðsins og hentar því vel að liðið vill keyra upp hraðann. Þeir sem þekkja líka skyttur Keflavíkurliðsins vita að þeim þykir fátt meira freistandi en að skella niður þristi í hraðaupphlaupi.

Frammistaða Vals Orra hefur vissulega staðið upp úr en hann hefur hækkað sig bæði í stigaskori og stoðsendingum frá því í fyrra. Nýting hans fyrir utan þriggja stiga línuna er líka frábær en 13 af 23 þriggja stiga skotum hans í fyrstu fimm leikjunum hafa ratað rétta leið. Hann er því með 56,5 prósenta nýtingu þrátt fyrir að hafa hitt illa í síðasta leik (1 af 6).

**Nú má nota Reggie**

Reggie Dupree er annað dæmi um leikmann sem hefur fengið tækifæri til að skipta um gír. Reggie var í Keflavíkurliðinu í fyrra en fékk þá aðeins að spila 27 mínútur að meðaltali því hann var ekki búinn að fá íslenskt vegabréf. Nú er Reggie Dupree hins vegar fullgildur íslenskur leikmaður og fær alvöru tækifæri til að spila. Hann hefur ekki aðeins spilað lykilhlutverk í vörninni því kappinn er með yfir 58 prósenta þriggja stiga skotnýtingu í fyrstu fimm umferðum deildarinnar.

Heimkoma Magnúsar Þórs Gunnarssonar hefur líka verið gleðiefni fyrir Keflvíkinga. Hann átti góðan leik í fyrstu tveimur leikjunum og þrátt fyrir að það hafi ekki borið eins mikið á honum í síðustu leikjum þá má aldrei líta af kappanum. Magnús er heldur hvergi eins mikið á heimavelli og í „mega skjóta hvar sem og hvenær sem er“ leikstíl Keflavíkurliðsins.

Keflavík er aðeins sjötta félagið á síðustu fimmtán árum sem skorar yfir hundrað stig að meðaltali í fyrstu fimm leikjum sínum. Síðast þegar Keflvíkingar náðu því, haustið 2002, fögnuðu þeir Íslandsmeistaratitlinum um vorið. Góð byrjun hefur þó ekki alltaf þýtt góðan endi hjá Keflavíkurliðinu og gott dæmi um það var fyrir tveimur árum þegar liðið vann sex fyrstu leiki sína en endaði síðan á því að vinna ekki einn leik í úrslitakeppninni.

Frá því að núverandi fyrirkomulag var tekið upp í úrvalsdeildinni haustið 1996 hefur 21 félag náð að vinna fyrstu fimm leiki sína en aðeins sex þeirra hafa unnið Íslandsmeistaratitilinn vorið eftir. Það er því enn mikið eftir og því örugglega enginn titlaglampi í augum Keflvíkinga ennþá.

**Stór próf fram undan**

Fram undan eru tvö mjög stór próf fyrir Keflavíkurliðið. Fyrst útileikur í Grindavík annað kvöld og svo heimaleikur á móti Íslandsmeisturum KR tæpri viku síðar. Það er ljóst að það er ekki hægt að meta styrk Keflavíkurliðsins til fulls fyrr en í ljós kemur hvað liðið gerir á móti þessum öflugu mótherjum.

## Þriggja stiga körfur stórskyttna Keflavíkurliðsins




| Magnús Þór Gunnarsson | Guðmundur Jónsson | Reggie Dupree | Valur Orri Valsson |
|---|---|---|---|
| 2,2 þristar í leik | 2,0 þristar í leik | 2,0 þristar í leik | 2,6 þristar í leik |
| 39,3% þriggja stiga skotnýting | 34,5% þriggja stiga skotnýting | 58,8% þriggja stiga skotnýting | 56,5% þriggja stiga skotnýting |

### Þriggja stiga skytturnar komnar í leitirnar í Keflavík

Keflvíkingar hafa hitti úr rétt tæplega 41 prósenti þriggja stiga skota sinna í fyrstu fimm umferðunum og eru það lið í Domino's-deild karla sem hefur nýtt þriggja stiga skotin sín best til þessa. Það er mikil breyting frá því tímabilið 2012-13 þegar öll hin ellefu liðin í úrvalsdeildinni voru með betri þriggja stiga skotnýtingu en Keflvíkingar. Það var mikið fall fyrir Keflavíkurliðið sem árið á undan var með bestu nýtingu eins og nú.

**Þriggja stiga nýting Keflavíkur**

| | |
|---|---|
| 2015-2016 | 1. SÆTI (40,9%) |
| 2014-2015 | 7. SÆTI (31,6%) |
| 2013-2014 | 5. SÆTI (33,9%) |
| 2012-2013 | 12. SÆTI (27,7 %) |
| 2011-2012 | 1. SÆTI (35,4%) |

### Hundrað stig í leik í fyrstu fimm leikjunum frá 2000 til 2015:

| | |
|---|---|
| **GRINDAVÍK** 2008-09 | 555 stig |
| **SNÆFELL** 2012-13 | 520 stig |
| **KEFLAVÍK*** 2002-03 | 519 stig |
| **KR*** 2008-09 | 508 stig |
| **NJARÐVÍK** 2013-14 | 507 stig |
| **KEFLAVÍK** 2015-16 | 502 stig |

* *Urðu Íslandsmeistarar*

## Nýjast

**Domino's-deild kvenna**

**Keflavík - Valur 71-66**

**Stigahæstar:** Melissa Zorning 27 (11 fráк.), Sara Lind Þrastardóttir 12 (8 frák.) – Karisma Chapman 26 (18 frák.), Hallveig Jónsdóttir 14.

Keflavík jafnaði Grindavík og Val að stigum eftir að hafa unnið þessi tvö lið í síðustu tveimur leikjum sínum.

**Snæfell - Hamar 89-32**

**Stigahæstar:** Haiden Denise Palmer 17 (7 frák.), Rebekka Rán Karlsdóttir 15 (5 frák.) – Suriya McGuire 8 (5 fráköst), Jenný Harðardóttir 6.

Botnlið Hamars reyndist engin fyrirstaða fyrir Íslandsmeistara Snæfells.

**Haukar - Stjarnan 78-62**

**Markahæstar:** Pálína Gunnlaugsdóttir 23, Helena Sverrisdóttir 17 (15 frák., 7 stoðs.) – Chelsie Schweers 34 (8 frák.), Ragna Margrét Brynjarsdóttir 11 (11 frák.)..

Haukakonur eru enn með fullt hús stiga eftir sjö umferðir. Góður lokakafli gerði útslagið gegn Stjörnunni.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Haukar | 14 | Valur | 6 |
| Snæfell | 12 | Stjarnan | 4 |
| Keflavík | 6 | Hamar | 0 |
| Grindavík | 6 | | |

**GUNNAR Á STÓRA SVIÐINU**

Bardagi Gunnars Nelson gegn Demian Maia verður í aðalhluta á bardagakvöldi UFC í Las Vegas þann 12. desember. Aðeins fimm bardagar eru á svokölluðu „main card“ og er bardagi Gunnars í þeim hópi. Þetta er í annað sinn sem Gunnar á bardaga á stóra sviðinu í Las Vegas en hann barðist á sama stað nú í sumar. Aðalbardagi kvöldsins verður á milli Jose Aldo og Conor McGregor, æfingafélaga Gunnars.

**LILLESTRÖM TAPAÐI ÁN GUÐBJARGAR**

Norsku meistararnir í Lilleström töpuðu fyrir Frankfurt á heimavelli sínum í fyrri viðureign liðanna í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í gærkvöldi. Landsliðsmarkvörðurinn Guðbjörg Gunnarsdóttir missti af leiknum vegna meiðsla sem hún hlaut í leik með íslenska landsliðinu í síðasta mánuði. Hún á þó möguleika á að ná síðari leiknum sem fer fram í Þýskalandi í næstu viku.



Sara Björk Gunnarsdóttir og félagar í sænska meistaraliðinu Rosengård mæta AGSM Verona í fyrri leik sínum í kvöld.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 17.30 | **Kiel - PSG** | Sport |
| 18.00 | **OHL Classic** | Golfstöðin |
| 19.35 | **Noregur - Ungverjal.** | Sport |
| | | |
| 18.00 | **Fram - ÍBV** | Framhús |
| 18.00 | **Grótta - Fjölnir** | Hertz-höllin |
| 18.30 | **Akureyri - Afture.** | KA-heimilið |
| 19.15 | **KR - Snæfell** | DHL-höllin |
| 19.15 | **Tindastóll - Höttur** | Sauðárkr. |
| 19.15 | **FSu - Njarðvík** | Iða |
| 19.15 | **Stjarnan - Þór Þ.** | Ásgarður |
| 19.30 | **ÍR - FH** | Austurberg |
| 19.30 | **Valur - Haukar** | Vodafone-h. |
| 20.00 | **Grótta - Víkingur** | Hertz-höllin |


MAGNÚS JÓNSSON
STEINUNN ÓLÍNA ÞORSTEINSDÓTTIR
RÉTTUR
SUNNUDAGA Á STÖÐ 2
sagafilm
SPORTS DIRECT.com

# Slegist um að sjá stelpurnar

**Áhorfendamet verður sett hjá UFC um helgina og það eru sterkar stelpur sem hafa selt 70 þúsund aðgöngumiða í Melbourne. Helsta aðdráttaraflið er þó hin ótrúlega Ronda Rousey sem hefur glímt tvisvar við Önnu Soffíu Víkingsdóttur, Íslandsmeistarann í júdó.**

**UFC** Um helgina fer fram einstakur viðburður í UFC-heiminum. Á hinum risavaxna Etihad-velli í Melbourne í Ástralíu munu 70 þúsund manns fylgjast með UFC 193. Stærsta kvöld í sögu UFC og aðalbardagarnir eru kvennabardagar.

Það er keppt í tveim þyngdarflokkum hjá konunum í UFC og bæði beltin verða undir í Melbourne. Næststærsti bardagi kvöldsins er í strávigt á milli pólska meistarans, Joanna Jedrzejczyjk, og kanadísku stúlkunnar Valerie Letourneau.

Aðalbardaginn er síðan á milli meistarans í bantamvigt, Rondu Rousey, og Holly Holm. Tvær frábærar stúlkur sem aldrei hafa tapað. Rousey þó mun sigurstranglegri enda haft ótrúlega yfirburði í íþróttinni og er að klára sína bardaga á um 30 sekúndum að meðaltali.

**Hún er rosalegur íþróttamaður**

Júdódrottning Íslands, Anna Soffía Víkingsdóttir, þekkir aðeins til Rousey eftir að hafa glímt við hana í tvígang. Anna Soffía hefur unnið 23 Íslandsmeistaratitla í júdó og hún er líka fjórfaldur Íslandsmeistari í brasilísku jiu jitsu.

„Ég keppti tvisvar við Rondu árið 2007. Það var á opna bandaríska og opna sænska meistaramótinu í júdó. Er ég mætti á bandaríska mótið var ég nýbúin að heyra af henni í fyrsta skipti enda hafði hún nælt í silfur á HM," segir Anna Soffía en hún fékk að finna fyrir styrk Rousey.

„Það gekk ekkert sérstaklega vel í fyrri bardaganum þar sem ég tapaði eftir um eina og hálfa mínútu. Ég fann þar hversu rosalegur íþróttamaður hún er. Hún kemur inn í mann af fullu afli strax frá fyrstu sekúndu. Ef maður er ekki viðbúinn þá bregður manni svolítið. Þetta er stíll sem fólk þekkir ef það hefur horft á hana í MMA. Hún byrjaði snemma með þennan agressíva stíl," segir Anna Soffía en í seinni bardaganum í Svíþjóð gekk betur. „Þá tapaði ég fyrir henni í gólfinu þegar það var svona mínúta eftir."

**Ronda er lokuð týpa**

Eftir mótið í Svíþjóð fóru margar af júdóstelpunum saman í æfingabúðir í viku. Þar á meðal voru Anna Soffía og Ronda. Þar náði Anna að fylgjast betur með henni.

„Ég náði nú ekkert að kynnast henni persónulega. Hún var frekar lokuð týpa og það virtist vera erfitt að kynnast henni. Þegar hún var bæði að æfa og keppa þá var hún svolítið ein úti í horni að hugsa um sitt," segir Íslandsmeistarinn og bætir við að það hafi stundum verið kostulegt að fylgjast með líklega þekktustu og vinsælustu íþróttakonu heims í dag.

„Hún var ekki alltaf sú vinalegasta við stelpurnar sem hún var að glíma við. Ef henni gekk ekki vel þá fór hún stundum að láta illa. Ég man sérstaklega eftir einu atviki þar sem hún var að glíma við góða, þýska stelpu. Það gekk ekki vel og þá fór Ronda að sparka í hana. Þjálfarinn þurfti að stoppa hana og þá rauk hún út. Hún var með stórt skap greinilega og tók ekki alltaf í höndina á andstæðingnum sem er ekki vel séð."



Anna Soffía hefur tvívegis glímt við Rousey.

**Ber meiri virðingu fyrir henni**

Anna Soffía hefur fylgst vel með uppgangi Rondu í UFC á síðustu árum og er ánægð með það sem Ronda er að gera og ekki síst með það sem hún hefur fram að færa.

„Ég fór að bera meiri virðingu fyrir henni er hún fór að tjá sig almennilega. Ég er einmitt að lesa ævisögu hennar líka núna. Mér finnst frábært að hún sé að nýta nafn sitt og frægð til þess að tala fyrir og gegn ákveðnum málefnum. Það var flott er hún lét til að mynda Floyd Mayweather heyra það. Hún hefur líka talað opinskátt um líkamsímyndina sem er gott. Hún sagði að allir vöðvarnir hefðu sinn tilgang er hún var gagnrýnd fyrir að vera of mössuð. Svo er hún auðvitað rosalegur íþróttamaður og einn sá besti sem ég hef séð."

Anna Soffía er líka hæstánægð með hvað Ronda hefur gert fyrir kvennaíþróttir. „Hún er að sýna að við getum gert þetta jafn vel og karlarnir og jafnvel betur," segir Anna Soffía en hún bíður spennt eftir bardagakvöldinu um helgina sem verður í beinni á Stöð 2 Sport.

„Ég er búin að vera að telja niður í keppnina. Báðar stelpurnar eru rosalega flottar og góðir íþróttamenn. Ég held að Ronda vinni og Holly sé ekki tilbúin en ég vona að bardaginn standi í meira en lotu," segir Anna og hlær.

henry@frettabladid.is

## Tíu staðreyndir um Rondu Rousey

- Hún á metið yfir fljótasta sigur í búrinu. Það er 14 sekúndur og hún vann annan bardaga á 16 sekúndum.
- Hún hefur aðeins einu sinni barist lengur en í fyrstu lotu.
- Hún er kvikmyndastjarna og lék í The Expendables 3, Furious 7 og Entourage.
- Hún var fyrsta konan sem fékk samning hjá UFC.
- Hún vann bronsverðlaun í júdó á ÓL í Peking árið 2008.
- Móðir hennar varð heimsmeistari í júdó árið 1984 fyrst allra Bandaríkjamanna.
- Hún er fyrsta konan sem kemst á forsíðu blaðsins Men's Fitness.
- Faðir hennar lamaðist og svipti sig lífi þegar hún var 8 ára.
- Kærastinn hennar er UFC-kappinn Travis Browne.
- Hún var fyrsta konan sem fékk að vera gestastjórnandi í íþróttaþætti ESPN, SportsCenter.



**Ronda Rousey**
Aldur **28 ára**
Hæð **170 cm**
Þyngd **61 kíló**
Árangur **12-0-0**

**Holly Holm**
Aldur **34 ára**
Hæð **173 cm**
Þyngd **61 kíló**
Árangur **9-0-0**


SKÓDAGAR
20%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM SKÓM*
TIL MÁNUDAGS
GÖNGUSKÓR, HLAUPASKÓR, GÖTUSKÓR, ÆFINGASKÓR, BARNASKÓR,
HERRASKÓR, DÖMUSKÓR, FÓTBOLTASKÓR, KULDASKÓR - ALLIR SKÓR!
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
ÚTILÍF
síðan 1974
utilif.is



Sýning á verkum systranna þriggja verður opnuð í dag í Gallerii Gróttu. MYND/ÚR EINKASAFNI

## Verkin tengd saman með farvegum vatns

Í dag verður sýningin Farvegir vatns opnuð í Gallerii Gróttu á Seltjarnarnesi.

Á sýningunni má sjá verk systranna Ingileifar, Áslaugar og Sigrúnar Thorlacius og er þetta fyrsta samsýningin á verkum systranna þriggja. Þráðurinn í gegnum sýninguna er vatnið, áhrif þess, nýting og kraftur sem þær vinna með á ólíkan máta.

„Við ákváðum að finna einhvern þráð og sáum fljótlega hvernig við gátum tengt okkur saman með farvegum vatnsins," segir Áslaug en verkin sem hún sýnir eru blýantsteikningar og röð blekmynda af náttúrufyrirbrigðum þar sem farvegir vatns eru í aðalhlutverki. Verkin fjalla um vestfirskar fjallahvilftir, gil og klettabelti sem vatn og aðrir náttúrukraftar hafa mótað.

„Ingileif, elsta systir okkar, notaði mikið vatnsliti í sínum verkum og í síðustu verkum sínum lét hún vatnslitina eiginlega stjórna útkomunni. Lét litinn flæða og þorna í pollum svo úr varð mynd. Stundum einn lit og stundum fleiri," segir Áslaug um verk elstu systur sinnar en Ingileif hélt fimm einkasýningar á ferli sínum og tók þátt í átta samsýningum á Íslandi og í Svíþjóð en hún lést árið 2010. Lýsa má verkum hennar á sýningunni sem einfaldri rannsókn á ferðalagi vatnsins um pappírinn. Sigrún er vöruhönnuður að mennt og eru verk hennar hugvekja um votlendið en þetta er hennar fyrsta opinbera sýning eftir útskrift úr Listaháskóla Íslands síðastliðið vor.

Sýningin verður opnuð klukkan 17.00 í Gallerii Gróttu sem er á annarri hæð á Eiðistorgi. Sýningin verður opin til 4. desember. **– gló**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jóhanna Sigurbjörg Markúsdóttir (Lilla)**

Fensölum 6, Kópavogi,

lést í faðmi fjölskyldunnar á heimili sínu laugardaginn 7. nóvember. Jarðsungið verður frá Kópavogskirkju föstudaginn 13. nóvember kl. 13.00.

**Aldís Guðmundsdóttir** — **Bjarni Þormóðsson**
**Gerður Guðmundsdóttir** — **Óskar Þorbergsson**
**Már Guðmundsson** — **Björg Sigmundsdóttir**
**Berglind Guðmundsdóttir** — **Sigurður Björnsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



Ástkær bróðir okkar og frændi,

**Ólafur Anders Kjartansson**

bóndi,
frá Pálmholti í Arnarneshreppi,

lést á dvalarheimilinu Grenilundi á Grenivík föstudaginn 30. október. Útförin fer fram frá Möðruvallakirkju laugardaginn 14. nóvember kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á dvalarheimilið Grenilund á Grenivík.

**Elín Guðrún Kjartansdóttir** — **Guðrún Þóra Kjartansdóttir**
**systkinabörn hins látna og fjölskyldur.**



Bára Grímsdóttir og Chris Foster skipa tvíeykið FUNA. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þjóðlög flutt á sérsmíðuð langspil og finnska hörpu

**Tvíeykið Funi mun spila í Mengi í kvöld en þar verður meðal annars flutt lag við kvæði Jóns Steingrímssonar um móðuharðindin en Bára og Chris hafa spilað saman síðan 2001.**

Í kvöld mun tvíeykið Funi sem skipað er þeim Báru Grímsdóttur og Chris Foster spila í Mengi.

Á tónleikunum mun Funi flytja íslensk og ensk þjóðlög en þau Bára og Chris leika á langspil, gítar, kantele og íslenska fiðlu.

Bára segir þjóðlög alla tíð hafa verið sér hugleikin en hún ólst upp við söng og kveðskap.

„Hjá mér var það nú þannig að ég ólst upp við kveðskap hjá foreldrum mínum, fyrst í sveitinni og svo þegar við fluttum í bæinn, þá gengu þau í kvæðamannafélagið Iðunni, ég er nú formaður þar í dag," segir Bára glöð í bragði. „Svo var ég svo heppin þegar ég var í Barnamúsíkskólanum þegar ég var lítil að þar var ég með kennara sem kenndu okkur skemmtileg þjóðlög, þulur og svona ýmislegt. Þá kynntist ég annarri hlið íslensku þjóðlagatónlistarinnar."

Bára og Chris hófu svo samstarf árið 2001 og segir Bára hann hafa verið viðloðandi þjóðlagatónlist frá barnæsku líkt og hún sjálf en Chris er alinn upp á Englandi og hefur haldið tónleika víðsvegar um heiminn síðastliðin 40 ár.

„Foreldrar hans voru mikið söngfólk og þau voru í enskum danshóp. Svo kynntist hann fólki sem sýndi þessu einnig áhuga og hann var ungur að reka folk club á Englandi. Einnig kynntist hann gömlu fólki sem söng á enskum pöbbum og lærði af þeim."

> **Við erum líka að nota þessi gömlu íslensku hljóðfæri. Við erum með langspilið og höfum stundum verið með íslenska fiðlu og ég spila á litla finnska borðhörpu sem kallast kantele.**

Nafnið er vísun í lag sem var á fyrsta disk þeirra Báru og Chris og er kvæðið við lagið samið af ömmu Báru. „Hún amma mín, Petrína, samdi kvæði um Funa sem var einn af uppáhaldshestunum hans afa. Það var á fyrsta disknum okkar og við ákváðum að kalla dúóið Funa, þetta er svona þjált nafn."

Síðan þau hófu að spila saman hafa þau haldið námskeið og komið fram á ýmsum hátíðum og tónleikum, bæði hér heima og einnig í útlöndum. „Við spilum oft erlendis og höfum gert það í gegnum árin. Við höfum verið svona mest á Bretlandseyjum og svo höfum við líka farið ansi oft til Bandaríkjanna, á austurströndina þá helst, og líka víða í Evrópu."

Lögin útsetja þau Bára og Chris sjálf og segist Bára, sem er tónskáld, oft lengja íslensku lögin þar sem þau séu oft á tíðum stutt. Einnig voru lögin sem flutt eru oft sungin án nokkurs undirleiks. „Ég geri meira í kringum þau. Bý til millispil og lög við sum versin til þess að ramma þetta meira inn og gera þetta að heilsteyptari lögum," segir hún og heldur áfram: „Við erum líka að nota þessi gömlu íslensku hljóðfæri. Við erum með langspilið og höfum stundum verið með íslenska fiðlu og ég spila á litla finnska borðhörpu sem kallast kantele." Langspilin létu þau sérsmíða fyrir sig og munu þau í kvöld flytja lag sem Bára gerði við kvæði Jóns Steingrímssonar um móðuharðindin þar sem þau leika á tvö langspil. Einnig mun Bára kveða í kvöld, bæði hluta úr gamalli rímu auk nýlegs kvæðis eftir ungan hagyrðing. Á meðan á tónlistarflutningnum stendur verður myndheimi varpað á vegg Mengis og segir Bára það skýra texta og umfjöllunarefni tónlistarinnar.

Tónleikarnir hefjast í Mengi, Óðinsgötu 2, klukkan 21.00 í kvöld og er miðaverð 2.000 krónur. **gydaloa@frettabladid.is**

## Merkisatburðir

**1906** Blaðamannaávarpið er sett fram af ritstjórum sex helstu dagblaða á Íslandi.
**1929** Grace Kelly, bandarísk leikkona og furstafrú í Mónakó, fæðist á þessum degi.
**1944** Þúsund farast þegar þýska skipið Tirpitz sekkur utan við Tromsø í Noregi.
**1965** Hvassaleitisskóli er settur í fyrsta skipti.
**1967** Flatey á Skjálfanda fer í eyði er síðustu 10 íbúarnir flytjast þaðan. Þar höfðu 100 manns búið fáum árum áður.
**1974** Þórbergur Þórðarson rithöfundur deyr á þessum degi.
**1991** Íslenska stálfélagið hf. er tekið til gjaldþrotaskipta.
**1994** Guðmundur Árni Stefánsson biðst lausnar sem félagsmálaráðherra og tekur Rannveig Guðmundsdóttir við embættinu.
**2011** Silvio Berlusconi segir af sér embætti forsætisráðherra Ítalíu.



# SKJÁLFTAVIRKNI!




Útgáfuboð
Í dag kl. 17
Austurstræti

**Stóri skjálfti**
Vildarverð: 5.599.-
Verð: 6.999.-

1. Metsölulisti Eymundsson




**Þýska húsið**
Vildarverð: 5.599.-
Verð: 6.999-




**Stúlka með höfuð**
Vildarverð: 5.999.-
Verð: 6.999.-




**Litlar byltingar**
Vildarverð: 5.899.-
Verð: 6.499.-




**Sögumaður**
Vildarverð: 5.399.-
Verð: 5.999.-




**Hvít sem mjöll**
Verð: 4.699.-
**Rauð sem blóð - Fylgir frítt með!**

3. Metsölulisti Eymundsson




**Þín eigin goðsaga**
Vildarverð: 4.299.-
Verð: 4.799.-

4. Metsölulisti Eymundsson




**Víga Anders**
Vildarverð: 3.299.-
Verð: 3.699.-




**Egils sögur**
Vildarverð: 6.799.-
Verð: 7.499.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gildir frá 12. nóv. til og með 15. nóv. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Suðlæg átt, yfirleitt fremur hægur vindur. Snjó- eða slydduél sunnan- og vestanlands. Yfirleitt þurrt og bjart um landið norðaustanvert, en léttir til suðaustanlands þegar líður á daginn. Kólnandi veður í kvöld.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | 0° | 1° |
| 12 | 14 | 13 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 2° | 4° | -1° |
| 6 | 13 | 16 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -1° | 2° |
| 4 | 11 | 6 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 3° | 3° | -1° |
| 11 | 8 | 7 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. hróss
6. úr hófi
8. hrygning
9. bekkur
11. kyrrð
12. traðk
14. skraut
16. tveir eins
17. fugl
18. stansa
20. skóli
21. ferðast

**LÓÐRÉTT**
1. andlegt áfall
3. einnig
4. undirbúningspróf
5. hlóðir
7. ávöxtur
10. hald
13. mas
15. tegund
16. náinn
19. ólæti

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT: 2.** lofs, **6.** of, **8.** got, **9.** set, **11.** ró, **12.** tramp, **14.** skart, **16.** kk, **17.** lóa, **18.** æja, **20.** fg, **21.** rata.
**LÓÐRÉTT: 1.** lost, **3.** og, **4.** forpróf, **5.** stó, **7.** ferskja, **10.** tak, **13.** mal, **15.** tagi, **16.** kær, **19.** at.









## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | | 7 | 8 | | 4 | | |
| | | 7 | | 9 | | | | |
| | 8 | 2 | 1 | | 3 | 9 | | 7 |
| | 1 | | | 3 | 9 | | | |
| | | | 2 | 6 | | | 9 | |
| | | 6 | | | 1 | | 8 | 3 |
| 6 | | | 9 | | 7 | 3 | | 2 |
| 2 | 5 | | | 1 | 8 | | | |
| | | 1 | 6 | | | 8 | 5 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 6 | 7 | 2 | 4 | 8 | 3 | | |
| | | 8 | 3 | | | 7 | | 1 |
| | | 9 | 6 | | | | 8 | |
| 6 | | | 4 | | | 5 | | 3 |
| | 2 | | | | | | 7 | 8 |
| | | | | | | | 2 | |
| 7 | | 6 | 8 | | | | 3 | |
| 9 | | 4 | | 6 | 5 | | | |
| | | | | 1 | | 6 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 7 | 5 | | |
| 3 | | 9 | | 6 | | | | 1 |
| 7 | | 1 | | | | | 2 | 9 |
| 1 | | | 4 | | 6 | 7 | 5 | |
| 6 | 3 | 7 | | 9 | | | 1 | |
| | | 8 | | | | | | |
| | | | 1 | | | | 9 | |
| | | | | 2 | 5 | | | 7 |
| | 2 | | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | 2 | 6 | 8 | 3 | 5 | 9 | 4 |
| 3 | 8 | 9 | 1 | 4 | 5 | 6 | 7 | 2 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 9 | 2 | 8 | 1 | 3 |
| 5 | 1 | 3 | 2 | 6 | 4 | 9 | 8 | 7 |
| 6 | 4 | 8 | 5 | 7 | 9 | 2 | 3 | 1 |
| 9 | 2 | 7 | 3 | 1 | 8 | 4 | 5 | 6 |
| 2 | 6 | 5 | 8 | 3 | 7 | 1 | 4 | 9 |
| 7 | 9 | 1 | 4 | 5 | 6 | 3 | 2 | 8 |
| 8 | 3 | 4 | 9 | 2 | 1 | 7 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 | 6 | 9 |
| 1 | 3 | 7 | 9 | 6 | 2 | 5 | 4 | 8 |
| 6 | 8 | 9 | 1 | 4 | 5 | 7 | 2 | 3 |
| 3 | 9 | 6 | 4 | 2 | 7 | 8 | 1 | 5 |
| 7 | 1 | 8 | 5 | 3 | 6 | 2 | 9 | 4 |
| 4 | 5 | 2 | 8 | 9 | 1 | 3 | 7 | 6 |
| 8 | 2 | 3 | 6 | 1 | 4 | 9 | 5 | 7 |
| 9 | 6 | 1 | 7 | 5 | 3 | 4 | 8 | 2 |
| 5 | 7 | 4 | 2 | 8 | 9 | 6 | 3 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 4 | 9 | 5 | 7 | 1 | 8 | 6 |
| 1 | 5 | 9 | 8 | 6 | 3 | 2 | 7 | 4 |
| 6 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 | 5 | 3 | 9 |
| 7 | 4 | 6 | 2 | 8 | 9 | 3 | 5 | 1 |
| 5 | 9 | 2 | 6 | 3 | 1 | 7 | 4 | 8 |
| 8 | 1 | 3 | 4 | 7 | 5 | 6 | 9 | 2 |
| 4 | 6 | 5 | 3 | 9 | 2 | 8 | 1 | 7 |
| 9 | 8 | 7 | 5 | 1 | 6 | 4 | 2 | 3 |
| 2 | 3 | 1 | 7 | 4 | 8 | 9 | 6 | 5 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





HITUM UPP FYRIR JÓLIN
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM JÓLALEGUM VÖRUM;)
80JV00K9MT
U41
FISLÉTT ULTRABOOK FARTÖLVA
Ný kynslóð léttari og öflugri fartölva með stórglæsilegri burstaðri ál áferð og kristaltæru Dolby Home Theater hljóðkerfi.
• Intel Core i5-5200U 2.7GHz Turbo 4xHT
• 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
• 500GB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
• 14” FHD LED AntiGlare 1920x1080
• Intel HD 5500 GT2 DX12 skjákjarni
• 2.0 Dolby DS Home Theater hljóðkerfi
• 867Mbps Dual WIFI AC, BT 4.0, USB 3.0
• Motion Control HD vefmyndavél
• Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum
1920x1080 FHD FULL HD SKJÁR MEÐ ANTI-GLARE VÖRN
BAKLÝST HÁGÆÐA ACCUTYPE LYKLABORÐ
Motion Control Stýrðu helstu aðgerðum með því einu að benda Lenovo fartölvunni þinni á hvað hún á að gera;)
Lenovo
149.900
FISLÉTT Í SKÓLATÖSKUNA;)
TITRANDI Í LEIKINA! MEÐ EINUM HNAPP ER HÆGT AÐ KVEIKJA Á VIBRATION MODE SEM GEFUR NÝJA UPPLIFUN Í LEIKINA!
SKRIÐDREKI Í STOFUNA VIBRATION ELEMENT GERIR UPPLIFUNINA EINS OG ÞÚ SÉRT INNI Í NÖTRANDI SKRIÐDREKANUM!
KOSS
HQ2
LEIKJAHEYRNARTÓL
• Öflug leikjaheyrnartól frá KOSS
• Vibration Element fyrir nýja upplifun
• Feykiöflugur hljómur og kröftugur bassi
• Clear Voice Noise Cancelling MIC
• Þumlungastjórn á Vibration Element
• Stórir og lokaðir Leatherette púðar
• Samanbrjótanleg og meðfærileg
14.900
NÝ SENDING ER AÐ LENDA:)
GW2760HS
TRUE BLACK VALED TÆKNI MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN
SLIM BAZEL ÖRÞUNNUR RAMMI
BenQ
27” VALED
FULL HD VA-LED
• 27” VA-LED FULL HD 1080p 16:9
• 20 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
• 4ms GTG viðbragðstími fyrir leikina
• 1920x1080 FULL HD upplausn
• HDMI HDCP, DVI og VGA D-SUB tengi
• 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
• Aukin myndgæði með True Black tækni
49.900
22” 24.900 | 24” 29.900
3 STÆRÐIR
HÁRNÁKVÆM EINN NÁKVÆMASTI OPTICAL SENSOR SEM VÖL ER Á!
100% KEPPNIS ALVÖRU LEIKJA GRÆJA:)
ZASERIES
FYRIR ATVINNUSPILARA
• Zowie leikjamús fyrir atvinnuspilara
• ADNS 3310 LED Optical sensor
• Virkar jafnt fyrir rétthenta og örvhenta
• 7 forritanlegir Macro hnappar
• Virkar fullkomlega án hugbúnaðar
• Hægt er að stilla DPI frá 400 til 3200
• Fullkomin lift-off fjarlægð og Claw grip
14.900
FÆST Í 3 STÆRÐUM!
3 DAGA TILBOÐ VERÐ ÁÐUR 29.900
1280x800 IPS ÓTRÚLEGA NÁKVÆMUR 178° SJÓNARHORN
ICONIA
acer
W1-810
• 8” HD IPS fjölsnertiskjár 1280x800
• Intel Quad Core Z3735G 1.83GHz Burst
• Intel HD Graphics DX11 skjákjarni
• 32GB SSD Flash og allt að 64GB microSD
• 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
• Li-Polymer rafhlaða allt að 8 tímar
• USB2 micro og Micro SD kortalesari
• Tvær myndavélar 2MP að framan og aftan
• Windows 8.1 og Office 365 fyrir 2 tölvur
24.900
OFFICE 365 FYLGIR FYRIR 2 TÖLVUR
Wi-Fi
5 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 24.900
J4120DW
WIFI A4/A3 FJÖLNOTATÆKI
Ótrúlegt þráðlaust undratæki frá Brother sem skannar, ljósritar og prentar hágæða ljósmyndir í allt að A3 stærð, rammalaust.
A3 PRENTAÐU LJÓSMYNDIRNAR Í A3 STÆRÐ
• Hágæða þráðlaust A4/A3 fjölnotatæki
• Prentar allt að 18 bls/mín, 16 bls/mín í lit
• 4 hagkvæm hylki, fáanleg allt að 1200 bls
• 6000x1200 dpi prentari og 2400 dpi skanni
• 150 bls A4 bakki og A3 bak-matari
• Duplex sjálfvirk tvíhliða prentun, 6bls/mín
• 4.5cm lita snertiskjár fyrir allar aðgerðir
• Þráðlaust WIFI / Airprint / Cloud Print
• USB 2.0 tengi, PC, MAC og LINUX
brother at your side
19.900
HIN FULLKOMNI PRENTARI!
12.Nóvember 2015 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
HP G3 255 Glæsileg 15.6” fartölva með Dual Core örgjörva, 4GB minni, 500GB disk og uppfærsla í Windows 10
G3 255
59.900
15.6” HP G3 255
GOOGLE CHROMECAST 2 Breyttu sjónvarpinu í snjallsjónvarp með Chromecast 2, þú stjórnar snjallsjónvarpinu þínu með hvaða snjalltæki sem er;)
2nd GEN
6.990
Google
CHROMECAST 2
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PAPPÍR Í NÓVEMBER!
ALLT FYRIR JÓLAKORTIN
KLUKKA DAGATAL OG MYNDSÝNING
ROLLEI
9.990
7” MYNDARAMMI
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
2011 - 2014 Framúrskarandi fyrirtæki
acer Lenovo hp KOSS BenQ THONET & VANDER Microsoft intel Security

# Reyndi að vinna eins og miðaldamunkur

**Ný íslensk fornrit koma ekki út á hverjum degi en nú hefur Bergsveinn Birgisson, rithöfundur og fræðimaður, gert sér lítið fyrir og skrifað Geirmundar sögu heljarskinns, meira að segja á fornmáli.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



"Mér finnst fornmálið fallegt, hnitmiðað og á köflum póetískara en nútímaíslenska," segir Bergsveinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON

Bergsveinn Birgisson býr í Noregi, þar sem hann kennir norrænar miðaldabókmenntir. Hann er væntanlegur heim til Íslands innan fárra daga til þess að fylgja eftir sinni nýju bók, Geirmundar sögu heljarskinns, en tekur vel beiðni Fréttablaðsins um símaviðtal, þó kostnaður af því falli á hann að einhverju leyti. „Ég er alltaf í mínus hvort sem er," segir hann.

**Lætur Brand prior skrifa**
Bergsveinn kveðst hafa reynt að vinna Geirmundarsögu eins og miðaldamunkur, tína saman brot úr sagnfræðilegum heimildum og hugsa lengi um hvernig hægt væri að finna merkingarbært samhengi í þau, geta í eyður og flétta þau saman með leifum af hefð. Þessi undirbúningsvinna var gefin út sem bók í Noregi árið 2013, og kallast Den svarte vikingen.

Ein af fléttum Bergsveins í Geirmundar sögu er að láta Brand nokkurn prior skrifa upprunalegu söguna á 12. öld. „Það er mikilvægt fyrir mig að hafa ramma, hann gerir það að verkum að ég get skrifað aðeins öðruvísi sögu en þær sem til eru," segir hann og hlær svolítið prakkaralega á hinum enda línunnar. „Því læt ég þennan munk vera einn af þeim fyrstu sem reynir að skrifa Íslendingasögu, áður en bókmenntagreinin verður viðtekin hefð og reglur myndast um það hvernig eigi að skrifa sögu. Í Íslendingasögum er aldrei lýst inn í persónur, þeim er aðeins lýst utan frá. Þetta er mikill fjötur svo ég læt þennan munk í fyrndinni geysa svolítið inn í Geirmund líka og geta sér til um hvað er í gangi inni í honum og hans nánustu."

**Var mongólskur í útliti**
Sagan sem Ísland vildi ekki, er sagt um nýju bókina. „Hingað til hefur ekki verið mikill áhugi á Geirmundi eða vilji til að kafa í sögu hans. Ég vil meina að allar þjóðir búi sér til upphafsmýtu þegar sagnaritarar byrja að skrifa um elstu tíma. Menn velja að varpa ljósi á vissa þætti sem hæfa þeirri mýtu og svo lenda aðrir í skugga. Mitt mat er að Geirmundur hafi strax hafnað í skugganum því hann hafi ekki passað inn í upphafsmýtu Íslands. Hann er ekki algerlega norskur, heldur dökkur og mongólskur í útliti, enda á hann forfeður í Norður-Rússlandi. Í öðru lagi byggir hann sér ekki einn bæ og byrjar þar búskap eins og sagt er um aðra landnámsmenn heldur hagar sér eins og smákonungur, leggur nánast undir sig alla Vestfirði og norðanverðan Breiðafjörð og hefur fjölda manns í vinnu. Hann var stórinnflytjandi á írskum þrælum, það var annað sem sagnamenn vildu ekki fjölyrða um. Geirmundur nemur Ísland af efnahagsástæðum einum og hann ríður milli búa sinna með 80 vopnaða menn."

En er þó talinn göfugur í Landnámabók? „Já, þar er hann talinn göfgastur landnámsmanna á Íslandi en í því tilliti er átt við valdamestur eða ríkastur manna, því það er líka merking orðsins göfugur."

**Virðir gömlu sagnameistarana**
Var fornmálið þér ekkert til trafala við skriftirnar?

„Jú, en mér fannst búið að gera nógu margar bækur upp úr fornri sagnahefð á íslensku nútímamáli. Verkefni mitt snerist um að virða gömlu sagnameistarana og formið og orðtökin eru samofin bókmenntagreininni. Vitanlega varð úr þessu meiri vinna en mér finnst fornmálið fallegt, hnitmiðað og á köflum póetískara en nútímaíslenska svo það var skemmtileg reynsla að prófa þetta og fræðandi. Aðalástæðan er þó sú að ég hef mínar efasemdir um skáldsöguna sem listform í dag. Þess vegna vildi ég fara aftur til upphafsins."

Ég sé minnst á Steinólf í Fagradal í sögunni þinni. Er það sá Steinólfur sem margir þekkja í dag?

„Nei, það er Steinólfur lági sem kemur fyrir í sögunni. Nútímamaðurinn Steinólfur var 28. liður frá honum, en ef maður les vandlega má finna sagnir í bókinni runnar undan rifjum hans."

**XXII. KAPÍTULI**

Svá bar til einn vetr at Hjörr konungr kallar Geirmund son sinn á sinn fund. Sagði hann að mál væri at reyna hvert mannsefni hann væri, ok þó vandsét hvárt mannast mætti. Hjörr sagði at Geirmundi væri þegar föstnut kona í Bjarmalandi sömu ættar ok móðurinnar Lúfvinu. Ok þá er váraði skyldi hann fara með þeim til Bjarmalands at heimta brúði sína. Geirmundr sagði þá at hann vildi heldr eiga ambátt eina, ok nefndi til þá ina rauðhærðu, er hafði at honum hlút í bernsku. Þá sperrti Hjörr upp augu í undran, ok þar eftir hvítnaði hann af reiði og sló son sinn vænan kinnhest.

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við
Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð
fimmtudaga milli 19:30 – 22:00
í síma 551-1012.

## Spila á flautu og píanó, syngja, hrópa og kalla

„Það er vel þekkt tækni að syngja í flautuna um leið og maður spilar og Ásta syngur líka af og til við píanóið," segir Emilía Rós Sigurðardóttir flautuleikari glaðlega um tónleikana Röddin, sem hún og Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari halda í Hafnarborg í Hafnarfirði á sunnudaginn klukkan 20.

Á dagskránni eru verk eftir Atla Heimi Sveinsson, Beat Furrers og Kaiju Saariaho og svo frumflytja þær stöllur nýtt verk eftir tónskáldið og flautuleikarann Kolbein Bjarnason sem hann samdi sérstaklega af þessu tilefni. Verkin eiga það sameiginlegt að styðjast við brot úr ljóðum ólíkra skálda, svo sem Plath, Eliots, Prousts og Thors Vilhjálmssonar.

„Það er talsverður texti í verkinu hans Atla Heimis sem við hrópum og köllum – og reyndar líka í verkinu hans Kolbeins, því hann varð fyrir áhrifum af verkinu hans Atla Heimis þegar það var frumflutt 1975 eða 6," segir Emilía Rós. „Já, ef þú vilt vita þá kemur gjallarhorn líka við sögu!"

Tónleikarnir tilheyra tónleikaröðinni Hljóðön. Hún er tileinkuð tónlist frá 20. og 21. öldinni þar sem einstök hugmyndaauðgi og listræn glíma tónskálda leiða áheyrendur inn á áður ókunnar slóðir. – **gun**



Emilía Rós og Ástríður Alda hafa leikið saman síðustu ár og gáfu meðal annars út geisladiskinn Portrait 2012 sem hlaut þrjár tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2013. MYND/ÚR EINKASAFNI

MARCO TOZZI®



STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

*„Ég hafði á þeim tíma jafnvel hugsað upp aðferðir til að ryðja þessum manni úr vegi … En þarna er hann sem sagt kominn. Ég hef ekki séð hann mjög lengi.“*






*Bragi Ólafsson hefur markað sér sérstöðu meðal íslenskra höfunda með efnisvali sínu, frásagnarhætti og einstakri sýn á hið hversdagslega og kómíska. SÖGUMAÐUR er sjöunda skáldsaga hans.*

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

# Tákn úr heimi íþrótta og leikja

**Kristín Rúnarsdóttir myndlistarkona opnar sýninguna prik/strik/ í Núllinu í Bankastræti 0 á morgun. Þar er um innsetningu að ræða sem teygir sig frá gólfi um veggi og upp í loft.**



„Þetta eru nokkurs konar leikföng en þó má ekki hrófla við þeim,“ segir Kristín um prikin sem hún er með á leið niður í Núllið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Mér finnst gaman að takast á við þetta rými og hentar það ágætlega. En það er vissulega ólíkt öðrum sýningarstöðum,“ segir Kristín Rúnarsdóttir myndlistarkona þar sem hún er að hefja uppsetningu sýningarinnar prik/strik/ í Nýlistasafninu í Bankastræti núll. Hún er einmitt með marglit prik undir hendinni, þau hefur hún unnið í vinnustofunni sinni og mun finna þeim stað og listræna merkingu í Núllinu.

„Þetta eru nokkurs konar leikföng en samt má ekki leika sér með þau eða hrófla við þeim,“ segir hún kankvís.

> **ÉG SKOÐA MIKIÐ MERKINGAR Í ALMANNARÝMUM, SVO SEM Á FLUGVÖLLUM, AKBRAUTUM, ÍÞRÓTTAVÖLLUM OG LEIKVÖLLUM, ÞESSAR MÁLUÐU LÍNURSEM ERU ALLT Í KRINGUM OKKUR OGAFMARKA SVÆÐI FYRIR HINAR ÝMSU GREINAR**

Kristín notar límbönd til að teikna á veggi, gólf og loft. Hún kveðst búin að skissa mynstrin upp að mestu en síðan laga þau að hurðaopum, innréttingum, loftlistum og öðrum hlutföllum og einkennum jarðhússins.

„Í verkinu er mikið af beinum línum og réttum hornum og ég nota hallamál og reglustikur til að ná fram réttu formunum,“ segir hún.

Kristín byggir myndmál sitt á máluðum línum í umhverfi okkar. „Ég skoða mikið merkingar í almannarýmum, svo sem á flugvöllum, akbrautum, íþróttavöllum og leikvöllum, þessar máluðu línur sem eru allt í kringum okkur og afmarka svæði fyrir hinar ýmsu greinar,“ útskýrir hún. „Þetta er verk sem fólk gengur inn í og verður að koma á staðinn til að sjá hvernig tekur sig út.“

Sýningin verður opnuð klukkan 17 á morgun, föstudag, og stendur til sunnudagsins 6. desember. Núllið er opið fimmtudaga til sunnudaga milli klukkan 14 og 18. gun@frettabladid.is


**LÝSING Á GERÐ DEILISKIPULAGSINS URRIÐAHOLT/HÁHOLT-URRIÐAHOLTSSTRÆTI**

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt lýsingu á gerð deiliskipulagsins Urriðaholt/Háholt-Urriðaholtsstræti. Breytingin nær til efri hluta Urriðaholtsstrætis og háholts Urriðaholts.

Lýsingin er nú aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar og í þjónustuveri.

Skila má ábendingum vegna lýsingarinnar til skipulagsstjóra Garðabæjar fyrir 27. nóvember næstkomandi.

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**skipulagstjóri**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Tækni- og umhverfissvið


# Ógnarplága og töfraraunsæi

**BÆKUR**

**Vetrarfrí**
★★★☆☆

**Höfundur** Hildur Knútsdóttir
**Útgefandi** JPV útgáfa
**Prentun** Oddi
**Kápa** Halla Sigga
263 bls.

Vetrarfrí nefnist nýútkomin bók Hildar Knútsdóttur, en titillinn gefur ekki miklar vísbendingar um innihald bókarinnar. Kápútextinn gefur svo sem ekki mikið upp heldur svo lesandinn hefur ekki hugmynd um hvað bíður hans. Það sama má sannarlega segja um sögupersónur bókarinnar, en í upphafi sögunnar er lífið mjög venjulegt. Næstum því óþolandi venjulegt. Bergljót, ein aðalpersóna bókarinnar, er að fara í vetrarfrí og á dagskrá er ekkert nema eitt mjög mikilvægt partí. Hlutirnir æxlast svo auðvitað þannig að hún neyðist til að fara út á land með pabba sínum og Braga, bróður sínum. Dæmigert. En það sem svo gerist er gjörsamlega óskiljanlegt. Einhver plága hefur lagst yfir landið og það eina sem sögupersónurnar skilja er að þær þurfa að flýja. En hvert?

Það sem er kannski sterkast í þessari hrollvekju er einmitt hversu eðlilegt allt var. Enginn – ef frá er talinn einn eldgamall „samsæriskenningaröttari“ – gat séð hörmungarnar fyrir. Sagan er dystópísk hliðarveröld við okkar heim. Sögusviðið er Ísland sem við gjörþekkjum – raunar brá undirritaðri dálítið í brún þegar hús, sem hún bjó sjálf í ekki alls fyrir löngu, flækist inn í atburðarásina – Vesturbær Reykjavíkur er nákvæmlega eins og við þekkjum hann, fyrir utan ógnarpláguna. Sagan minnir á sögur af uppvakningum, algjört öryggisleysi. Hverjum má treysta og hver er næstur?

Kaflarnir skiptast á milli tveggja sögumanna, systkinanna Bergljótar og Braga. Til að byrja með er óljóst hvers vegna höfundur tekur þessa ákvörðun en það skýrist í seinni hluta bókarinnar.

Töluvert af persónum eru kynntar til sögunnar en stór hluti þeirra hverfur af sjónarsviðinu og ekkert heyrist meira af þeim. En lokakaflinn gefur sterklega til kynna að lesendur megi búast við framhaldi af þessu ógnvekjandi Vetrarfríi.

Í upphafi er eins og höfundur sé að byrja einhverja allt aðra sögu, en aftur á móti er skiljanlega mikilvægt að búa til hugmyndina um lífið áður en plágan lagðist yfir landið. Fyrsti hluti sögunnar eftir að plágan gerir vart við sig er líka svolítið langdreginn. Hugsanlega er þetta í samræmi við lengd sögunnar í heild sinni, þegar restin hefur litið dagsins ljós. Einnig má ætla að í framhaldinu muni höfundur endurnýja kynni við þær persónur sem hurfu sporlaust af sögusviðinu.

Vetrarfrí er virkilega hressandi viðbót við flóru íslenskra unglingabókmennta. Þetta er ekki enn önnur fant-




asían – að þeim ólöstuðum – heldur er hér komið töfraraunsæisverk fyrir unglinga. Hugsanlega er höfundur sjálfur aðdáandi töfraraunsæisverka, enda vísar hún margsinnis í bókina Hús andanna í textanum. Raunar eru fleiri vísanir í textanum sem eflaust mætti skemmta sér við að ráða, bæði í Biblíuna og samtímadægurlög.

**Halla Þórlaug Óskarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Hressandi og frumleg viðbót við íslenska unglingabókaflóru. Sagan er dálítið lengi í gang en fléttan er virkilega spennandi og vel útpæld.

# FALLEGAR FÖNDURVÖRUR FYRIR BÖRNIN




**25%**
**AFSLÁTTUR**
**AF ÖLLUM FÖNDUR-VÖRUM***
**12.-16. NÓVEMBER**




*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **Pinterest.com/A4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

**A4**

# Lifandi undirleikur í fyrsta sinn en vonandi ekki það síðasta

**Apparat Organ Quartet leikur í fyrsta sinn lifandi tónlist við pólska kvikmynd sem hvarf í seinni heimsstyrjöldinni. Pólsk kvikmyndahátíð hefst í kvöld í Bíó Paradís.**



Apparat Organ Quartet leikur lifandi tónlist við þögla pólska mynd í Bíó Paradís. MYND/ANTJE TAIGA

„Ég held að þetta sé í fyrsta sinn sem við gerum þetta en við höfum samt oft talað um að gera þetta," segir Úlfur Eldjárn, meðlimur í hljómsveitinni Apparat Organ Quartet. Sveitin mun opna kvikmyndahátíðina Perlur úr kvikmyndasögu Póllands með lifandi undirleik við pólsku myndina Harðjaxl en hátíðin hefst í kvöld í Bíó Paradís.

Apparat Organ Quartet kemur sjaldan saman og er því um sérstakan tónlistarviðburð að ræða þar sem sveitin flytur frumsamda tónlist við opnunarmynd hátíðarinnar.

„Þetta verður mjög skemmtilegt, þessi kvikmynd er alveg stórkostleg. Hún er í raun algjör svona týndur demantur, eða öllu heldur fundinn demantur, því hún hvarf í seinni heimsstyrjöldinni og var um tíma talið að hún hefði glatast að eilífu. Þrátt fyrir að vera svarthvít og þögul þá höfðar efni myndarinnar sterkt til nútímamanna: Eiturlyf, framhjáhald, morð og kapítalistar, það er allt í þessari mynd. Við erum búnir að horfa á hana nokkrum sinnum því við höfum verið að undirbúa okkur," segir Úlfur fullur tilhlökkunar.

Sveitin ætlar að leika nýtt efni við myndina en Úlfur segir að þó sé pláss fyrir ýmislegt spontant á sýningunni. „Þetta er mjög lifandi flutningur, við fylgjum myndinni en það er líka pláss til að vera mjög spontant. Þetta verður mjög skemmtilegt fyrir okkur, þetta er í fyrsta sinn sem við gerum þetta en vonandi ekki það síðasta."

Úlfur hefur unnið við að semja kvikmyndatónlist en segir hljómsveitina í heild sinni alltaf hafa haft mikinn áhuga á að búa til kvikmyndatónlist saman. „Ég er enginn sérfræðingur en hef aðeins verið að gera kvikmyndatónlist og hef mikinn áhuga á þeirri hlið. Við höfum oft talað um að okkur langi til þess að búa til kvikmyndatónlist saman. Það er líka skemmtileg pæling að fá hljómsveit til að semja tónlist við heila mynd," segir Úlfur.

Myndin sem sveitin spilar tónlist við er svarthvít og þögul en Úlfur segir þetta einmitt henta orgelkvartettinum vel. „Í gamla daga voru notuð risavaxin bíóorgel til að leika undir þöglu myndunum. Í Bandaríkjunum er hægt að finna risavaxin bíóorgel sem eru með alveg fjórum eða fimm nótnaborðum og alls konar tökkum. Þöglar myndir og lifandi tónlist er eitthvað sem mér finnst virka mjög vel. Það gefur manni tækifæri á að gera öðruvísi hluti," útskýrir Úlfur.

**ÉG ER ENGINN SÉRFRÆÐINGUR EN HEF AÐEINS VERIÐ AÐ GERA KVIKMYNDATÓNLIST OG HEF MIKINN ÁHUGA Á ÞEIRRI HLIÐ. VIÐ HÖFUM OFT TALAÐ UM AÐ OKKUR LANGI TIL ÞESS AÐ BÚA TIL KVIKMYNDATÓNLIST SAMAN.**

Meðlimir Apparat Organ Quartet ætla einmitt að grafa upp alls kyns eldri hljóðfæri, sem þeir hafa ekki notað mikið, til þess að nota á sýningunni í kvöld.

Þetta verða fyrstu og einu tónleikar Apparats um nokkurt skeið, en hljómsveitin kemur næst fram á tónlistarhátíðinni Sónar Reykjavík í febrúar á næsta ári.

Á hátíðinni í Bíó Paradís verður boðið upp á perlur úr kvikmyndasögu Póllands, fimmtán kvikmyndir, en pólsk kvikmyndalist á sér langa og ríka sögu.

Hátíðin er hluti af samstarfsverkefninu Ultima Thule: At the End of the World, sem Kvikmyndasafn Póllands í Varsjá, Bíó Paradís og Reykjavík Film Academy standa að. Verkefninu er ætlað að auðga skilning og vitund á milli pólskrar og íslenskrar kvikmyndamenningar.

Á undan hverri sýningu mun Michal Chacinksi reifa sögulegt samhengi hverrar myndar fyrir sig.

Tveir viðburðir verða í boði fyrir börn og unglinga, annars vegar vinnusmiðja þar sem kenndar eru nokkrar sniðugar leiðir til að gera hreyfimyndir án myndavélar og sýningar á költ-klassíkinni Mr. Blot's Academy.

Aðgangur að öllum viðburðum er opinn öllum og ókeypis.

gunnarleo@frettabladid.is

## Frumsýningar



### STEVE JOBS

Drama
Aðalhlutverk: Michael Fassbender, Kate Winslet, Seth Rogen, Jeff Daniels og Michael Stuhlbarg.
IMDB 7,7/10
Rotten Tomatoes 85%
Frumsýnd: 13.11.2015



### HANASLAGUR

Teiknimynd
Aðalhlutverk: Bruno Bichir, Carlos Espejel og Angélica Vale
IMDB 6/10
Rotten Tomatoes 69%
Frumsýnd: 13.11.2015



### ROCK THE KASBAH

Gamanmynd
Aðalhlutverk: Bill Murray, Zooey Deschanel, Bruce Willis, Kate Hudson og Danny McBride.
IMDB 5,3/10
Rotten Tomatoes 7%
Frumsýnd: 20.11.2015



# 8" SPJALDTÖLVA Í JÓLAPAKKANN!



FRÁBÆR BARNAGJÖF

**14.995**

nextbook

## VINSÆLASTA SPJALDTÖLVAN OKKAR FYRIR BÖRNIN

Nextbook spjaldtölvan er skemmtileg jólagjöf fyrir börn. Í spjaldtölvunni geta þau leikið sér í þúsundum leikja og fræðsluforrita, horft á bíómyndir, tekið ljósmyndir, lesið barnabækur eða hlustað á tónlist.
Eiguleg jólagjöf í traustri 2 ára ábyrgð.

- Fjögurra kjarna örgjörvi
- Android 4.4 Kit Kat
- Myndavél að framan og aftan

tl.is




TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola
SÝND Í 4K!
POWERSÝNING KL. 10
SPECTRE 007
★★★★★ -The Times ★★★★★ -The Gaussian ★★★★★ -Telegraph

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
| --- | --- |
| SPECTRE | 5, 7, 8, 10(P) |
| JEM AND THE HOLOGRAMS | 5:30 |
| CRIMSON PEAK | 10:30 |
| SICARIO | 8 |
| HOTEL TRANSYLVANIA 2 | 5 |

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ ÞAÐ MARGBORGAR SIG
★★★★★ DAILY MIRROR ★★★★★ THE TELEGRAPH ★★★★★ THE TIMES ★★★★★ GUARDIAN
SPECTRE 007

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
| --- | --- |
| SCOUTS GUIDE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| SCOUTS GUIDE VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 5:30 - 8 - 10:20 |
| PAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |
| PAN ÍSL TAL 3D | KL. 5:30 |
| PAN ENSKT TAL 2D | KL. 8 |
| LEGEND | KL. 10:30 |
| BLACK MASS | KL. 8 - 10:30 |
| EVEREST 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
| --- | --- |
| SPECTRE | KL. 8 - 10:10 |
| SCOUTS GUIDE | KL. 8 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
| --- | --- |
| SPECTRE | KL. 6 - 7:30 - 9:15 - 10:35 |
| SCOUTS GUIDE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 8 - 10:20 |
| PAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
| --- | --- |
| SPECTRE | KL. 5:20 - 6:50 - 8:30 - 10 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 10:30 |
| PAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |
| THE INTERN | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
| --- | --- |
| SCOUTS GUIDE | KL. 8 - 10:10 |
| JEM AND THE HOLOGRAMS | KL. 8 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 10:30 |
| PAN ÍSL TAL 3D | KL. 5:30 |

SCOUTS GUIDE ZOMBIE APOCALYPSE
VIN DIESEL ÓLAFUR DARRI
★★★★ ROGER EBERT ★★★★ DEN OF GEEK
THE LAST WITCH HUNTER
★★★★ TIME OUT LONDON ★★★★ THE NEW YORKER
PAN
SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI SÝND Í 2D OG 3D
EVEREST

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
SPECTRE 007
CARMEN
BURNT
DHEEPAN
KLOVN FOREVER
★★★★ - MBL
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur



Opin æfing er með Sinfóníuhljómsveit Íslands klukkan 9.30 í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## 12. NÓVEMBER 2015

### Tónlist

**Hvað?** Opnar æfingar Sinfóníuhljómsveitar Íslands
**Hvenær?** 09.30
**Hvar?** Eldborg, Hörpu
Gestum gefst tækifæri til þess að heyra Sinfóníuhljómsveit Íslands leika dagskrá tónleika kvöldsins að hluta eða í heild. Ekki er um eiginlega tónleika að ræða heldur vinnuæfingar. Miðaverð er 1.900 krónur.

**Hvað?** Baiba spilar Beethoven
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Eldborg, Hörpu
Lettneski fiðluleikarinn Baiba Skride flytur fiðlukonsert eftir Beethoven auk þriggja hljómsveitarverka Ravels. Miðaverð 2.400 til 6.900 krónur.

**Hvað?** Stórtónleikar Fjörgynjar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Grafarvogskirkja
Lionsklúbburinn Fjörgyn efnir í þrettánda sinn til tónleika til styrktar Barna- og unglingageðdeild LSH og Líknarsjóði Fjörgynjar. Meðal tónlistarmanna sem koma fram eru Glowie, María Ólafsdóttir, KK, Stefán Hilmarsson og Ragnar Bjarnason.

Kynnir er Gísli Einarsson. Miðaverð er 4.500 krónur.

**Hvað?** Skúli mennski og Kyle Woolard
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Dalakot í Búðardal
Skúli mennski og Kyle Woolard spila á tónleikum í Búðardal í kvöld.

**Hvað?** Mugison
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græni hatturinn
Tónlistarmaðurinn Mugison spilar á tónleikum á Græna hattinum og mun leika nýtt og gamalt efni í bland. Miðaverð er 2.500 krónur.



Mugison

**Hvað?** Funi / Bára Grímsdóttir og Chris Foster
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Tvíeykið Funi, skipað þeim Báru Grímsdóttur og Chris Foster, flytur íslensk og ensk þjóðlög. Miðaverð er 2.000 krónur.

### Uppákomur

**Hvað?** Alþjóðadagur Háskóla Íslands
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Háskólatorg
Á alþjóðadegi Háskóla Íslands gefst gestum kostur á að kynna sér möguleika á námi og starfi erlendis. Skiptinám, nám á eigin vegum, starfsnám og kennara- og starfsmannaskipti. Erlendir skiptinemar, fyrrverandi skiptinemar, fulltrúar sendiráða, ræðisskrifstofa og fjölmargra íslenskra stofnana og félaga verða á svæðinu. Á torginu mun Balkanbandið RaKi spila, danshópurinn Múa Nón sýnir víetnamskan dans, stiginn verður rússneskur dans við þjóðlagið Kalinka auk alþjóðlegs matar- og drykkjarsmakks.

**Hvað?** Útgáfuboð – Stúlka með höfuð
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Mál og menning, Laugavegi
Útgáfu bókarinnar Stúlka með höfuð eftir Þórunni Jörlu Valdimarsdóttur verður fagnað í bókabúð Máls og menningar. Léttar veitingar í boði og allir velkomnir.

**Hvað?** Hann kallar á mig – útgáfuhóf
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Borgarbókasafn Spönginni
Útgáfu bókarinnar Hann kallar á mig eftir Guðrúnu Sæmundsen verður fagnað. Léttar veitingar í boði og Guðrún les úr bókinni um klukkan 18.00. Allir velkomnir.

**Hvað?** Útgáfuhóf – The Leyline Project
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Listasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu
Útgáfu bókarinnar The Leyline Project eftir Steingrím Eyfjörð og Ulrika Sparre fagnað. Allir velkomnir.

**Hvað?** Tvíbúðapartí
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Geysir, Skólavörðustíg 7
Frumsýning á nýrri fatalínu Geysis í nýju húsnæði sem staðsett er á Skólavörðustíg 7. Léttar veitingar og tónlist í flutningi Gullfoss og Geysis.

**Hvað?** Höfundakvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gunnarshús, Dyngjuvegi 8
Fimmta höfundakvöld Gunnarshúss. Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, Iðunn Steinsdóttir og Guðmundur Brynjólfsson sitja fyrir svörum hjá bókmenntafræðingnum Soffíu Auði Birgisdóttur. Einnig lesa höfundar úr nýútkomnum bókum sínum. Aðgangseyrir er 1.000 krónur og eru veitingar innifaldar.

**Hvað?** Félagsvist
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Salur Skaftfellingafélagsins, Laugavegi 178, 4. hæð
Félagsvist á vegum Rangæinga-, og Skaftfellingafélagsins. Vegleg verðlaun í boði. Allir velkomnir.

### Uppistand

**Hvað?** Þroskastríðið
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Tjarnarbíó
Hugleikur Dagsson flytur uppistandið Þroskastríðið. Þar ræðir hann um málefni á borð við Tinder, rasisma, pabbakroppa og glútenóþol. Miðaverð er 2.500 krónur.

**Hvað?** Uppistandskvöld á ensku
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn
Fram koma Jonathan Duffy, Ragnar Hansson, Darren Foreman og Snjólaug Lúðvíksdóttir.



**Hvað?** Uppistand í Comedy klúbbnum
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Bar 11
Miðaverð er 1.000 krónur.

### Kvikmyndir

**Hvað?** Perlur úr kvikmyndasögu Póllands
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís
Hljómsveitin Apparat Organ Quartet opnar Perlur úr kvikmyndasögu Póllands og leikur undir myndinni Harðjaxl. Þetta er samstarfsverkefni Kvikmyndasafns Póllands í Varsjá, Reykjavík Film Academy og Bíós Paradísar. Aðgangur er ókeypis en takmarkað sætaframboð svo áhugasamir eru beðnir um að skrá sig á midasala@bioparadis.is.

### Fundir

**Hvað?** Eitruð karlmennska – orsakir og afleiðingar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Ungir jafnaðarmenn, Hallveigarstíg 1
Málfundur Ungra jafnaðarmanna þar sem reynt verður að svara því hvaða áhrif hugmyndir um karl-

STÚLKURNAR Á KLEPPJÁRNSREYKJUM
BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20
Stúlkurnar á Kleppj. ........ 18:00
Rams/Hrútar ENG SUB .......... 18:00
Perlur úr kvikmyndasögu póllands:
Harðjaxl/Mocny czlowiek/ Strong man ................. 20:00
Live original score: Apparat Organ Quartet
Glænýja testamentið IS SUB .. 20:00
Virgin mountain ENG SUB .... 20:00
Sparrows / Þrestir ENG SUB ... 22:00
Macbeth IS SUB ................. 22:15


Aðalheiður Erlendsdóttir og Aron Freyr Heimisson, verslunarstjórar Geysis, standa hér fyrir utan nýju verslunina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Nánast eins og ný hæð á öðrum stað

Í kvöld verður önnur Geysisbúðin opnuð á Skólavörðustíg.

Nýja búðin stendur á horni Bergstaðastrætis og Skólavörðustígs, nánar tiltekið á Skólavörðustíg númer 7 þar sem Tösku- og hanskabúðin var lengi vel.

Auk opnunarinnar verður ný Geysislína frumsýnd og ný merki sem verslunin er að bæta við sig kynnt. „Hún er ekki eins og búðin sem er á númer 16. Verður svolítið ólík en það verður tenging á milli, eiginlega eins og við værum að opna nýja hæð,“ segir Aðalheiður Erlendsdóttir, annar verslunarstjóri búðarinnar.

„Búðin verður á tveimur hæðum og það er búið að taka allt í gegn og breyta mjög miklu,“ segir hún en það var Hálfdán Pedersen sem hannaði innviði búðarinnar en hann hannaði einnig Geysisbúðina sem stendur ofar á Skólavörðustígnum.

**BÚÐIN VERÐUR Á TVEIMUR HÆÐUM OG ÞAÐ ER BÚIÐ AÐ TAKA ALLT Í GEGN OG BREYTA MJÖG MIKLU.**

Meðal þeirra merkja sem verða í boði í búðinni eru Wood Wood, Chie Mihara, Stine Goya og Royal Republiq.

Auk þess að frumsýna nýju línuna verður boðið upp á léttar veitingar og Gullfoss og Geysir leika ljúfa tóna. Opnunin hefst klukkan 18.00 og stendur til 21.00 og eru allir boðnir velkomnir.

mennsku hafa á samfélagið og einstaklinginn. Fundurinn er öllum opinn.

## Fyrirlestrar

**Hvað?** Building Drawings, Drawing Buildings
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Listaháskóli Íslands, Þverholti 11
Arkitektinn Roger Mullin flytur fyrirlestur á Gestagangi, hádegisfyrirlestraröð Listaháskóla Íslands. Fyrirlesturinn fer fram í fyrirlestrarsal A og verður fluttur á ensku. Allir velkomnir.

**Hvað?** Tölvufíkn
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Flugfreyjusalurinn, Borgartúni 22, 3. hæð
Fræðsluerindi um tölvufíkn á vegum Geðheilsustöðvar Breiðholts og Hugarafls. Fyrirlesari er framhaldsskólakennarinn Þorsteinn Kristján Jóhannsson. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Velkomin til Evrópu!
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Rauði krossinn, Efstaleiti 9
Páll Stefánsson, ljósmyndari og sjálfboðaliði Rauða krossins, flytur erindi um flóttamenn í máli og myndum. Allir velkomnir en áhugasamir eru beðnir um að skrá sig á raudikrossinn.is.


**Þroskastríðið með Hugleiki Dagssyni verður í Tjarnarbíó í kvöld.**

## Leiðsögn

**Hvað?** Leiðsögn um GraN 2015
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Listasafnið á Akureyri
Guðrún Pálína Guðmundsdóttir fræðslufulltrúi safnsins tekur á móti gestum og fræðir um sýninguna GraN 2015 og einstaka verk. Aðgangur er ókeypis.

## Opnanir

**Hvað?** Guðrún Svava opnar sýningu í Smiðjunni
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Smiðjan Listhús, Ármúla
Myndlistarkonan Guðrún Svava Svavarsdóttir opnar sýningu á akvarell-verkum sínum.

**Hvað?** Sögur án orða – Myndasögusýning í myndasögudeild
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Borgarbókasafn, Menningarhúsinu Grófinni
Sunna Sigurðardóttir opnar myndasögusýningu í Borgarbókasafni í dag. Á sýningunni er úrval af helstu verkum Sunnu.

**Hvað?** Farvegir vatns – Samsýning þriggja systra
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Gallerí Grótta
Á sýningunni eru verk systranna Ingileifar, Áslaugar og Sigrúnar Thorlacius. Í verkunum er áhrifum vatns út frá fagurfræðilegu sjónarmiði, nýtingu þess og krafts velt fyrir sér. Sýningin stendur til 4. desember og er aðgangur ókeypis.





19:25
**JÓLASTJARNAN 2015**
Stöð 2 og Sena standa fyrir söngkeppni fyrir unga snillinga, fjórða árið í röð. Sigurvegarinn kemur fram á stærsta sviði landsins, laugardaginn 12. desember á stórtónleikunum, Jólagestir Björgvins.

FRÁBÆR
FIMMTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365



19:50
**ELDHÚSIÐ HANS EYÞÓRS**
Í þætti kvöldsins er spennandi og skemmtilegt bolluþema þar sem Eyþór galdrar fram girnilegar bollur í ýmsum myndum.



21:45
**THE BLACKLIST**
James Spader í hlutverki hins magnaða Raymond Red Reddington sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum.



22:00
**THE HUNGER GAMES: CATCHING FIRE**
Sagan hefst eftir að Katniss Everdeen kemur heim til sín eftir að hafa unnið 74. árlegu Hungurleikana ásamt félaga sínum, Peeta Mellark.



21:00
**GOTHAM**
Hörkuspennandi þættir þar sem sögusviðið er Gotham-borg sem flestir kannast við úr sögunum um Batman.




20:40
**BROADCHURCH**
Önnur þáttaröðin af þessum magnþrungnu spennuþáttum um rannsóknarlögreglufulltrúana Alec Hardy og Ellie Miller.



07:00-20:30
**BARNAEFNI ALLA DAGA**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.45** iCarly
**08.05** The Middle
**08.30** Masterchef USA
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** 60 mínútur
**11.00** Geggjaðar græjur
**11.15** Jamie's 30 Minute Meals
**11.40** Um land allt
**12.10** Lýðveldið
**12.35** Nágrannar
**13.00** Anchorman. The Legend of Ron Burgundy
**14.40** Harry Potter and the Chamber of Secrets
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag
**19.25** Jólastjarnan 2015 Stöð 2 og Sena standa fyrir söngkeppni fyrir unga snillinga fjórða árið í röð og sigurvegarinn kemur fram á stærsta sviði landsins laugardaginn 12. desember á stórtónleikunum Jólagestir Björgvins.
**19.50** Eldhúsið hans Eyþórs Íslenskir þættir þar sem meistarakokkurinn Eyþór Rúnarson sýnir okkur réttu handtökin í eldhúsinu.
**20.15** Masterchef USA
**21.00** NCIS
**21.45** The Blacklist
**22.30** The Player
**23.15** Réttur
**00.05** Homeland
**00.50** Nebraska
**02.45** The Cabin in the Woods
**04.20** Anchorman. The Legend of Ron Burgundy
**05.55** The Middle

## SPORT

**08.00** Rubin Kazan - Liverpool
**09.40** Real Madrid - PSG
**11.25** Bayern Munchen - Arsenal
**13.05** AC Milan - Atalanta
**14.45** Barcelona - Villarreal
**16.20** Haukar - Stjarnan
**17.40** Kiel - PSG
**19.10** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**19.35** Noregur - Ungverjaland Bein útsending
**21.50** NFL Gameday
**22.20** Kiel - PSG
**23.40** UFC Unleashed
**00.30** Sevilla - Man. City

## SPORT 2

**12.05** Liverpool - Crystal Palace
**13.50** Premier League Review
**14.45** Bournemouth - Newcastle
**16.30** Messan
**17.50** Aston Villa - Man. City
**19.30** Football League Show
**20.00** Premier League World
**20.30** Sunderland - Southampton
**22.10** PL Classic Matches. Man Utd - Liverpool frá 1992
**22.40** Leicester - Watford
**00.25** Premier League World

## GOLFSTÖÐIN

**08.05** Champions Tour Highlights
**09.00** HSBC Champions
**12.30** Golfing World
**13.20** HSBC Champions
**16.50** PGA Tour
**17.35** Inside The PGA Tour
**18.00** OHL Classic Lengd.
**21.00** Golfing World
**21.50** Inside The PGA Tour
**22.15** PGA Tour 2014. Imprints
**23.05** OHL Classic

## STÖÐ 3

**18.25** The Carrie Diaries
**19.05** Suburgatory
**19.30** Clipped
**19.55** Sullivan & Son
**20.15** Flash
**21.00** Gotham
**21.45** Arrow
**22.25** Who Gets The Last Laugh
**22.50** Lip Sync Battle
**23.15** Hollywood Hillbillies
**23.40** NCIS. Los Angeles
**00.50** Clipped
**01.15** Sullivan & Son
**01.35** Flash
**02.20** Gotham
**03.00** Arrow
**03.45** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Ljóti andarunginn og ég
**07.25** Lukku-Láki
**07.47** Ævintýraferðin
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.45** Doddi litli og Eyrnastór
**08.55** Tommi og Jenni
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveins
**09.49** UKI
**09.54** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Ævintýri Tinna
**10.23** Brunabílarnir
**10.47** Latibær
**11.00** Ljóti andarunginn og ég
**11.22** Lukku-Láki
**11.44** Ævintýraferðin
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.45** Doddi litli og Eyrnastór
**12.55** Tommi og Jenni
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveins
**13.54** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Ævintýri Tinna
**14.23** Brunabílarnir
**14.47** Latibær
**15.00** Ljóti andarunginn og ég
**15.22** Lukku-Láki
**15.44** Ævintýraferðin
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.45** Doddi litli og Eyrnastór
**16.55** Tommi og Jenni
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveins
**17.49** UKI
**17.54** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Ævintýri Tinna
**18.23** Brunabílarnir
**18.47** Latibær
**19:00** Úti er ævintýri 2

## GULLSTÖÐIN

**17.25** Two and a Half Men
**17.50** Friends
**18.10** New Girl
**18.35** Modern Family
**19.00** Ally McBeal
**19.50** Cold Feet
**20.40** Broadchurch
**21.30** Klovn
**22.05** The Sopranos
**22.55** It's Always Sunny In Philadelphia
**23.20** The Glades
**00.00** Ally McBeal
**00.50** Cold Feet
**01.40** Broadchurch
**02.25** Klovn
**02.55** The Sopranos
**03.45** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**10.40** Words and Pictures
**12.35** One Chance (1.1)
**14.20** Ocean's Eleven
**16.20** Words and Pictures
**18.15** One Chance (1.1)
**20.00** Ocean's Eleven
**22.00** The Hunger Games. Catching Fire
**00.25** X-Men 2 Nú eru nokkrir mánuðir liðnir síðan X-mennirnir sigruðu Magneto og stungu honum í rammgert fangelsi. Þegar einn hinna stökkbreyttu gerir tilraun til að ráða forseta Bandaríkjanna af dögum fer af stað keðjuverkandi atburðarás sem verður til þess að X-mennirnir koma saman á ný. Nú eru góð ráð dýr því stjórnvöld hefja aðgerðir gegn hinum stökkbreyttu.
**02.40** Jackass Presents. Bad Grandpa
**04.15** The Hunger Games. Catching Fire

## RÚV

**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** KrakkaRÚV
**17.56** Stundin okkar
**18.19** Sveppir
**18.26** Kungfú Panda
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.15** Eldað með Ebbu Matreiðsluþáttur með skemmtilegu heilsufræðsluívafi, fyrir alla fjölskylduna. Sjónvarpskokkurinn Ebba Guðný sýnir áhorfendum hversu auðvelt það getur verið að elda hollan, næringarríkan og umfram allt gómsætan mat úr góðu hráefni. Framleiðandi: Sagafilm.
**20.45** Best í Brooklyn
**21.10** Ekkillinn Bresk sakamálaþáttaröð byggð á sannsögulegum atburðum.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Lögregluvaktin
**23.05** Downton Abbey
**00.15** Kastljós
**00.55** Fréttir
**01.10** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Design Star
**09.50** Million Dollar Listing
**10.35** Pepsi MAX tónlist
**13.25** Cheers
**13.50** Dr. Phil
**14.30** Odd Mom Out
**14.55** Survivor
**15.40** The Muppets
**16.00** The Voice Ísland
**17.30** Dr. Phil
**18.10** The Tonight Show
**18.50** The Late Late Show
**19.30** Bakraddir
**19.45** Life In Pieces
**20.10** Grandfathered
**20.35** The Grinder
**21.00** Scandal
**21.45** How To Get Away With Murder
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Blue Bloods
**00.35** Law & Order. Special Victims Unit
**01.20** Fargo
**02.05** Scandal
**02.50** How To Get Away With Murder
**03.35** The Tonight Show
**04.15** The Late Late Show
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin







ÚRVAL AF ÚTISÉRÍUM

# LÝSUM UPP JÓLIN



**Útisería,** 20, 40 eða 80 ljós, glær, rauð eða marglit.
Verð frá: **5.995 kr.**
88949201-37



**Útisería,** 40 og 80 ljósa.
Verð frá: **1.995 kr.**
88167077-8020




**Útisería,** með 20 LED ljósum. Hvít, rauð eða mislit.
Verð frá: **9.995 kr.**
88949280-2



**Krans,** 50 eða 70 cm, 24 eða 56 LED ljós.
Verð frá: **4.795 kr.**
51880374-5



ADEINS Í BYKO BREIDD

**Jólastjarna,** fæst í BYKO Breidd.
**1.285 kr.**
55095034



KLÚBBTILBOÐ

**Matar- og kaffistell,** fyrir fjóra, alls 20 stk.
**4.495 kr.**
41100108
Almennt verð: 5.995 kr.




KLÚBBTILBOÐ

**TRISTAR,** kaffikanna 900W 1,2l svört.
**3.695 kr.**
42354288
Almennt verð: 4.995 kr.



KLÚBBTILBOÐ

**Pottasett,** 3 stk.
**13.295 kr.**
41741031
Almennt verð: 17.795 kr.




KLÚBBTILBOÐ

**TRISTAR,** hraðsuðuketill, 1l, 2000W, svartur.
**4.195 kr.**
42354289
Almennt verð: 5.495 kr.




Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Klúbbtilboð gilda 5.-16. nóvember.

byko.is




SKOÐAÐU NÝJA BLAÐIÐ Á BYKO.IS

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN



## Kjúklingasúpa með eplum, karrí og kókosmjólk

Ljúffeng súpa sem glimrandi gott er að gæða sér á þegar kvöldin taka að lengjast.

- 2 msk. olía
- 2–2,5 l vatn
- 1 laukur, smátt saxaður
- 2 hvítlauksrif, smátt söxuð
- 1 msk. ferskt engifer, rifið niður með rifjárni
- 1 grænt epli, skorið í litla bita
- 3 – 4 gulrætur, smátt skornar
- 6 - 7 stilkar mini-maís, skornir í grófa bita
- 2 – 3 kjúklingabringur
- 3 – 4 tsk. karrí
- 4 msk. rjómaostur
- 1 tsk. kjúklingakrydd
- 2 kjúklingateningar
- 1 dós kókosmjólk
- 3 tsk. tómatpúrra
- Salt og pipar, magn eftir smekk

Hitið olíu í potti við vægan hita, steikið lauk og hvítlauk í smástund. Bætið næst gulrótum, eplabitum og engifer saman við. Kryddið til með salti, pipar og karrí. Hellið vatni saman við og bætið tómatpúrru og kjúklingateningum út í, suðan látin koma upp og súpan látin malla í 10 mínútur. Hitið olíu á pönnu við vægan hita og skerið kjúklingabringurnar í litla bita. Steikið kjúklinginn í örfáar mínútur og kryddið til með kjúklingakryddi og ef til vill smá karrí.

Bætið kjúklingabitum, kókosmjólk og rjómaosti saman út í súpuna og leyfið henni að ná suðu, leyfið henni að malla þar til kjúklingurinn er eldaður í gegn. Gott er að leyfa súpunni að malla við vægan hita í svolítinn tíma, látið hana malla í lágmark 30 mínútur. Smakkið súpuna til með salti, pipar og karrí.

Berið súpuna fram með sýrðum rjóma og ef til vill söxuðu klettasalati eða kóríander, það gefur súpunni einstaklega gott bragð.

***Uppskrift fengin af Evalaufeykjaran.com***

# Seldi lag í auglýsingu og sjónvarpsþátt

Tónlistarmaðurinn Axel Flóvent vakti mikla lukku á Iceland Airwaves og er í viðræðum við nokkur plötufyrirtæki eftir hátíðina.

Húsvíkingurinn Axel Flóvent vakti mikla athygli á Iceland Airwaves-hátíðinni um síðustu helgi en tónlistarblaðamenn og bransakallar kepptust um að hrósa honum og nokkrir þeirra breyttu ferðaplönum sínum til þess að sjá síðustu tónleika hans á sunnudagskvöldið.

„Við vitum um að minnsta kosti fjögur plötufyrirtæki í stærri kantinum sem voru að fylgjast með honum um helgina. Ég veit að tveir útsendarar áttu flug heim á sunnudeginum sem þeir breyttu til að sjá síðustu tónleikana á sunnudagskvöldið. Við erum í viðræðum við nokkur plötufyrirtæki en stígum varlega til jarðar og pössum okkur að gera það sem er rétt fyrir Axel,“ segir Sindri Ástmarsson, umboðsmaður Axels.

Alls kom Axel fram á átta tónleikum á hátíðinni ásamt því að taka upp vídeó-sessjón fyrir bandarísku útvarpsstöðina KEXP og tónlistartímaritið Line of Best Fit.

„Ég hef sagt það áður að íslenskir tónlistarmenn fá ekki betra tækifæri til að sýna sig en á Iceland Airwaves. Við höfum nú þegar gengið frá meira en tíu erlendum tónleikabókunum og á Axel að minnsta kosti helminginn af því. Ég á von á því að þessi tala fimmfaldist á næstu vikum. Einnig seldi Axel lag í stóra þýska auglýsingu og vinsælan sjónvarpsþátt í Bandaríkjunum. Hinir tónlistarmennirnir mínir stóðu sig einnig mjög vel og bókaði AmabAdamA sína fyrstu erlendu tónlistarhátíð. Emmsjé Gauti og Úlfur Úlfur fengu líka margar fyrirspurnir og nokkur plötufyrirtæki fylgjast náið með Mána Orrasyni,“ útskýrir Sindri.

Næsta stóra verkefni Axels er Eurosonic-tónlistarhátíðin í Hollandi. Þar spilar Axel á þrennum tónleikum. **– glp**



**Axel Flóvent spilaði á átta tónleikum á Iceland Airwaves og vakti mikla lukku.** MYND/SIGGA ELLA

# Fórskað upp á slappa seríu

**PS4**

**Assassins Creed Syndicate**

★★★★☆

Assassins Creed Syndicate tekst vel að rífa upp leikjaseríu sem var byrjuð að dala nokkuð. London árið 1868 er skemmtileg borg að heimsækja og eins og áður er nóg að gera í leiknum. Jafnvel of mikið. Leikurinn er skemmtilegur og í stað þess að Ubisoft hafi reynt að bæta við gömlu leikina á varhugaverðan hátt, hafa grunnatriði Assassins Creed verið löguð til og fínpússuð.

Þó er ekki hægt að segja að engar nýjungar líti dagsins ljós. Meðal annars er hægt að aka hestvögnum og nota reipisbyssu til að klifra upp veggi á skjótan hátt. Óhætt er að segja að leikirnir hafi í raun tekið stakkaskiptum frá því að Altaïr Ibn-La'Ahad myrti fólk í Jerúsalem á tímum krossfaranna.

Lengi hafa verið vandræði með klifur og hlaup karaktera leikjanna, en þeim tilvikum þar sem þessi vandræði líta dagsins ljós hefur fækkað til muna. Þá var síðasti leikur seríunnar, Unity, fullur af útlitsgöllum við útgáfu, en það er ekki að sjá að þessu sinni.

Syndicate er níundi leikurinn í seríunni, en auk þessara níu leikja hafa þrettán aðrir verið gefnir út. Fyrsti leikurinn var gefinn út árið 2007 svo ljóst er að Ubisoft hefur ekki slakað á við framleiðsluna. Þá verður kvikmynd sem byggð er á sögu leikjanna frumsýnd á næsta ári.

Að þessu sinni stýra spilarar tveimur launmorðingjum, sem hægt er að skipta á milli eftir því hvor hentar fyrir verkefnið sem liggur fyrir. Um er að ræða tvíburana Jacob og Evie Frye. Jacob hentar betur til bardaga og Evie hentar betur þegar þörf er á leynd og laumugangi. Verkefni þeirra er að frelsa London undan harðstjórn Musterisriddaranna, eða Templars, og finna Huluna frá Eden, eða Shroud of Eden.

Það gera þau með því að frelsa hverfi fyrir hverfi í gríðarlegra stórri borg sem Ubisoft hefur byggt og að safna mönnum í Hrókagengið. Í leiðinni hitta systkinin fjölmarga sögufræga aðila, eins og Charles Darwin, Alexander Bell og fleiri.

Leikurinn lítur vel út og er skemmtilegur, eins og áður segir. London er gríðarlega stór og Syndicate virkar vel fínpússaður. Sagan er hins vegar ekki upp á marga fiska og er frekar einföld. Þá er mikið um léttleika og grín sem á vel við þau Jacob og Evie.

**Kjartan Atli Kjartansson**



**Jacob og Evie Frye kynnast fjölmörgum sögufrægum aðilum í baráttu sinni gegn Musterisriddurunum.** MYND/UBISOFT

**NIÐURSTAÐA:** Styrkir leiksins eru margvíslegir. Hann lítur frábærlega út og spilunin er hröð og skemmtileg. Iðnbyltingin kemur vel út í Assassins Creed leik, þar sem farið hefur verið víða um. Saga Synidicate er hins vegar frekar einföld og kliskjukennd.

**Ein vinsælasta ballettsýning allra tíma**

HARPA

# Svanavatnið

## *St. Petersburg Festival Ballet ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands*

Hátíðarballettinn frá Pétursborg sló í gegn fyrir tveimur árum með glæsilegri uppfærslu í Hörpu á einni fegurstu perlu dansbókmenntanna. Nú snúa rússnesku dansararnir aftur og flytja verkið ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands í sérstökum viðhafnarbúningi í Eldborg.



*Eldborg*

**14. nóvember** kl. 15:00 & 19:30

**15. nóvember** kl. 15:00 & 19:30

Börn 12 ára og yngri fá 50% afslátt af miðaverði í miðasölu Hörpu

Miðasala í síma 528 5050, á tix.is og harpa.is

**www.harpa.is/svanavatnid**

ICELANDAIR Arion banki CENTER HOTELS

Brandenburg

# Öfgafull andlitsskygging

Endurmótun andlitsins með dökkum litum hefur átt upp á snyrtiborðið hjá íslenskum konum undanfarið. Nú hefur trendið náð hámarki.

„Þetta hefur sannarlega verið mikið hitamál upp á síðkastið, enda myndi ég segja að þetta trend væri að ná hámarki akkúrat núna,“ segir Heiðdís Austfjörð Óladóttir förðunarfræðingur aðspurð um svokallað „contouring“, eða öfgafulla andlitsskyggingu, sem tröllríður förðunarheimum um þessar mundir og hefur gert um þó nokkurt skeið. Nú er reyndar svo komið, líkt og með öll góð trend, að fólk skiptist í fylkingar. „Countour-ara“ og þá sem nánast hata fyrirbærið, sem felur í sér svokallað „baking“ og „highlight“ líka. Sumir ganga jafnvel svo langt að segja að konur á aldursbilinu sextán ára og upp í 26 líti nákvæmlega eins út, fyrir tilstilli notkunar á aðferðinni.

„Þetta er búið að gerast ansi hratt, og það má alveg segja að stelpur í dag séu að mála sig meira en áður hefur tíðkast. Það er náttúrulega vegna þess að það er svo mikið í boði, allt fullt af framboði fyrirmynda á Instagram, YouTube og nánast hvar sem er,“ útskýrir Heiðdís. Hún segir trendið líkast til eiga rætur sínar að rekja til Kardashian-systra. „Þær byrjuðu svolítið með þessi indíánastrik í andlitinu, sem svo eru milduð út, og þannig notuð til að móta andlitin. En á undan þeim voru reyndar dragdrottningarnar, sem hafa lengi notað þessa tækni til að forma gróf andlitin. Það má sannarlega kalla þetta listform og þaðan er þetta komið.“



Heiðdís Austfjörð Óladóttir, förðunarfræðingur

**RAUNVERULEIKI OKKAR OG KARDASHIAN-SYSTRA ER TÖLUVERT ÓLÍKUR ÞAR SEM ÞÆR ERU MEÐ ÓTELJANDI KASTARA Í ANDLITINU ENDALAUST.**

Segir Heiðdís gagnrýnina fyllilega eiga rétt á sér, en margar hverjar hafa farið fullgeyst í að nýta sér þessa ágætu tækni. „Ég myndi segja að konur gætu tónað þetta niður um sjötíu prósent. Ég skil fullkomlega að þessi tækni sé notuð, það getur verið stórskemmtilegt, en þetta er gríðarlega vandmeðfarið og maður getur ekki sett bara eitthvað saman. Það er auðvelt að enda eins og endurskinsmerki í framan ef maður veit ekki hvernig vöru maður er að nota. Þetta sést vel þegar stelpurnar smella af myndum þar sem notað er flass,“ bendir hún á og bætir við: „Raunveruleiki okkar og Kardashian-systra er töluvert ólíkur þar sem þær eru með óteljandi kastara í andlitinu endalaust og þannig getur andlitið orðið flatt ef ekki er skyggt, líkt og í leikhúsunum.“ gudrun@frettabladid.is











Upphaflega var „contouring“ aðallega notað meðal dragdrottninga til að móta kvenlegar línur á karlmannsandlit.

# Heitir dagar

## Fyrir heimili dinu

# LOKADAGAR

tæki frá AEG
gera gott eldhús betra

## 22% afsláttur af öllum AEG ofnum



**2 LÍNAN**

*BE2000001-M*

*Fjölkerfa blástursofn án rafeindaklukku. Er sérstaklega einfaldur í notkun og umgengni. Litur: Stál.* ***Íslensk notendahandbók.***

*Rétt verð kr: 89.900,-*
***Heitir dagar: 70.120,-***



**3 LÍNAN**

*BE3002401-M*

*Fjölkerfa blástursofn sem er sérstaklega einfaldur í notkun og allri umgengni. Einnig fáanlegur með innbyggðum kjöthitamæli. Litur: Stál og hvítur.* ***Íslensk notendahandbók.***

*Rétt verð kr: 109.900,-*
***Heitir dagar: 85.720,-***



**5 LÍNAN**

*BE5304401-M*

*Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli og hraðhitakerfi. Sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni. Einnig fáanlegur með sjálfhreinsibúnaði. Litur: Stál, hvítur og svartur.* ***Íslensk notendahandbók.***

*Rétt verð kr: 139.900,-*
***Heitir dagar: 109.120,-***



**8 LÍNAN**

*BS831410S-M*

*Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli og sjálfhreinsikerfi. Sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni. Litur: Stál.* ***Íslensk notendahandbók.***

*Rétt verð kr: 219.900,-*
***Heitir dagar: 171.520,-***

## 22% afsláttur af öllum AEG helluborðum

HK634000XB



**SÉRTILBOÐ**
á þessu vinsæla 57 cm helluborði með stálkanti.

*Verð áður kr. 89.900*

***Verð nú kr. 69.900,-***

## 30-40% afsláttur af öllum háfum frá Airforce




## Eyjuháfar · Vegghá far

*Gott úrval af Airforce vegghá fum og eyjuháfum, sem eru annálaðir fyrir glæsilega hönnun og mikil gæði.*
*Nokkrir háfana eru uppsettir hjá okkur, svo sjón er sögu ríkari.*

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ormsson.is

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

**Opið virka daga kl. 10-18 og á laugardögum kl. 11-15.**

ORMSSON **Greiðslukjör** Vaxtalaust í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# Aziz Ansari slær í gegn í nýjum þáttum

Smokkurinn rifnar í miðjum klíðum og parið gúgglar möguleika á getnaði, áður en það fer saman út í apótek. Já, þetta er hin vandræðalega upphafssena í fyrstu seríunni af þáttunum Master of None sem hafa slegið í gegn.






Aziz Ansari er höfundur þáttanna Master of None auk þess sem hann fer með aðalhlutverkið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þættirnir Master of None veita innsýn í heim nokkurra einstaklinga um þrítugt sem eru búsettir í New York. Þættirnir sýna oft spaugilegar hliðar hins flókna nútímaheims. Áhorfendur eru umsvifalaust færðir inn í heim Aziz Ansari sem fer með hlutverk leikarans Dev sem hefur að mestu atvinnu af því að leika í auglýsingum. Vinahópur hans er afar fjölbreyttur og endurspeglar Bandaríki dagsins í dag. Þættirnir eru þematengdir, einn þeirra fjallar um hvernig það er að vera barn innflytjenda í Bandaríkjunum, annar um hættur sem mæta konum þegar þær fara út á lífið og svona mætti halda áfram. Ansari gerði alls tíu þætti sem allir fóru beint á Netflix.

**Góðar samræður**

Þegar horft er á þættina er greinilegt að mikið er lagt upp úr samræðum á milli helstu persónanna. Ansari er þekktur fyrir uppistand sitt og má berlega sjá áhrif þaðan í því hverju persónur þáttanna velta fyrir sér. Til dæmis eru langar samræður um sjónarhorn Eminems í textanum í laginu Lose Yourself og hvort rapparinn hafi verið að rappa sem hann sjálfur eða karakterinn White Rabbit úr myndinni 8 Mile. Ansari segir að uppistandið hafi hjálpað sér að móta Dev og frásagnarmátann í þáttunum. „Allar sögur veita ákveðna innsýn og sjónarhorn. Í tveimur síðustu sýningum mínum hef ég þróað þetta sjónarhorn mitt á lífið og fannst rétt að setja það í einhvern farveg. Fyrst ætlaði ég að gera kvikmynd, en svo fann ég mig ekki í því,“ segir Ansari um þættina. Hann segir að alltof margir í bransanum líti niður á sjónvarpið og vilji frekar gera kvikmyndir. „Ég myndi þora að ábyrgjast að fjórir þættir af Master of None standist öllum grínmyndum, sem hafa komið út undanfarið, snúning,“ bætir hann kokhraustur við.

**ALVEG EINS OG ALVY SINGER ENDURSPEGLAÐI WOODY ALLEN Í ANNIE HALL, ÞÁ ER DEV SVOLÍTIÐ EINS OG ÉG.**

**Woody Allen og hann**

Ansari segir að þættirnir séu að hluta til byggðir á hans eigin reynslu. „Alveg eins og Alvy Singer endurspeglaði Woody Allen í Annie Hall, þá er Dev svolítið eins og ég.“ Ansari bætir við að mótíf þáttanna sé kvikmyndir frá áttunda áratug síðustu aldar, á borð við Manhattan, Heratbreak Kid, Annie Hall og The Graduate. Myndir sem eru byggðar upp á samræðum, myndir sem sýni hlutina á hispurslausan hátt, myndir sem þurfa ekki alltaf að enda vel.

Þættirnir fóru beint á Netflix, eins og svo margir aðrir þættir um þessar mundir. Ansari segir að margar sjónvarpsstöðvar hafi sýnt þáttunum áhuga. „En Netflix bauðst strax til þess að gera tíu þætti. Við þurftum ekki einu sinni að gera „pilot-þátt“. Ég hef áður unnið með Netflix og líkar það samstarf.“

Ansari bætir því við að hann sé sáttur við að þátturinn sé ekki á dagskrá hjá stóru sjónvarpsstöðvunum, því þá væru líkur á því að hann hefði ekki sama frelsi í umfjöllunarefni sínu.

**Gagnrýnendur lofa þættina**

Þættirnir hafa nú þegar fengið mikið lof frá gagnrýnendum. Í The New York Times er talað um bestu gamanþætti ársins. Þeir hafa líka fengið lof í stærstu blöðum og tímaritum Bandaríkjanna, á borð við LA Times, Variety og Washington Post. Í gagnagrunnum, sem unnir eru upp úr gagnrýni fjölmiðla og áhorfenda, gerir Master of None svo sannarlega gott mót. Á Metacritic er þátturinn með 91 stig af 100 mögulegum. Á IMDb eru þættirnir með 8,7 af 10 í einkunn og á Rotten Tomatoes eru þeir með 100% í einkunn frá gagnrýnendum og 92% frá áhorfendum.

kjartanatli@frettabladid.is

Fitulítil og próteinrík…

… og passar með öllu




www.ms.is

# SANNARLEGA SAFARÍK BÓK




Páll Valsson heldur utan um efnið af öryggi og lætur rödd Egils Ólafssonar njóta sín til fulls í fjörugri frásögn sem stundum er sprenghlægileg og stundum grátbrosleg en alltaf umvafin hlýju.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is









Arna Ýr segist hvött áfram úr öllum áttum, og finnur lítið fyrir neikvæðum aðfinnslum. Fylgjendur hennar á Snapchat eru einkar peppandi að hennar sögn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hræddust um að komast ekki í skóna

**Arna Ýr Jónsdóttir** fer fyrir Íslands hönd til Kína í lok mánaðarins þar sem hennar bíða fjölmargar þrautir sem skera úr um hvort sönn feguðardrottning sé á ferðinni. Meðal annars er keppt í þolinmæði.

Guðrún Ansnes
gudrun@frettabladid.is

Þetta snýst allt um ljúfa stelpu sem gefur sig hundrað prósent í þetta, ekki hver er fallegust," segir Arna Ýr Jónsdóttir, ungfrú Ísland, sem nú er að leggja lokahönd á undirbúningsferlið áður en hún heldur utan til Kína, þann 20. nóvember næstkomandi. Mun okkar kona dvelja í Sanya mánaðarlangt, en sjálf keppnin fer ekki fram fyrr en 19. desember. Hefur undirbúningurinn gengið vonum framar, að sögn Örnu. Hún segist svo gott sem klár í slaginn og geta brátt slakað örlítið á, eftir að hafa staðið í stórræðum við að sanka að sér styrkjum, því ekki fær hún greitt fyrir þátttökuna að neinu leyti. „Ég er hvorki í skóla né vinnu núna, ég hef bara verið að einbeita mér að undirbúningi fyrir keppnina og hann hefur verið eins og vinnan mín. Ég hef þó aðeins verið að æfa fimleika, en ég er nýlega byrjuð aftur að stunda þá iðju."

Þegar til Kína er komið munu vökul augu dómnefndar fylgjast með Örnu og þau augu taka sér ekkert frí fram að keppni. „Ég veit að það verður fylgst með okkur endalaust, svo sem hvernig við mætum í morgunmatinn, hvernig við högum okkur og erum tilhafðar. Þá má alveg eiga von á að þeir skoði herbergin okkar til að sjá hversu snyrtilegar við erum. Svolítið eins og þegar maður var á Reykjum í 7. bekk," segir Arna og skellir upp úr. Þá segist hún jafnframt vita að fyrir keppendur verði lögð ýmiss konar þolinmæðispróf. „Við verðum látnar bíða í rosalega löngum röðum, svangar og illa sofnar og með því er verið að skoða hverjar virkilega hafi þetta í sér. Sú sem sigrar í keppninni þarf að vera með allt á tandurhreinu, enda ekkert lítið verk sem bíður hennar sem ungfrú heimur," útskýrir Arna og þvertekur fyrir að tilhugsunin um slíka þolraun stressi hana upp. „Ég er mjög þolinmóð, svo ég er bara spennt."

> **ÞÁ MÁ ALVEG EIGA VON Á AÐ ÞEIR SKOÐI HERBERGIN OKKAR TIL AÐ SJÁ HVERSU SNYRTILEGAR VIÐ ERUM. SVOLÍTIÐ EINS OG ÞEGAR MAÐUR VAR Á REYKJUM Í 7. BEKK,**

En hvað skyldi þá stressa Örnu mest þegar hún leiðir hugann að dvölinni í Kína? „Ég er langstressuðust fyrir að komast ekki í skóna mína, þar sem það er jú mjög heitt í Kína og ég vön kuldanum heima," svarar hún og brosir út í annað. Þá segist hún líklega eiga erfitt með að vera uppstríluð í fjórar vikur, en sjálfri þyki henni best að fara allra sinna ferða í jogginggallanum og óförðuð. „Ég hugsa að ég láti til skarar skríða eftir tvær vikur og verði svolítið náttúruleg. Það virkaði að minnsta kosti hjá Unni Birnu."

Mun Arna halda ein út, en fær svo móður sína og kærasta til sín viku fyrir úrslitakvöldið. „Hann er ægilega ánægður með mig og þetta tækifæri. Svo er hann ekki síður ánægður með að fá að fara til Kína," segir hún og hlær. „Svo kemur bara í ljós hvort ég fari með þeim, eða verði eftir yfir jólin í Kína, þar sem þær sem komast í topp fimm keppa svo viku síðar," skýtur hún að, og virðist hvergi bangin við að eyða jólunum annars staðar en heima. „Það koma nú alltaf aftur jól," segir hún að lokum, af einstakri yfirvegun.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Opið í kvöld til kl. 22

TEKK COMPANY OG HABITAT | Skógarlind 2, Kópavogi | Sími 564 4400 | Opið mán[illegible]daga kl. 12-17 | Vefverslun á www.tekk.is

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Atla Fannars Bjarkasonar



# Besti hrekkur í sögu Facebook

Einu sinni vann ég með manni sem fannst fátt skemmtilegra en að vera sniðugur á Facebook. Hann var líka mjög góður í því og uppskar oftar en ekki fjölda læka sem glöddu hann mikið.

Dag einn komst ég í tölvuna hans og í staðinn fyrir að skrifa vandræðalega stöðu í hans nafni leitaði ég enn dýpra í sótsvarta sál mína. Ég breytti stillingunum á Facebook-síðunni þannig að aðeins hann og enginn annar sá það sem hann skrifaði. Þannig gat hann sett inn einhvern snilldarlegan orðaleik um málefni líðandi stundar, eins og hann var vanur, án þess að uppskera svo mikið sem eitt einasta læk, þar sem hann var sá eini sem sá það.

Þetta var auðvitað hrein og klár martröð fyrir minn mann. Ég fylgdist með honum dæla inn snilldarlegum athugasemdum um menn og málefni, sem hefðu rakað inn tugum læka undir venjulegum kringumstæðum, án þess að uppskera svo mikið sem eina athugasemd. Hann bar harm sinn í hljóði en ég sá sjálfstraustið hægt og rólega að gufa upp. Spurður út í lækþurrkinn reyndi hann að bera sig vel og gerði lítið úr lækþorstanum sem virtist þó beintengdur lífsviljanum, ef eitthvað er að marka þessa ómannúðlegu tilraun mína.

Það leið ekki á löngu þar til samviskan brá fæti fyrir illt innrætið og ég sagði honum frá grikknum. Ég bjóst við ofsafengnum viðbrögðum með tilheyrandi hótunum um makleg málagjöld og kannski fullyrðingum um að ég hefði unnið orrustuna en að stríðið væri rétt að byrja en í staðinn fékk ég ekkert. Akkúrat ekki neitt. Hann starði á skjáinn og kom varla upp orði – eins og hann væri að hugsa um lækin sem hefðu getað orðið en hurfu ofan í grafreitinn sem ég breytti síðunni hans í.

Ég hugsa stundum um þennan hrekk þegar ég renni yfir Facebook ...

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

HJÁLPAÐU okkur að hjálpa ÖÐRUM
Landssöfnun Samhjálpar
TAKTU ÞÁTT!
SÍMI 905-2002 TIL AÐ GEFA 2.000 KR.
SÍMI 905-2004 TIL AÐ GEFA 4.000 KR.
SÍMI 905-2006 TIL AÐ GEFA 6.000 KR.
SÍMI 905-2010 TIL AÐ GEFA 10.000 KR.
Samhjálp
www.samhjalp.is

